




KFUM
KFUK

ÁRSSKÝRSLA 2021-2022

KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI





INNGANGUR FORMANNS



Sólveig Reynisdóttir
formaður KFUM og KFUK

Kæru félagar,

Ánægjulegt er að segja frá því að þrátt fyrir ýmsar áskoranir sem fylgdu árinu 2021 tókst að hrinda mörgum verkefnum innan félagsins í framkvæmd, jafnvel viðburðum sem höfðu beðið þess lengi að líta dagsins ljós vegna aðstæðna í samfélaginu. Má þar meðal annars nefna Samráðsþing sem var haldið í Vatnaskógi, Hátíðar- og inntökufund þar sem þúsundasta félagi KFUM og KFUK var fagnað, árlegan Jólabasar KFUK sem var haldinn í félagshúsinu, sjálfboðaliðum verkefnisins Jól í skókassa tókst að safna jólagjöfum fyrir munaðarlaus börn í Úkraínu og við gátum boðið formönnum og framkvæmdastjórum KFUM og KFUK á Norðurlöndunum til fundar á Íslandi. Vonandi eru nú allar veirutengdar áskoranir að baki og framundan virðast vera bjartir tímar. Skráning í sumarbúðirnar hafa farið vel af stað, merki KFUM og KFUK hefur fengið nýja ásynd í takt við systurfélög okkar á Norðurlöndum og meira að segja er hægt að halda aðalfundi árið 2022 á fyrirætluðum dagsetningum.

Af mörgu í KFUM og KFUK getum við verið stolt af. Félagið er til dæmis leiðandi í starfi og rekstri sumarbúða, við rekum eftirsóttan leikskóla og sem hluti af Æskulýðsvettvangnum hefur félagið markvisst unnið að námskeiðum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða um siðareglur, velferð og verndun barna- og ungmenna. Að ógleymdri elju sjálfboðaliða og starfsfólks sem vinna stöðugt að því að valdefla ungt fólk í æskulýðsstarfinu.

Þegar litið er í þessa ársskýrslu má sjá að fjölmargir sjálfboðaliðar og starfsfólk lagði hönd á plóginn í starfi KFUM og KFUK á Íslandi á starfsárinu. Fyrir hönd stjórnar þakka ég þeim fyrir vel unnin og ómetanleg störf í þágu félagsins.

Sólveig Reynisdóttir
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

EFNISYFIRLIT

1.	Forysta KFUM og KFUK.....	6	9.	Húsnæði og starfsaðstaða.....	30
2.	Æskulýðsstarf.....	12	10.	Starfsstöðvar KFUM og KFUK.....	33
3.	Leiðtogaþjálfun.....	16	11.	Vatnaskógur.....	34
4.	Leikjanámskeið.....	19	12.	Vindáshlíð.....	40
5.	Fjölskyldu- og fullorðinsstarf.....	20	13.	Ölver.....	45
5.1	Ljósbrott, kvennakór KFUK.....	21	14.	Hólavatn.....	50
5.2	Karlakór KFUK.....	21	15.	Kaldársel.....	52
5.3	Basar KFUK.....	22	16.	KFUM og KFUK á Akureyri.....	56
5.4	Jól í skókassa.....	23	17.	KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.....	58
5.5	Sportfélag KFUM og KFUK.....	24	18.	KFUM og KFUK á Suðurnesjum.....	60
6.	Alþjóðastarf.....	25	19.	Vinagarður.....	62
7.	Innlend samstarfsverkefni.....	26	20.	Vinasetrið Kaldárseli.....	66
8.	Útgáfu- og kynningarmál.....	28			

NAFNID SEGIR HVER VIÐ ERUM

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna. Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.



Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.



Félag

Við erum frjáls félaga-samtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.



Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.



Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



MERKIÐ UNDIRSTRIKAR MARKMIÐIÐ

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

123 ÁRA ÆSKULÝÐSFÉLAG

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnum kristindómi.“



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni stofnanda KFUM og KFUK stendur við Lækjargötu í Reykjavík.

FJÖLBREYTNÍ EINKENNIR STARFIÐ

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarþúðir, höldum úti æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vínagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk tveggja félagsheimila á landsbyggðinni.



ÆSKULÝÐSSTARF



VATNASKÓGUR



KALDÁRSEL



LEIÐTOGAÞJÁLFUN



SUMARÞÚÐIR



ÖLVER



LEIKJANÁMSKEIÐ



HÓLAVATN



ALPJÓÐLEG HREYFING



FERMINGARNÁMSKEIÐ



VIÐBURÐIR



SÆLUDAGAR



JÓL Í SKÓKASSA



LEIKSKÓLI



VINDÁSHLÍÐ



FULLORÐINSSTARF



FYRIR FJÖLSKYLDUR

1. FORYSTA KFUM OG KFUK

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



Aðalfundur 2021

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 6. júní 2020 á Holtavegi 28 í Reykjavík, eftir að hafa verið frestað í vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19 veirunnar.

Í upphafi fundar flutti sr. Sigurður Már Hannesson skólaprestur hugvekj. Fundarstjóri var Sveinn Valdimarsson og fundarritarar voru þau Guðrún Nína Petersen og Ingi Bogi Bogason. Í kjörnefnd voru Auður Pálsdóttir og Guðni Már Harðarson. Árgjald var ákveðið óbreytt milli ára, 6.000 kr. en 3000 kr. fyrir 25 ára og yngir, 67 ára og eldri og öryrkja.

Stjórn félagsins

Í stjórninni 2021–2022 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Sólveig Reynisdóttir, formaður
Stefán Jónsson, varaformaður
Arna Ingólfssdóttir, ritari
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, meðstjórnandi
Jón Dalbú Hróbjartsson, meðstjórnandi
Herdís Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Telma Ýr Birgisdóttir, meðstjórnandi
Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, varamaður
Ómar Kristinsson, varamaður

Samkvæmt lögum félagsins skal stjórnin skipuð átta aðalmönnum, fjórum af hvoru kyni og tveimur varamönnum, karli og konu. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár, en varamanna eitt ár. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.



Sólveig Reynisdóttir



Stefán Jónsson



Arna Ingólfssdóttir



Sigurður Erlingsson



Guðlaugur Sveinn
Hrafnsson



Jón Dalbú
Hróbjartsson



Herdís
Gunnarsdóttir



Telma Ýr Birgisdóttir



Sunna Krístrún
Gunnlaugsdóttir



Ómar Kristinsson

Tengiliðir við starfsstöðvar

Stjórnarfolk skipti með sér að vera tengiliðir við einstaka starfsstöðvar félagsins. Hlutverk tengiliðs er að brúa bil á milli stjórnar og viðkomandi starfsstöðvar m.a. með því að halda sambandi við stjórnarfolk viðkomandi starfsstöðvar, mæta á aðalfund hennar og miðla upplýsingum. Tengiliðir voru sem hér segir:

Stefán Jónsson: KFUM og KFUK á Suðurnesjum
Arna Ingólfssdóttir: Vindáshlíð
Sigurður Erlingsson: Leikskólinn Vinagarður
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson: Hólavatn og KFUM og KFUK á Akureyri
Jón Dalbú Hróbjartsson: Ölver
Herdís Gunnarsdóttir: Vatnaskógur
Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir: KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Ómar Kristinsson: Kaldársel

Stjórnarfundir

Þegar þetta er ritað hefur stjórnin haldið 10 stjórnarfundum og er einn á dagskrá fram að aðalfundi.

Fundirnir voru eftirfarandi:

Fundur 222, 8. júní 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 223, 24. ágúst 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 224, 14. september 2021, kl. 17:00. Fjarfundur á Teams.
Fundur 225, 4. október 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 226, 1. nóvember 2021, kl. 17:00. Fjarfundur á Teams.
Fundur 227, 22. nóvember 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 228, 6. desember 2021, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 229, 10. janúar 2022, kl. 17:00. Fjarfundur á Teams.
Fundur 230, 2. febrúar 2022, kl. 17:00. Fjarfundur á Google Meet.
Fundur 231, 1. mars 2022, kl. 17:15 á Holtavegi 28.

Síðasti stjórnarfundur fyrir aðalfund verður þann 28. mars 2022, en aðalfundur hefur verið boðaður laugardaginn 2. apríl. 2022. Fjarfundabúnaður hefur verið nýttur á staðfundum á Holtavegi fyrir stjórnarfolk sem ekki hefur haft tæk á að mæta á staðinn.

Verkefnalisti stjórnarinnar

Á stjórnarfundum nr. 223 lagði stjórnin upp með verkefnalista þar sem tilgreind voru þrettán atriði fyrir starfsárið. Mörg þeirra voru áframhaldandi verkefni frá árinu á undan.

Húsnæðismál: Húsnæðismál félagsins á Holtavegi 28 eru í raun tvö mál.

Annað köllum við „stóra málið“ og snýr að því að byggja þarf nýtt hús í stað gamla hússins sem er ónýtt vegna mygluskemmda. Inn í það fléttast skipulag lóðarinnar, þarfir félagsins í nútíð og framtíð, hugmyndir að nýjum verkefnum, fjármögnun o.fl. Það mál þókast hægt áfram.

Hitt málið snýr að nýrra húsinu sem er í mikilli notkun, viðhaldi þess og umbótum svo það þjóni sem best hlutverki sínu.

Stóra málið: Fyrstu teikningar að nýju húsi þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK liggja nú fyrir. Húsinu er ætlað að koma í stað gamla hússins sem staðið hefur ónýtt vegna myglu síðustu ár. Leitað var til Arkitektastofunnar Úti og inni, en þau eru arkitektar félagsheimilisins á Holtavegi, sem tekið var í notkun 1994. Með teikningunum er verið að opna á hugmyndir svo hægt sé að eiga nánara samtal um þörf og möguleika félagsins, en slík umræða er erfið án þess að hafa eitthvað á blaði.

Þá hefur verið unnið að undirbúningi að samtali við Reykjavíkurborg um breytingar og frekari uppbyggingu á lóð félagsins.



Hátíðar- og inntökufundur var haldinn föstudagskvöldið 8. október 2021. Á fundinum eru nýir félagar boðnir velkomnir í félagið með formlegum og fallegum hætti. Á myndinni eru þeir nýliðar sem höfðu tækifæri að koma á fundinn ásamt Sólveigu Reynisdóttur formanni og Stefáni Jónssyni varaformanni KFUM og KFUK. Á starfsárinu bættust 55 nýir félagar í hóp fullgildra félaga og fór fjöldinn yfir 1.000 manns í fyrsta sinn.

Hitt málið: Í maí 2021 komu tveir handlagirnir menn til starfa hjá félaginu í gegnum átakið „Hefjum störf“. Jóhann Jónsson og Sigurður Stefánsson hafa sinnt fjölbreyttum viðhaldsverkefnum á Holtavegi 28. Húsið var allt málað, pallur var smíðaður fyrir utan kaffiteríu, hellulag var undir sorptunnugerði, salernin voru gerð snyrtilegri, snjóbræðsla var löguð, trommubúr í stóra salnum var gert snyrtilegt, hurðir og lamir í húsinu voru yfirfarnar, hillur settar upp í eldhúsi, gluggar voru þrífir utan sem innan og sorptunnugerði fyrir leikskólann var smíðað. Þá voru miklar lagfæringar gerðar á lóð félagsins, bæði í trjábeðum, hellulögnum og bílastæðum. Hér verða ekki talin upp öll þau smærri verk sem voru unnin eins og t.d. endurnýjaðar læsingar eða stormjárn í gluggum, lagfæring á leikskóla girðingu, blöndunartækjum o.fl. Þegar líða tók á árið var umtalað meðal þeirra sem áttu erindi á Holtaveg 28 hvað húsið og umhverfi þess væri orðið snyrtilegt.

Nýjar útidyrhurðir voru settar upp sumarið 2021. Þær hurðir sem um ræðið eru í aðalinngangi, bakdyrnar við salernin, neyðarútgangur úr aðalsal og aðalinngangur á Uglugarð á neðri hæð hússins. Sjötíu nýir stólar, sem voru kostaðir af Basar KFUK, komu í húsið sumarið 2021, til viðbótar þeim sem félagið fékk sumarið 2020. Félagshúsið býr því að 140 nýjum, þægilegum og stafanlegum stólum.

Leikskólinn Vinagarður: Nokkur stór verkefni snéru að Vinagarði, leikskóla félagsins, á starfsárinu og var stjórn félagsins vakandi að standa við bakið á stjórn leikskólans við úrlausn þeirra.

Nýr leikskólastjóri kom til starfa sumarið 2021 og vildi stjórnin standa við bakið á honum að komst inn í starfið og það félagslega bakland sem skólinn býr að.

Stjórn leikskólans hefur sýnt áhuga að stækka Lambagarð (ungbarnadeild), úr 10 börnum í 15 eða 20 börn. Með því fæst hagkvæmari rekstrareining, auk þess sem aðsókn barna á leikskólann er styrkt með góðri ungbarnadeild. Á starfsárinu fékkstjórnin tilskilin leyfi fyrir viðbyggingu til

suðurs við Lambagarð (áður húsvarðaríbúð í félagsheimilinu), svo hægt sé að bregðast hratt við þegar og ef til stækkunar kemur.

Markaðsstaða leikskólans hefur verið til umræðu vegna aukins framboðs leikskólaplássa í hverfinu.

KFUM og KFUK á Íslandi er eigandi að húsnæðinu sem leikskólinn starfar í. Nýr húsnæðissamningur milli aðila var uppfærður og endurnýjaður á starfsárinu.

Líkt og aðrar starfsstöðvar KFUM og KFUK nýtir leikskólinn þjónustu sameiginlegrar skrifstofu félagsins. Uppfærsla var gerð á greiðslupátttöku starfsstöðva í skrifstofukostnaði (sjá næstu málsgrein).

Rekstur skrifstofu KFUM og KFUK: Félagið starfrækir miðlæga skrifstofu sem sinnir fjármálaþjónustu, bókhaldsþjónustu, bókunum, afgreiðslu, tölvuþjónustu, heimasíðu o.fl. fyrir allar starfsstöðvar innan félagsins. Starfsstöðvar greiða skrifstofukostnað, sem þó er aðeins brot af raunkostnaði þeirrar þjónustu sem þær fá. Félagið nýtir m.a. styrki frá ríki og borg til að niðurgreiða skrifstofukostnað.

Samið var um greiðslupátttöku starfsstöðva árið 2013. Á starfsárinu var málið opnað og samkomulagið endurskoðað.

Stuðningur við stjórnir sumarþúða: Málefni sumarþúða félagsins rata oft inn á borð stjórnar, einkum það sem lýtur að samvinnu sumarþúða, samþættingu starfsins, undirbúningsnámskeiðum o.fl. Sjaldgæft er að innra starf einstaka sumarþúða komi á borð stjórnar, annað en fréttir af gangi mála. Framkvæmdastjóri er í góðum tengslum við forystufólk sumarþúðanna, auk þess sem starfsfólk félagsins hleypur undir bagga og styður sumarþúðastjórnirnar í einstaka verkefnum. Þá eru tengiliðir stjórnarinnar í viku samtali við stjórnir sumarþúðanna.

Framkvæmdastjóri átti fjóra samráðsfundi með formönnum sumarþúða á starfsárinu, þrjá fundi með ráðningarfylltrúum og tvo fundi með kynningarfulltrúum stjórna sumarþúðanna.



Á starfsárinu var húsið málað, pallur var smíðaður fyrir utan kaffiteríu, hellulagt var undir sortunnugerði, salernin voru gerð snyrtilegri, snjóbræðsla var löguð, trommubúr í stóra salnum var gert snyrtilegt, hurðir og lamir í húsinu voru yfirfarnar, hillur settar upp í eldhúsi, gluggar voru þrífir utan sem innan og sortunnugerði fyrir leikskólann var smíðað. Þá voru miklar lagfæringar gerðar á lóð félagsins, bæði í trjábeðum, hellulögnum og bílastæðum.

Á starfsárinu var skerpt á verklagi vegna stærri framkvæmda til að forðast að yfirsýn tapist á verktíma eða þau fari úr böndunum verklega eða fjárhagslega. Nauðsynlegar framkvæmdir í Kaldárseli á starfsárinu á undan urðu dýrari en ráð var gert í fyrstu og kallaði á lánveitingu frá KFUM og KFUK á Íslandi, sem sett var í farveg.

Stefnur í ýmsum málaflokkum: Á síðustu misserum hefur verið tekin saman trúfræðslustefna, velferðarstefna og forvarnarstefna fyrir félagið. Á starfsárinu lá fyrir að vinna starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu félagsins. Haustið 2021 kom erindi frá Jafnréttisstofu um kröfu til félagsins að standa skil á jafnlaunavottun fyrir 1. desember 2021. All mikil vinna fór í verkefnið, áður en í ljós kom að málið var byggt á misskilningi. Lögin sem starfsfólk Jafnréttisstofu vísuðu til ná ekki til félagasamtaka eins og KFUM og KFUK. Jafnlaunavottun kostar bæði mikla fjármuni og tíma, en í þessum efnum skal tekið fram að stjórnendur KFUM og KFUK hafa um langt skeið verið vakandi fyrir kynbundnum launamun og telja að félagið sé nokkuð vel sett þegar kemur að kynjajafnrétti, hvort sem er í launum, hlutfalli kynja í stjórnnum eða öðrum trúnaðarstörfum.

Merki KFUM og KFUK og grafísk ásynd: Nokkur umræða hefur verið innan KFUM og KFUK á Íslandi á síðustu misserum að fylgja systurhreyfingum okkar í Noregi og Danmörku sem uppfærðu merki sitt og alla grafíska ásynd fyrir nokkrum árum. Eftir að málið var kynnt og umræða tekin m.a. á fulltrúaráðsfundi og samráðsþingi, var hafist handa við að innleiða nýtt merki og útlit fyrir KFUM og KFUK á Íslandi nú á vordögum 2022. Birtist það m.a. í þessari skýrslu. Ráðgert er að nýtt útlit taki yfir í áföngum á árinu 2022.

Hátíðar- og inntökufundur: Löng hefð er fyrir því að nýir félagar séu boðnir velkomnir í KFUM og KFUK á sérstökum hátíðarfundum sem haldinn hefur

verið árlega. Fundurinn í ár var með nýju sniði, haldinn föstudagskvöldið 8. október og yfirbragð hans var létt en hátíðlegt. Um 110 manns sóttu fundinn.

Fjöldi fólks kom að fundinum. Sólveig Reynisdóttir formaður og Stefán Jónsson varaformaður buðu nýja félaga velkomna við hátíðlega athöfn. Tinna Rós Steinsdóttir var veislustjóri. Söngvarinn og skemmtikrafturinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson skemmti gestum og Gunnar Hrafn Sveinsson stóð fyrir hópefli og skemmtiatriðum. Guðmundur Karl Einarsson annaðist undirleik og Ísak Jón Einarsson var tækniamaður. Undirbúningsnefnd skipuðu Telma Ýr Birgisdóttir, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Tómas Torfason. Á starfsárinu bættust 55 nýir félagar í hóp fullgildra félaga og fór fjöldinn yfir 1.000 manns í fyrsta sinn.

Samráðsþing: Samráðsþing var haldið í Vatnaskógi 22.-24. október 2021. Stjórn KFUM og KFUK stóð að helginni og bauð til hennar fólki úr stjórnnum starfsstöðva og fastra verkefna innan KFUM og KFUK. Markmið samráðshelgarinnar var að efla og auka tengsl forystufólks KFUM og KFUK, vera vettvangur fyrir stefnumarkandi umræðu, að efla samfélagsþáttinn og hvetja forystufólk.

Dagskrá var fjölbreytt. Ólafur Sverrisson formaður Skógarmanna KFUM kynnti hvernig einföld markmiðasetning hefur leitt til aukinnar skilvirkni innan stjórnar Skógarmanna. Erna Björk Harðardóttir kynnti hvernig stjórn Ölfers heldur utan um starfsmenn og mótar um leið jákvæða starfsmannamenningu. Hugmyndir um nýbyggingu á Holtavegi voru kynntar. Viðræðar voru hugmyndir um samræmt verklag við stærri framkvæmdir. Hugmyndir um nýtt merki og grafíska ásynd félagsins var kynnt. Þá var tekin umræða um aukna samvinnu forystufólks innan KFUM og KFUK.

Sr. Guðni Már Harðarson var með erindi um uppörvun fólks á krefjandi tímum og Pálmar Ragnarsson, fyrirlesari og körfuboltaþjálfari, fjallaði um



Fyrstu teikningar að nýju húsi þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK liggja nú fyrir. Húsinu er ætlað að koma í stað gamla hússins sem staðið hefur ónýtt vegna myglu síðustu ár. Leitað var til Arkitektastofunnar Úti og inni, en þau eru arkitektar félagsheimilisins á Holtavegi, sem tekið var í notkun 1994. Með teikningunum er verið að opna á hugmyndir svo hægt sé að eiga nánara samtal um þörf og möguleika félagsins, en slík umræða er erfið án þess að hafa eitthvað á blaði.



Aðalinngangurinn verður stækkaður og neðri hæð nýbyggingarinnar verður á þeirri sömu hæð (sömu hæð og félagsheimilið). Þar er gert ráð fyrir skrifstofum starfsfólks, auk þess sem opnað er á möguleikann fyrir frístundaheimili.



Á efri hæðinni er horft til fjölbreytts skapandi frístunda- og æskulýðsstarfs og opnað á möguleikann á einhverskonar ungmenngistingu.

mikilvægi jákvæðra samskipta. Glæsileg kvöldvaka var í boði Gunnars Hrafn Sveinssonar og Hreins Pálssonar.

Mikil ánægja var með helgina, 43 fulltrúar frá öllum sumarbúðum, starfsstöðvum og föstum verkefnum mættu, auk 16 barna sem nutu staðarins meðan foreldrnir sátu fundi.

Það hafði verið á verkefnalista stjórnar um nokkurt skeið að endurvekja samráðsþingin sem haldin voru árlega á árunum 2008-2014. Á samráðsþingum bauð stjórn félagsins stjórnun starfsstöðva ásamt starfsfólki félagsins til skrafs og ráðagerða.

Samkomutakmarkanir vegna Covid-19 stóðu í vegi fyrir þessum áformum starfsárið 2020-2021.

Æskulýðsstarfið og leiðtogaþjálfun: Þó svo að framkvæmd æskulýðsstarfsins og leiðtogaþjálfunar sé í höndum starfsfólks félagsins, heyrir það undir ábyrgðarsvið stjórnarinnar. Fyrir starfsárið voru sett þau markmið að fjölga þátttakendum, fjölga deildum um eina til þrjár, að skerpa á samstarfi

við sóknir kirkjunnar, þróa áfram námskeiðin Hetjan ÉG!, þróa framhald af leiðtogaþjálfun, taka þátt í tveimur erlendum verkefnum og endurvekja ungmenningaráð. Ljóst er að Covid-19 hefur haft veruleg áhrif á þessi markmið sem breyttust fljótt á haustmisseri yfir í halda sjó og lágmarka það tjón sem rekja má til veirunnar og samkomutakmarkana vegna hennar.

Æskulýðsstarfinu og leiðtogaþjálfun eru gerð frekari skil í kafla 2 og 3 í þessari skýrslu.

Barnavernd og leyfisveitingar: Í byrjun sumars 2021 var opnað á samtal við Barnaverndarstofu um leyfisveitingar til sumarbúða okkar, fjöldatakmarkanir, lög sem hafa náð til sumarbúða og starfsreglur sem KFUM og KFUK hefur tekið mið af og starfað eftir. Því samtímis og við erum að fylgja ströngum viðmiðum og reglum eru allskonar aðilar að bjóða upp á sumarbúðir fyrir börn, þ.á.m. einstaklingar, ferðaskrifstofur og aðilar innan íþróttahreyfingarinnar. Fæstar þessara sumarbúða eru að fara eftir þeim reglum sem okkur eru settar.

Því er það á verkefnalista stjórnar að eiga samtalið við þar til bær yfirvöld um reglur og viðmið í starfsemi sumarþúða. Málinu var vísað til stjórna sumarþúðanna.

Alþjóðastarf: Vegna Covid-19 veirunnar hefur alþjóðastarf KFUM og KFUK verið í lágmarki á starfsárinu. Alþjóðaráð hefur ekki verið starfandi. Viðburðum og mótum erlendis var annað hvort frestað eða hætt við að halda þau. Sjá nánar kafla 6 um alþjóðastarf.

Aðalfundur 2022: Undirbúningur og framkvæmd næsta aðalfundar er jafnan á verkefnalista stjórnar félagsins. Hann er á dagskrá 2. apríl eins og áður hefur komið fram.

Önnur verkefni:

Skráning félagsins í almannaheillafélagaskrá Ríkisskattstjóra er eitt af þeim verkefnum sem unnið hefur verið að á starfsárinu. Skráningin gefur félaginu skattaávilun samkvæmt lögum um almannaheillafélög (nr. 110/2021) sem alþingi samþykkti sumarið 2021.

Hér er því um að ræða mikið hagsmunamál fyrir félagið.

GLS ráðstefnan var haldin rafrænt 5. nóvember. KFUM og KFUK var með opið hús á Holtavegi og bauð starfsfólki og sjálfbóðaliðum að upplifa og njóta ráðstefnunnar saman. Um 20 manns tóku þátt.

Áhrif Covid-19 á störf stjórnarinnar

Stjórnin þurfti að aðlagast störf sín að Covid-19 og samkomutakmörkunum starfsárið á undan. Því bjó hún að reynslu að halda stjórnarfundum sem



Samráðsþing var haldið í Vatnaskógi 22.-24. október. Markmiðið með helginni var að efla og auka tengsl forystufólks KFUM og KFUK, vera vettvangur fyrir stefnumarkandi umræðu, að efla samfélagsþáttinn og hvetja forystufólk. Á myndinni er Pálmar Ragnarsson með fyrirlestur um jákvæð samskipti.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Hvers virði er KFUM og KFUK mér? Það er góð spurning sem hefur komið upp í hugann annað slagið í mínu lífi. Ég fór fyrst á fundi í YD KFUM á Amtmannsstíg u.þ.b. níu ára. Fór í Vatnaskóg 10 ára í dvalarflokk..... minningar hrúgast upp..... UD í Langagerði, KSS, KSF, Almenn mót í Vatnaskógi, sunnudagssamkomur, biblíuleshópar, leiðtogi í sunndagaskóla á Amtmannsstíg, leiðtogi í YD í Langagerði, leiðtogi í unglingastarfi, í stjórn KFUM, í stjórn Landssambands KFUM og KFUK, þátttakandi og leiðtogi í hinum ýmsu starfsgreinum nánast fram á þennan dag, svo fátt eitt sé upp talið. Kona mín og börn eru öll virkir þátttakendur í starfi félagsins á einhverju sviði. Því má segja að KFUM og KFUK hafi mótað og markað allt okkar líf. Það hlýtur að þýða að félagið hafi gefið okkur eitthvað gott í lífinu. Og hvað er það sem er dýrmætast? Orð Guðs, trúin á Jesú. KFUM og KFUK hefur alið mig upp í trú á Jesú, mótað trú mína og líf mitt. Og fyrir það er ég þakklátur. Vegna þessa er KFUM og KFUK mér svo óendanlega dýrmætt félag. Það er dagleg bæn mín að Guð blessi allt starf félagsins og að það megi nú sem fyrr vekja ungt fólk til trúar á Jesú Krist. Það er sérstaða félagsins. Það gerir félagið dýrmætt.

Björgvin Þórðarson

fjarfundum eða þegar fresta þurfti aðalfundi annað árið í röð. Segja má að áhrif veirunnar á stjórnarstörfin hafi verið frekar lítil í samanburði við árið á undan. Stjórninni tókst t.d. að halda bæði samráðsþing og hátíðar- og inntökufund haustið 2021 eins og hér hefur komið fram.

Með því er ekki dregið úr alvarlegum áhrifum sem Covid-19 og samkomutakmarkanir höfðu á starfið sjálft, einkum vikulegt æskulýðsstarf og viðburði því tengdu. Þá hafði Covid-19 og samkomutakmarkanir mikil áhrif á fullorðinsstarf félagsins, hvort sem um var að ræða vikulega fundi eða kórastarf. Að auki truflaði faraldurinn marga viðburði í sumarþúðum félagsins þó svo að sjálft sumarþúðastarfið hafi sloppið að mestu.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn hér á Íslandi 28.-30. janúar 2022. Markmið fundarins er að skerpa á norrænu samstarfi félaganna og efla tengsl forystufólks KFUM og KFUK á Norðurlöndum. Sólveig Reynisdóttir og Tómas Torfason leiddu fundinn fyrir hönd Íslands. Fulltrúar Svíþjóðar afboðuðu sig vegna Covid-19. Svo fór að fulltrúar KFUK í Finnlandi, formaður dönsku hreyfingarinnar og formaður norsku hreyfingarinnar komust ekki á fundinn vegna Covid-19 og truflana á flugsamgöngum sem rekja mátti til veirunnar. Framkvæmdastjórar frá Noregi, Finnlandi og Danmörku ásamt varaformanni og gjaldkera KFUM í Finnlandi sóttu fundinn.

Heiðursfélagar

Heiðursfélagar KFUM og KFUK eru þau Betsy R. Halldórsson, Emilía Ósk Guðjónsdóttir, Guðmundur Ómar Guðmundsson og Helga K. Friðriksdóttir. Heiðursfélaginn Ásgeir B. Ellertsson lést 22. júní 2021.

Skrifstofa KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi starfrækir miðlæga skrifstofu fyrir félagið á Holtavegi 28. Þar er sinnt fjármálaumsjón og bókhaldi fyrir allar starfsstöðvar og deildir sem kynntar eru í þessari skýrslu. Þaðan er einnig rekið miðlægt skráningarkerfi fyrir sumarbúðir og aðra viðburði félagsins. Fjölbreytt þjónusta við þátttakendur, viðskiptavinum sumarbúða, jafnt sem sjálfboðaliða í starfinu. Þá sinnir skrifstofan margþættum verkefnum sem snúa að kynningarstarfi, þjónustu við starfsstöðvar, viðburðum í félagshúsinu á Holtavegi o.fl.

Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri; Þröstur Árni Gunnarsson, fjármálastjóri; Guðbjörg Pálsdóttir sér um bókhald og rekstur; Elín Hrunn Garðarsdóttir, þjónustufulltrúi; Unnur Ýr Kristinsdóttir, verkefnastjóri æskulýðssviðs; Hjördís Rós Jónsdóttir, verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar í 30% starfi; Sigurður Már Hannesson sinnir margvíslegum verkefnum á móti starfi sínu fyrir KSH; Tinna Hermannsdóttir er í 60% starfi með starfsaðstöðu á Akureyri; þá er Gísli Stefánsson í 15% starfi með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2021 var Sigurður Sigurðsson. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og framkvæmdastjóra Vindáshlíðar, Tinnu Rós Steinsdóttur.

Í maí 2021 lét Klara V. Þórhallsdóttir af störfum eftir 22 ára starf fyrir félagið. Við starfi hennar tók Guðbjörg Pálsdóttir.



Það er mikilvægt að starfsfólk KFUM og KFUK þekki til starfsstöðvanna. Haustið 2021 heimsótti starfsmannateymið KFUM og KFUK á Akureyri og fékk kynningu á starfinu og félagsheimilinu. Jafnframt var farið fram á Hólavátn þar sem starfið var kynnt og aðstæður skoðaðar.



Tómas Torfason



Þröstur Árni Gunnarsson



Guðbjörg Pálsdóttir



Elín Hrunn Garðarsdóttir



Unnur Ýr Kristinsdóttir



Tinna Hermannsdóttir



Hjördís Rós Jónsdóttir



Sigurður Már Hannesson



Gísli Stefánsson



Jóhann Jónsson



Sigurður Stefánsson



Ársæll Aðalbergsson



Tinna Rós Steinsdóttir

Yfirlit yfir starfsmenn í hlutastörfum á æskulýðssviði, sem leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir, auk þess að sinna viðburðastjórnun er að finna í kafla 2.

Skráningarkerfi KFUM og KFUK

Eitt af mikilvægustu verkfærum í starfi félagsins er skráningarkerfi KFUM og KFUK. Við búum við þann munað að hafa sérsníðna hugbúnaðarlausn, mótaða að þörfum KFUM og KFUK. Kerfið var í upphafi smíðað sem skráningarkerfi fyrir sumarbúðirnar, en hefur í seinni tíð einnig nýst í víðara samhengi innan félagsins t.d. fyrir námskeið og bókanir á alla okkar viðburði.

Á hverju ári eru gerðar uppfærslur á kerfinu svo að það þjóni starfsemi okkar betur og geri alla bakvinnslu skilvirkari. Á starfsárinu var kerfið uppfært svo hægt er að skrá börn á biðlista rafrænt á netinu, ef viðkomandi dvalarflokkur eða námskeið er fullbókað. Áður þurfti að bóka á biðlista með því að hafa samband við skrifstofuna.

Pétur Ragnarsson, tölvunarfræðingur, er maðurinn á bak við skráningarkerfið og uppfærslur þess.



Pétur Ragnarsson



2. ÆSKULÝÐSSTARF

UNNUR YR KRISTINSDÓTTIR
TÓK SAMAN



Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða börnum og ungmennum að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fá börn og ungmennti tækifæri til að vaxa í vitund um sjálf sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af æskulýðsfulltrúum ásamt sjálfboðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2021-2022

Veturinn 2021-2022 voru starfræktar 29 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af 70 leiðtogum og ungleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára og hefur hluti af þeirra þjálfun farið fram í deildastarfinu. Starfið í ár varð fyrir áhrifum Covid-19 líkt og í fyrra.

Áhrif Covid-19 á starfið

Covid-19 hafði áhrif á æskulýðsstarf KFUM og KFUK veturinn 2021-2022 og skapaði leiðtogum margar áskoranir í starfi. Ekki þurfti að leggja niður hefðbundið starf um tíma en ákveðið var að hætta við nokkra viðburði og mót vegna samkomutakmarkana. Haustið 2021 voru miðnæturmót unglingadeilda og haustferð yngri deilda felldar niður vegna Covid-19. Þegar dagskrá var skipulögð fyrir deildirnar þurfti að huga að fjarlægð, sóttvörnum o.fl. Aflysa þurfti árlegri jólasamveru leiðtoga og skipulagsfundir voru haldnir í minni sniðum. Hrósa má leiðtogum og öllum sem að æskulýðsstarfinu hafa komið fyrir að ná að halda úti starfi og haft vikulegar samverur í boði fyrir börn og ungmennti.

Æskulýðsmótið Friðrik

Æskulýðsmótið Friðrik verður haldið helgina 25.-27. mars í Vatnaskógi. Mótið sem haldið er fyrir unglinga í 8.-10. bekk hefur verið órjúfanlegur hluti af deildarstarfi KFUM og KFUK undanfarin ár. Að þessu sinni taka deildir frá Höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Grindavík, Hveragerði, Akranesi, Vestmannaeyjum og Akureyri þátt. Um 130 þátttakendur eru væntanlegir á mótið ásamt 20 leiðtogum. Mótstjórn í ár voru leiðtogar í unglingadeildum. Margt er í boði um helgina líkt og fyrr ár, má þar nefna frjálstan tíma, heita potta, kvöldvökur, orrusta og draughús, svo fátt eitt sé nefnt.

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2021–2022 í samanburði við fimm starfsár þar á undan.

	2016-2017		2017-2018		2018-2019		2019-2020		2020-2021		2021-2022	
	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.
Vínadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104	5	137	4	73	3	78	3	107
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457	13	326	12	351	11	291	14	285
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452	11	307	10	380	13	369	13	340
Samtals	28	966	30	1013	29	770	26	804	27	738	30	732

Vetrarferð KFUM og KFUK og KSH

Stefnt er á vetraríþróttarferð norður til Akureyrar helgina 11.–13.mars 2022. Þar verður í boði ektu vetrarferð fyrir um 40 ungmenntu. Þar sem boðið er uppá fjölbreytt dagskrá t.d. skíðaferð í Hlíðarfjall, diskóskautar, kvöldvaka að hætti KSS, sundferð og bíókósý. Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson munu fylgja hópnum norður.

Vorferð yngri deilda

Vorferð yngri deilda verður farin 22.–23. apríl 2022. Öllum börnum í yngri deildum KFUM og KFUK var boðið að taka þátt í ferð í Vatnaskóg þar sem gíst var eina nótt. Um 100 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Kópavogi, Hveragerði, Grindavík og Reykjanesbæ taka þátt í þessari ferð. Dagskráin er ekki af verri endanum en m.a. er boðið upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunfund og ævintýratleik. Mótsstjórar eru leiðtogar úr yngri deildum, þeir sjá einnig um undirbúning ásamt fleiri leiðtogum í starfi KFUM og KFUK.

Hetjan ÉG!

Hetjan ÉG! er vandað námskeið á vegum KFUM og KFUK fyrir börn á aldrinum 10–12 ára. Markmið námskeiðsins, sem haldið hefur verið í Lindakirkju og Digraneskirkju, er að efla félagsfærni, styrkja sjálfsmynd þeirra og efla þau í samvinnu. Auk þess er farið með markvissum hætti í hópefli, félagsfærni leiki, sjálfsmyndarvinnu, finna og efla styrkleika og þora að takast á við áskoranir. Áhersla er lögð á að tengja fræðsluna við sögur úr Biblíunni. Hver samvera hefst á því að eiga saman borðsamfélag þar sem boðið er upp á hressingu áður en farið er í leiki, fræðslu og skapandi verkefni. Hetjan ÉG! samanstendur af 6 samverum auk sólhrings ferðalagi í Vatnaskóg.

Námskeiðið hefur verið í mótun undanfarna vetur. Núna er bæði komin reynsla og mikill mótunarvinna hefur átt sér stað hjá þverfaglegum hóp sem er með mikla reynsla úr barna- og æskulýðsstarfi. Þessi hópur hefur útbúið leiðbeinendabók fyrir námskeiðið og einnig er hafin vinna við vinnubók fyrir þátttakendur og foreldra þeirra. Markmiðið er á næstu árum að bjóða upp á Hetjan ÉG! á fleiri stöðum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Suðurnesjum.



Fundur í unglingadeildinni í Lindakirkju.



Brjóstsykursgerð í æskulýðsstarfinu á Akranesi.



Piparkökubakstur í yngri deildinni í KFUM og KFUK í Hveragerðiskirkju.

YFIRLIT YFIR FÉLAGSDEILDIR, FORSTÖÐUFÓLK OG LEIÐTOGA, VETURINN 2021–2022

Veturinn 2021–2022 starfrækti KFUM og KFUK 30 æskulýðs-deildir á 16 stöðum. Deildirnar eru aldursskiptar, vinadeildir (VD) eru fyrir 6-9 ára börn, yngri deildir (YD) eru fyrir 9–12 ára börn og unglingadeildir (UD) eru fyrir 13–15 ára. Víðast hvar er starfað í nánú samstarfi við kirkjurnar á viðkomandi stað.

UD KFUM og KFUK Akranes

Forstöðukonur: Eva Sigurðardóttir og Birta Líf Hannesdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 15

VD KFUM og K á Akureyri

Forstöðufólk: Tinna Hermannsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.
Leiðtogar: Ásta María Viðarsdóttir, Hafdís Ósk, Katrín Lind Sverrisdóttir og Guðrún Karen Sigurðardóttir.
Þátttakendur á haustönn: 70
Þátttakendur á vorönn: 30

YD Leikjafjör KFUM og KFUK á Akureyri

Forstöðufólk: Tinna Hermannsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.
Leiðtogar: Ásta María Viðarsdóttir Hafdís Ósk, Katrín Lind Sverrisdóttir og Guðrún Karen Sigurðardóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Akureyri í samstarfi við Glerárkirkju

Forstöðukonur: Tinna Hermannsdardóttir og Eydís Ösp Eyþórsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 12

UD KFUM og KFUK Ásbrú

Forstöðufólk: Pétur Bjarni Sigurðarson og Ásdís Birta Magnúsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 12

YD KFUM og KFUK Ástjarnarkirkju

Forstöðukonur: Kristrún Guðmundsdóttir og Kristel Þórðardóttir.
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 8

UD KFUM og KFUK

Ástjarnarkirkju

Forstöðufólk: Siguður Már Hannesson og Ída Hlín Steinþórsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 22
Þátttakendur á vorönn: 19

VD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstöðumaður: Pétur Ragnhildarson
Leiðtogar: Marta Karítas Ingibjartsdóttir og Dórothea Gerður Örnólfsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 17
Þátttakendur á vorönn: 17

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstöðumaður: Pétur Ragnhildarson
Leiðtogar: Ásthildur Ben Davíðsdóttir og Bjarkey Rúna Jóhannsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 14
Þátttakendur á vorönn: 14

YD KFUM og KFUK í Grindavík

Forstöðufólk: Pétur Bjarni Sigurðarson og Ásdís Birta Magnúsdóttir
Leiðtogar: Emilía Þóra Ólafsdóttir, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Tinna Björg Hammer Gunnarsdóttir, Eva Tirone, Helena Valdimarsdóttir, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson, Lilja Rós Jónsdóttir, Sigurjón Samved Adhikari og Thelma Rut Þorvaldsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 18

UD KFUM og KFUK í

Grindavíkurkirkju

Forstöðufólk: Pétur Bjarni Sigurðarson og Ásdís Birta Magnúsdóttir.
Leiðtogar: Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson, Flóvent Rígved Adhikari, Helgi Guðmundsson og Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson
Þátttakendur á haustönn: 52
Þátttakendur á vorönn: 37

UD KFUM og KFUK í

Guðríðarkirkju

Forstöðumaður: Pétur Ragnhildarson
Leiðtogar: Nanna Birgisdóttir Hafberg og Kristrún Lilja Gísladóttir.
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 30

YD KFUM og KFUK Grenivík

Forstöðumaður: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 12

YD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju

Forstöðufólk: Davíð Guðmundsson og Kristrún Lilja Gísladóttir.
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 12

UD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju

Forstöðufólk: Davíð Guðmundsson og Kristrún Lilja Gísladóttir.
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Forstöðukonur: Brynja Eiríksdóttir og Marín Hrunn Jónsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Forstöðumaður: Sveinn Valdimarsson
Leiðtogar: Kristinn Arnar Ólafsson og Ólafur Jónsson.
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Forstöðukonur: Sigurbjört Kristjánsdóttir og Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Leiðtogar: Helga Sveinsdóttir, Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Helga Vigdís Thordersen, Ragnheiður Jónsdóttir, Ragna María Gísladóttir og Hildigunnur Kristjánsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 89
Þátttakendur á vorönn: 89

UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Forstöðukonur: Marín Jónsdóttir og Ásdís Birta Magnúsdóttir
Leiðtogar: Margrét Linda Kristjánsdóttir (haust), Helga Sveinsdóttir, Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Helga Vigdís Thordersen og Bergrún Dögg Bjarnadóttir.
Þátttakendur á haustönn: 55
Þátttakendur á vorönn: 55

YD KFUM og KFUK Hvalsveili

Forstöðukonur: Elín Elfa Magnúsdóttir og Kristjana Laufey Adolfsdóttir
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK í Hvalsveili

Forstöðufólk: Kristjana Laufey Adolfsdóttir, Elín Elfa Magnúsdóttir og Práinn Andreuson(haust).
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM og KFUK Húsavík (NÝTT)

Forstöðufólk: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Tinna Hermannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM og KFUK í Innri Njarðvíkurkirkju

Forstöðumenn: Heiðar Örn Hönnuson og Pétur Bjarni Sigurðsson.
Leiðtogar: Pórey Una Arnlaugsdóttir og Natallía Dögg Brynjarsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM í Lindakirkju

Forstöðumenn: Róbert Ingi Þorsteinsson, Davíð Guðmundsson og Háldán Helgi Matthíasson.
Leiðtogar: Ragnar Már Halldórsson og Tómas Andri Gíslason
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10



Andrea Rut Halldórsdóttir



Ásdís Birta Magnúsdóttir



Birta Líf Hannesdóttir



Brynja Eiríksdóttir



Davíð Guðmundsson

YD KFUK í Lindakirkju

Forstöðufólk: Andrea Rut Halldórsdóttir og Sigríður Sól Ársælsdóttir.
Leiðtogi: Karen Sól Hilmarsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 25



Elín Elfa Magnúsdóttir



Eva Sigurðardóttir



Eydís Ösp Eyþórsdóttir



Gísli Stefánsson



Guðlaugur Sveinn Hrafnsson

UD KFUM og KFUK í Lindakirkju (UD Kaktus)

Forstöðumenn: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson.
Leiðtogi: Ísak Jón Einarsson
Þátttakendur á haustönn: 40
Þátttakendur á vorönn: 25



Gunnar Hrafn Sveinsson



Háldán Helgi Matthíasson



Heiðar Hönnuson



Hreinn Pálsson



Ída Hlín Steinþórsdóttir

UD KFUM og KFUK Neskirkju

Forstöðufólk: Kristrún Guðmundsdóttir, Háldán Helgi Matthíasson og Jakob Freyr Einarsson
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 10



Jakob Freyr Einarsson



Kristel Þórðardóttir



Kristjana Laufey Adolfsdóttir



Kristrún Lilja Gísladóttir



Kristrún Guðmundsdóttir

YD KFUM og KFUK Svalbarðseyri

Forstöðumaður: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 15



Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir



Marín Hrund Jónsdóttir



Pétur Bjarni Sigurðsson



Pétur Ragnhildarson



Róbert Ingi Þorsteinsson

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Forstöðumaður: Gísli Stefánsson.
Leiðtogar: Arnar Gauti Egilsson, Snorri Rúnarsson, Sandra Dögg Valgeirsdóttir og Trausti Mar Sigurðarson



Sigríður Sól Ársælsdóttir



Sigurbjört Kristjánsdóttir



Sigurður Már Hannesson



Sveinn Valdimarsson



Tinna Hermannsdóttir

Æskulýðsfundir:

Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 20

Opin hús:

Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 10



3. LEIÐTOGAÞJÁLFUN

HJÓRDÍS RÓS JÓNSDÓTTIR
TÓK SAMAN



KFUM og KFUK vill vera vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf og þjálfun til þess að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Sem kristilegt félag leitast KFUM og KFUK við að efla trúarþroska ungs fólks og sjálfsmynd þeirra sem kristinna einstaklinga. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK tekur einnig mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess, sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnun og nefndum. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Uppbygging leiðtogaþjálfunarinnar

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgihald. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf og almenna félagsmálafræðslu. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að

KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Samstarf um leiðtogaþjálfun 2021-2022

KFUM og KFUK er hluti af Æskulýðsvettvanginum (ÆV) ásamt Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Tilgangur ÆV er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar og fræðslu- og forvarnarmála. Má hér sérstaklega nefna Verndum þau námskeiðið og netnámskeiðið í barnavernd.

KFUM og KFUK leggur mikla áherslu á að allt starfsfólk og sjálfbóðaliðar félagsins sækja Verndum þau námskeiðið annað hvert ár. Á námskeiðinu er farið yfir helstu einkenni og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu í garð barna og hvernig bregðast skuli við ef grunur um slíkt kemur upp í starfinu. Boðið var upp á Verndum þau námskeiðið á Holtavegi 28, 14. apríl. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar geta einnig tekið netnámskeiðið í barnavernd en þar þurfa þátttakendur að standast próf til að fá viðurkenningu á því að hafa lokið námskeiðinu.

Á starfsárinu hóf Æskulýðsvettvangurinn vinnu við að útbúa námskeið um samskipti og siðareglur fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða sem vinna með börnum og ungmennum. Eitt slíkt námskeið var haldið á starfsárinu, þann 24. nóvember í húsi UMFÍ, fyrir starfsfólk og stjórnarmeðlimi aðildafélaga ÆV. Stefnt er á að bjóða upp á fleiri námskeið á komandi starfsári.

NÁMSKEIÐ Á STARFSÁRINU 2021-2022

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegrar þjálfunar milli leiðtogahelganna. Fræðslan á leiðtogahelgunum byggir á grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK, K=kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalýðræði og M/K=mannrækt. Hjördís Rós Jónsdóttir heldur utan um leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára en hún hefur fengið til liðs við sig frábæra einstaklinga sem styðja við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á starfsárinu átti að halda tvær leiðtogahelgar en fresta þurfti seinni leiðtogahelginni út af kórónuveirunni og fjölda smita í landinu.

Vindáshlíð 15.-17. október 2021, leiðtogaþjálfun I og III

Fyrri leiðtogahelgin var haldin í Vindáshlíð dagana 15.-17. október. Haldin voru tvö aðskilin námskeið, leiðtogaþjálfun I (fyrir þá sem voru að stíga sín fyrstu skref í þjálfuninni) og leiðtogaþjálfun III (fyrir lengra komna). Takmarka þurfti fjölda þátttakenda vegna ástandsins í þjóðfélaginu og því var ákveðið að bjóða ekki upp á leiðtogaþjálfun X að þessu sinni. Helgin tókst vel til og var hún stúf full af fjölbreyttri og faglegri fræðslu og skemmtun. Meðal annars var farið yfir siðareglur félagsins, framkomu, leiki, félagsmálafræðslu, kristlega fræðslu og markmiðasetningu. Um fræðsluna sáu þau: Ásgeir Pétursson, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Jón Ómar Gunnarsson, Sigurður Már Hannesson og Unnur Ýr Kristinsdóttir. Þátttakendur á námskeiðunum tveimur voru 34 og komu víðs vegar að af landinu.



Niðursokkin í námskeiði á leiðtogahelgi í Vindáshlíð 15.-17. október 2021.



Hópefli er hluti af leiðtogaþjálfun.

Vatnaskógur 28.-30. janúar 2022, leiðtogaþjálfun II, IV og X - Frestað

Halda átti síðari leiðtogahelgina í Vatnaskógi dagana 28.-30. janúar en vegna samkomutakmarkana og fjölda smita í samfélaginu þurfti að fresta henni. Helgin hefur ekki verið haldin þegar þessi skýrsla er rituð en stefnt er á að halda hana síðar í vor.

Leiðtogaráðstefnan GLS

Leiðtogaráðstefnan Global leadership summit (GLS) var rafræn að þessu sinni. Föstudaginn 5. nóvember var boðið upp á flotta og uppbyggjandi fyrirlestra sem þátttakendur gátu horft á heima hjá sér. Starfsfólk KFUM og KFUK þátt í ráðstefnunni auk nokkurra stjórnarmeðlima úr stjórnum félagsins. Í ár bauðst þátttakendum einnig að koma í hús KFUM og KFUK við Holtaveg 28 og horfa saman á fyrirlestrana á stóru tjaldi.

Samráðsfundur forstöðufólks

Tvisvar á ári er boðið upp á samráðsfund fyrir forstöðufólk deildarstarfsins. Á samráðsfundunum getur forstöðufólk rætt saman um starfið, nýjar hugmyndir, viðburði sem fram undan eru og farið yfir stöðu mála og þá viðburði sem þegar hafa verið haldnir. Fyrri fundurinn (sem halda átti í september) var þó með öðru sniði en undanfarin ár vegna samkomutakmarkana en í staðinn voru haldnir minni fundir/samtöl með hverri deild fyrir sig. Síðari fundurinn var haldinn 24. nóvember í húsi KFUM og KFUK við Holtavegi 28. Unnur Ýr Kristinsdóttir, verkefnastjóri æskulýðsstarfsins, sá um skipulag og stýrði fundunum. Fundir sem þessir eru afar mikilvægir fyrir starf félagsins og dýrmætt að hafa vettvang þar sem starfsfólk og forstöðufólk getur rætt saman og skipulagt deildastarfið.



Félagsmálafræðsla á leiðtogahelginni í Vindáshlíð.



Farið yfir praktísku málin með Unni Ýr verkefnastjóra æskulýðsstarfsins.



Boðið var upp á sérstök námskeið fyrir sumarstarfsfólk á Akureyri m.a. var aðstoðarforingjum boðið á námskeið ásamt foreldrum þar sem fjallað var um sumarþúðir KFUM og KFUK, hlutverk starfsfólks og þá sérstaklega hlutverk aðstoðarforingja, farið var yfir siðareglur og fleiri praktísk mál.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Samleið mín með KFUM og KFUK er orðin löng og telst nú í áratugum. Á öllum skeiðum lífs míns hefur félagið verið til staðar fyrir mig á einhvern hátt, alltaf til að gefa mér og stundum hef ég getað gefið til baka. Alltaf hefur félagið verið mér mikils virði, þegar ég var í vinadeild í Langagerði, þegar ég fór með pabba í Vatnaskóg á Almennu mótin, þegar ég vann í Kaldárseli, þegar ég var leiðtogi í barnastarfinu, þegar ég kom með börnin mín í sunnudagssamfélag fyrir alla fjölskylduna, þegar ég var í stjórn, þegar við fjölskyldan tókum þátt í Jól í skókassa, þegar við vinkonurnar förum í kvennaflokk í Vindáshlíð og svona gæti ég haldið áfram. Nú hef ég kynnst Aðaldeild KFUM og KFUK (AD). Það er leyndardómur sem margir eiga eftir að uppgötva. Samfélag með alls konar fólki sem hefur átt mislanga samleið með félaginu, nærandi og góðar samverustundir sem ég hvet alla fullorðna til að kynna sér.

Að taka þátt í Basar KFUK er mér ómissandi þáttur á hverju hausti. Ég náði að smygla mér inn í basarhóp með algerum snillingum, sjálf er ég gersamlega laus við að vera handavinnugúru en get gengið frá endum og drukkið kaffið og nýt þess að fá að vera með. Svo eru uppsetning Basarsins og sjálfur Basardagurinn hápunkturinn og markar upphaf aðventunnar á svo dásamlegan hátt.

Fyrir utan allt þetta finnst mér dýrmætast af öllu að taka þátt í því að til séu staðir þar sem börn og unglingar fá að heyra fagnaðaðaririndið um Jesú og læra að tala við hann. Það hefur aldrei verið mikilvægara en núna.

Megi KFUM og KFUK halda áfram að vera ljós í myrkri og boða kærleika Krists um ókomin ár.

Arna Ingólfssdóttir

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu sem undirbýr starfsfólk sumarsins á sem bestan hátt fyrir þau verkefni sem þeirra bíða. Í ár var boðið upp á fjölda námskeiða sem starfsfólk gat sótt en það var Hjördís Rós Jónsdóttir sem hafði yfirumsjón með námskeiðunum en ásamt henni sáu fleiri gestir um fræðsluna. Hér má sjá lista yfir námskeiðin sem haldin voru:

- 8. apríl **Leikjafjör** – Gunnar Hrafn Sveinsson og Unnur Ýr Kristinsdóttir (Aflýst vegna Covid-19)
- 14. apríl **Verndum þau** – Öluf Ásta Farestveit (Haldið á Zoom)
- 21. apríl Gráa svæðið-samskipti og siðareglur – Hjördís Rós Jónsdóttir (Haldið á Holtavegi 28)
- 28. apríl **Kvíði barna og heimþrá** – Bóas Valdórsson (Haldið á Holtavegi 28 og streymt)
- 19. maí **Vertu áhrifavaldur** – Arnar Ragnarsson og Pétur Ragnhildarson (Haldið á Holtavegi 28 og streymt)
- 25. maí Samtal forstöðufólks – Tómas Torfason stýrði (Haldið á Holtavegi 28 og streymt)
- 25. maí **Samtal matráða og innkaupastjóra** – Tómas Torfason stýrði (Haldið á Holtavegi 28)
- 25. maí **Námskeið fyrir aðstoðarforingja** (með foreldrum) – Hjördís Rós Jónsdóttir (Haldið á Holtavegi 28)
- 27. maí **Foringi í fyrsta skipti** – Hjördís Rós Jónsdóttir (Haldið á Holtavegi 28)
- 31. maí **Skynðihjálpi og brunavarnir** – Jón Pétursson og Kristján Sigfússon (Haldið á Holtavegi 28)
- 2. júní **Jákvæður agi** – Ásgeir Pétursson (Haldið á Holtavegi 28 og streymt)

Námskeið á Akureyri

Í ár var boðið upp á sérstök námskeið fyrir sumarstarfsfólk sem búsett er á Akureyri. Fimmtudaginn 6. maí var boðið upp á námskeið fyrir foringja og forstöðufólk þar sem farið var yfir nýju leikjabók KFUM og KFUK, siðareglur og tilkynningarskyldu og almennt um starf foringja í sumarbúðum. Föstudaginn 7. maí var aðstoðarforingjum boðið á námskeið ásamt foreldrum þar sem fjallað var um sumarbúðir KFUM og KFUK, hlutverk starfsfólks og þá sérstaklega hlutverk aðstoðarforingja, farið var yfir siðareglur og fleiri praktísk mál. Aðstoðarforingjarnir fengu líka kynningu á leikjabók KFUM og KFUK. Hjördís Rós Jónsdóttir og Unnur Ýr Kristinsdóttir sáu um námskeiðin en Tinna Hermannsdóttir, svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á Norðurlandi, var þeim innan handar. Tinna var einnig mikilvægur tengiliður við starfsfólkið fyrir norðan sem var duglegt að sækja námskeiðin sem haldin voru fyrir sunnan með aðstoð tækninnar.



Grillað í Kjarnaskógi. Myndin er frá leikjanámskeiði KFUM og KFUK á Akureyri.

4. LEIKJANÁMSKEIÐ

UNNUR YR KRISTINSDÓTTIR
TÓK SAMAN



Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á þremur stöðum sumarið 2021, í Lindakirkju í Kópavogi og í Félagsheimli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ Hátúni 36 og í Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri Sunnuhlíð 12. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin sex leikjanámskeið sumarið 2021. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingu og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásum um morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið upp á grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir aðstoðarleitogar, sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 140 talsins og var biðlisti á öll námskeiðin.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2021: Ástráður Sigurðsson, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Jakob

Freyr Einarsson, Eva Sigurðardóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir, Hálfán Helgi Matthíasson, Ragna Halldórssen, Karen Sól Hilmarisdóttir, Tómas Gíslason, Eva Lind Hákonardóttir og Katrín Hekla Magnúsdóttir.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2021. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Starfsfólkið hélt úti virkri fésbókarsíðu á netinu svo foreldrar gátu fylgst vel með hvað var að gerast. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 39.

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2021: Marín Hrund Jónsdóttir, Ásdís Birta Magnúsdóttir, Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Sara Margrét Jóhannsdóttir, Lilja Þorsteinsdóttir og Ragna María Gísladóttir.

Á Akureyri voru haldin tvö leikjanámskeið sumarið 2021. Námskeiðin voru frá kl. 9–15 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin sem haldin voru í fyrsta skipti í sumar og mörg barnanna voru að koma báðar vikurnar. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 42.

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK á Akureyri sumarið 2021: Tinna Hermannsdóttir, Bára Dís Sigmarsdóttir ásamt ungleiðtogum.



5. FJÖLSKYLDU- OG FULLORÐINSSTARF

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldurshópa. Í hópi félagsmanna á aldrinum 18 til 99 ára er einnig að finna bakland félagsins, þá sem leggja sitt af mörkum sem sjálfbóðaliðar t.d. í stjórnum og nefndum eða vinnuflokkum sumarbúðanna.

Fjölbreytt félagsstarf

Í KFUM og KFUK er rými fyrir fjölbreytt félagsstarf og verkefni. Fimm verkefni njóta sérstöðu þar sem yfir þau eru til samþykktir og fyrir þeim fer formleg stjórn. Verkefnin eru: Karlakór KFUM, Kvinnakórinn Ljósbrót, Basar KFUK, Jól í skókassa og Sportfélag KFUM og KFUK. Skýrslur þessara verkefna er að finna í kaflum 5.1 til 5.5.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en á öðrum árstímum er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna t.d. feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, karla- og kvennaflokkar. Að ógleymdri fjölskylduhátíðinni Sæludagar í Vatnaskógi. All mikið rask varð á dagskrá fyrir þennan hóp í sumarbúðunum á starfsárinu og þurfti t.d. að afboða Sæludaga í Vatnaskógi vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19. Nánar er komið inn á það í skýrslum sumarbúðanna í köflum 11 til 15.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg.

Áralöng hefð er fyrir þessum fundum. Fundir hjá AD KFUM hafa verið á fimmtudagskvöldum, en fundir AD KFUK hafa síðari ár verið með kaffihúsabrag á þriðjudögum kl. 17. Umfjöllunarefni fundanna er fjölbreytt og margt spennandi sem ber á góma. Á fundina koma ýmsir gestir með erindi um áhugaverð málafni.

Haustið 2021 var gerð könnun meðal félagsfólks um þá hugmynd að sameina AD starf karla og kvenna. Niðurstaðan var að hafa fundina sameiginlega á fimmtudögum kl. 20:00, en að bjóða upp á aðskilda fundi í fyrstu viku hvers mánaðar.

Samkomutakmarkanir vegna Covid-19 hafi haft umtalsverð áhrif á fullorðinsstarf félagsins í vetur og raskað dagskrá.

Arna Ingólfssdóttir og Dagný Bjarnhéðinsdóttir hafa verið í forsvari fyrir Aðaldeild KFUK. Gunnar J. Gunnarsson, Ólafur Sverrisson, Árni Sigurðsson, Ingi Bogi Bogason og Ársæll Aðalbergsson hafa farið fyrir Aðaldeild KFUM.

Sjálfbært starf

Til fjölda ára hefur verið lögð á það áhersla að fullorðinsstarf KFUM og KFUK sé sjálfbært fjárhagslega. Þannig er starfið borið uppi af sjálfbóðaliðum án þess að starfsfólk félagsins komi að því sérstaklega.

Pakklæti til sjálfbóðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfbóðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.



Æfingabúðir Ljósbrots í Vindáshlíð þann 8. maí 2021.

5.1 KVENNAKÓRINN LJÓSBROT

Kvennakórinn Ljósbrots er að ljúka sjötta starfsári sínu. Um er að ræða metnaðarfullan og skemmtilegan kór tuttugu kvenna sem hittist einu sinni í viku í höfuðstöðvum KFUM og KFUK við Holtaveg. Kóræfingar eru á miðvikudögum frá klukkan sautján til átján fimmtán. Keith Reed, stjórnandi Ljósbrots, hefur samið og útsett tónlist sérstaklega fyrir kórinn. Þetta er ómetanlegt. Í kórstarfinu er rík áhersla á raddbeitingu og túlkun. Öllum æfingum lýkur með bænastund. Nýjasta tækni er nýtt í þágu starfsins. Nótum er miðlað rafrænt í gegnum vefsíðuna www.Vocals.is sem þjónar nú hlutverki nótnasafns. Kórfélagar Ljósbrots geta því notað spjaldtölvur og hagræðið er mikið. Fésbókarhópur kórsins og vefsíða KFUM og KFUK er einnig notuð til upplýsingamiðlunar um starfseminna.

Aðalfundur Ljósbrots var haldinn á Holtaveginum þann 23. mars síðastliðinn. Ákveðið var að í stjórn kórsins sætu; Herdís Ástráðsdóttir formaður, Ásta Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og Alfa Kristjánsdóttir ritari. Á fundinum var kláruð samþykkt um kórstarfið.



Frá tónleikum í Lindakirkju.

Heimsfaraldurinn hefur kennt okkur að þáttaka í félagsstarfi eins og Ljósbroti eru ekki sjálfsögð lífsgæði. Fella þurfti niður æfingar vegna fjölda smita í samfélaginu og fresta tónleikum vegna samkomutakmarkana. Kórinn fór í kórbúðir í Vindáshlíð á vordögum 2021 og æfði fyrir fjáröflunartónleika til styrktar Hlíðinni. Ljósbrots söng á viðburði í Lindakirkju til heiðurs Bjarna Eyjólfssyni um haustið. Í desember var síðan notaleg jólasamvera á heimili Herdísar Ástráðsdóttur formanns. Þegar þetta er ritað stefnir allt í að æfingar hefjist eftir væntanlega breytingu reglna um samkomutakmarkanir. Við erum auðmjúkar og þakklátar fyrir heilsu, krafta, samkennd og samhljóm. Tónlistin er Guðsgjöf. Lokaorð þessara lína frá Ljósbroti eru einkunnarorð kórsins „Drottinn er styrkur minn og lofsöngur.“ (Sálmur 118.14).

ALFA KRISTJÁNSDÓTTIR
RITARI LJÓSBROTS



5.2 KARLAKÓR KFUM

Vor: Starfsárið 2021 einkenndist eins og árið 2020 af mismunandi takmörkunum stjórnvalda á samkomum manna og fjarlægðarmörkum, þegar þær voru leyfðar. Þá var grímuskyldu beitt í vaxandi mæli. Starf Karla-kórs KFUM bar þessa merki frá árbyrjun til -loka. Það voru æfingar í janúar og febrúar 2021, þar sem tvær raddir mættu í einu. Síðan var það í febrúar sem allir máttu mæta. Það stóð ekki lengi þar sem æfingar féllu niður í byrjun mars vegna Kófsins.

Kórinn söng við útför tengdaföður Hans Gíslasonar 27. maí 2021. Þar stjórnaði Laufey Geirlaugsdóttir kórnum í síðasta sinn. Í marsmánuði var það ljóst að Laufey myndi hætta kórstjórninni eftir vorönn að loknum rúmum áratug með sprotann. Ásta Haraldsdóttir féllst á að taka við stjórn kórsins frá og með hausti og Bjarni Gunnarsson tók að sér meðleik. Ljóst var, að Ásta þyrfti leyfi í upphafi annar og var Helga Vilborg Sigurjónsdóttir fús til að taka við hennar hlut þann tíma.

Haust: Áfram urðu truflanir á starfi kórsins vegna faraldursins. Ráðgert var að syngja bæði á herrakvöldi Skógarmanna í nóvember og aðventukvöldi félaganna í desember. Þáttaka kórsins féll niður í herrakvöldinu og ekkert varð af aðventukvöldinu af sömu ástæðum.

Kórinn söng á minningartónleikum um Bjarna Eyjólfsson sem voru 24. október í Lindakirkju. Síðan var sungið á Kristniboðsdaginn 14. nóvember á samkomu í Kristkirkjunni. Helga Vilborg æfði kórinn fyrri hluta haustannar og stjórnaði á þessum tveim viðburðum.

Ásta kom inn í jóladagskrána sem við byrjuðum að æfa 18. október. Vinnubúðir voru á Holtavegi 27. nóvember. Það tókst að halda jólatónleika kórsins 15. desember rétt fyrir hertar sóttvarnareglur. Fiðlusveit frá Suzukitónlistarskólanum í Reykjaík tók þátt í þeim með okkur og var framlag þeirra vel þegið, bæði af kórfélögum en ekki síður áheyrendum. Aðsókn var góð miðað við aðstæður í þjóðfélaginu.

SIGURBJÖRN SVEINSSON
RITARI KARLAKÓRS KFUM



5.3 BASAR KFUK

Basar KFUK er árlegur jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Markmiðið er fjáröflun fyrir ýmis verkefni félagsins KFUM og KFUK. Hlutverk stjórnarinnar er að koma að undirbúningi og framkvæmd Basar KFUK. Í stjórn verkefnisins eru þær Bára Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Berglind Ósk Einarsdóttir ritari og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir meðstjórnandi. Stór hópur af sjálfboðaliðum koma saman og starfa með stjórn í undirbúningsnefnd. Í þeim hópi þetta árið voru Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Áslaug Dóra Einarsdóttir, María Sighvatsdóttir, Anna Magnúsdóttir og Guðrún Nína Petersen. Arna Maríudóttir Auðunsdóttir sá um að hanna auglýsingar fyrir samfélagsmiðla.

Annað árið í röð hefur heimsfaraldurinn haft áhrif á Basar KFUK. Stjórn og basarnefnd komu saman og ræddu möguleikana fyrir basarhald 2021 út frá gildandi takmörkunum. Ákveðið var að gera allt sem hægt væri að gera til að halda basarinn í félagshúsinu á Holtavegi 28. Þetta er einstakur viðburður og frábært framtak félagsfólks í fjáröflun fyrir hin ýmsu verkefni félagsins. Gætt var að fjölda gesta sem hleypt var inn til að hægt væri að framfylgja tveggja metra reglunni og gildandi fjöldatakmörkun. Gestir basarsins og sjálfboðaliðar voru beðnir um að hafa grímur og allir hvattir til

Stjórn Basars KFUK:



Bára
Sigurjónsdóttir



Anna Elísa
Gunnarsdóttir



Hildur Þóra
Hallbjörnsdóttir



Berglind Ósk
Einarsdóttir

að nýta sér sprittbrúsa sem finna mátti á næstum öllum borðum. Því miður var ekki hægt að bjóða upp á kaffisölu þetta árið.

Basarinn var haldinn laugardaginn 27. nóvember 2021. Mikið magn af glæsilegu handverki fyllti öll borðin í stóra salnum. Stóra jólatréð í salnum hefur aldrei verið glæsilegra með öllu handunna jólasakrautinu sem prýddi það. Skemmtileg viðbót við úrvalið þetta árið var meðal annars silfurhálsmen í anda víravirkis, handsmiðaður skemill með ásaumaðri hestamynd úr endurnýttum ullarpúða, kertastjakar úr nýja hrauninu úr Geldingadölum, fjölnota jólapakkapokar úr endurunnum jóladúkum, heklud englaljós, smákökulest úr spilastokk og svo margt fleira. Það er



Mikið magn af glæsilegu handverki fyllti öll borðin í stóra salnum á Holtavegi 28.



Áður en basarinn er opnaður koma basar-konur saman ásamt formanni KFUM og KFUK og farið er með bæn fyrir deginum.



svo mikil sköpunargleði í þessum flotta hópi sjálfboðaliða og á hverju ári má sjá og versla einstök vönduð handverk á þessum elsta basar landsins. Kaffiterían var full af girnilegum kökum, tertum, brauðmeti og sultum sem hægt var að versla og fara með heim í jólakaffið. Tilvalið að kíkja á basarinn fyrri part laugardags, styrkja félagið með því að versla heimager góðgæti og bjóða svo fjölskyldu og vinum heim í jólakaffi seinnipartinn. Margir litu við og sýndu stuðning í verki og kaupum. Fjáröflunin fór fram úr væntingum stjórnar miðað við aðstæður. Ákveðið var að láta ágóða basarsins renna til sumarbúðanna á Hólavatni. Hollvinir Hólavats eru með söfnunaráttak í gangi til að betrubæta aðstöðuna fyrir krakkana, það á til að mynda að setja leslampa fyrir ofan hvert rúm.

Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim sem lögðu Basar KFUK lið á árinu. Basarinn er ekkert án sjálfboðaliðanna og vinna allra er ómetanleg. Það gleður okkur mikið að sjá þær gullfallegu vörur sem voru gefnar á basarinn í ár og úrvalið af heimager góðgætinu var glæsilegt. Þakkar fara einnig til allra sem komu og versluðu og gáfu peningagjafir.

Basarstjórn þakkar fyrir árið og við erum fullar tilhlokkunar fyrir næsta basar.

BERGLIND ÓSK EINARSDÓTTIR
RITARI BASARS KFUK





5.4 JÓL Í SKÓKASSA

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðastarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglunga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður

Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri

Hreinn Pálsson, ritari

Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi

Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi



Björgvin
Þórðarson



Mjöll
Þórarinsdóttir



Hreinn Pálsson



Ingibjörg
Valgeirsdóttir



Áslaug
Björgvinsdóttir

Verkefni stjórnarinnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna og móttaka á jólagjöfum. Önnur verkefni stjórnarinnar voru m.a. samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Söfnun gjafa

Árið 2021 var átjándi árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í félags húsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 13. nóvember, 2021 en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsfólk KFUM og KFUK gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum.

Alls söfnuðust 4.018 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 15. nóvember 2021 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í Úkraínu. Eimskip styrkti flutninginn innanlands og sá um sjóflutninginn.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Sjálfbóðaliðar okkar í Úkraínu sáu alfarið um dreifingu gjafanna sem lauk um miðjan janúar 2022. Aðstæður voru allt aðrar en vanalega. Samkomutakmarkanir voru í gildi þar eins og annars staðar og oft á tíðum voru það foreldrar eða forráðamenn sem tóku við gjöfunum fyrir hönd barnanna þar sem mörg hver eru mikið veik og ekki tekin nein áhætta á að þau myndu smitast.

Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í verkefninu sem sjálfbóðaliðar og til þeirra sem gáfu gjafir. Það er ykkur að þakka að fjöldi barna sem býr við erfiðar aðstæður fær jólagjöf sem gleður.



5.5 SPORTFÉLAG KFUM OG KFUK

Sportfélag KFUM og KFUK er opinn útivistarhópur sem stendur einkum fyrir göngu- og hjólaferðum. Hópurinn auglýsir ferðir sínar fyrst og fremst í facebook-hópnum „Sportfélag KFUM og KFUK“ sem 457 manns tilheyrir nú þegar þetta er skrifað. Er þar bæði að finna virkt félagsfólk í KFUM og KFUK og einnig annað útivistarhugafólk með lítil eða engin fyrri tengsl við félögin. En í flóru göngu- og ferðafélaga hefur Sportfélagið þá sérstöðu að þar er gjarnan farið með stutta bæn eða ritningarorð, auk þess sem ferðir eru stöku sínum fléttaðar við einhverja kristilega viðburði.

Í stjórn Sportfélagsins sitja Pétur Ásgeirsson formaður, Anna Magnúsdóttir ritari og Guðrún Nína Petersen gjaldkeri. Guðrún Nína gekk til liðs við stjórnina á árinu 2021 í stað Hallgerðar Bjarnhéðinsdóttur. Hallgerði eru þökkud góð störf í þágu Sportfélagsins.

Á árinu 2021 var haldinn einn formlegur stjórnarfundur en annars eru málin yfirleitt rædd í gönguferðum og með skilaboðasendingum. Ekki var skipulögð dagskrá mjög langt fram í tímann, meðal annars vegna óvissu varðandi sóttvarnareglur.

Flesta viðburði Sportfélagsins skipuleggja stjórnarmeðlimir en aðrir hafa líka staðið fyrir viðburðum og eru hvattir til þess.

Árið 2021 stóð Sportfélagið fyrir 12 gönguferðum og fjórum hjólaferðum, eða samtals 16 viðburðum. Að meðaltali mættu 10 manns á hvern viðburð. Margar ferðanna voru innan höfuðborgarsvæðisins eða í jaðri þess. Til dæmis var ein fjölmennasta ganga ársins á Búrfell og Búrfellsgjá í Heiðmörk. Utan höfuðborgarsvæðisins var meðal annars gengið á fjöll nálægt Þingvallavatni og að gosstöðvunum á Reykjaneskaga.

Í janúar 2021 var reglum um 10 manna samkomubann fylgt og sett þak á fjölda þátttakenda í fyrstu göngu ársins. En síðar var staðfest þegar næstu bylgjur gengu yfir, að göngu- og hjólahópar sem þessi heyrir undir ípróttir fullorðinna utandyra og hafa rýmri heimildir í reglugerðum en almennar

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Meira virði en ársgjaldið! Ég gæti eiginlega ekki hugsað mér að eiga ekki bakland í þessu félagi sem hefur mótað mig frá unga aldri, frá því áður en ég man eftir mér. Vinnuflokkar með pabba í Vatnaskógi, strákurinn í Vindáshlíð sem var þar af því mamma vann í eldhúsinu, KFUM fundir í Langagerði og toppurinn í tilverunni; flokkar í Vatnaskógi. Í þessu umhverfi vann ég með mér eldri mönnum, tók þátt í alvöru verkefnum og þannig lærðust mörg handtök sem síðan hafa nýst vel. Ípróttir, leikir, sögur, söngvar og það mikilvægasta; Guðs orð sem sagði mér: „Hey, þú mátt alltaf leita til Guðs og hann hefur trú á þér!“

Já, félagið hefur verið mér bakland. Ekki bara í félögum og vinum heldur líka í kristinni kenningu. Þar hefur verið stundaður kristindómur sem þolir umræðu, þorir að breytast og nálgast samtímann. Þess vegna á þetta 123 ára gamla félag ennþá erindi og mér finnst frábært að fá að taka þátt í því að koma því erindi til skila.

Guði sé lof fyrir KFUM og KFUK!

Ólafur Sverrisson



fjöldatakmörkanir segja til um hverju sinni. Áhrif Covid19 eru því minni á starfsemi Sportfélagsins en á funda- og samkomuhald innandyra. Mörgum þykir endurnærandi fyrir líkama, sál og anda að stunda útivist með Sportfélagi KFUM og KFUK, ekki síst á tímum Covid19. Öllum er velkomið að ganga til liðs við hópinn og skella sér með í næstu ferð.

ANNA MAGNÚSDÓTTIR
RITARI SPORTFÉLAGS KFUM OG KFUK





Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn hér á Íslandi 28.–30. janúar 2022

6. ALPJÓÐASTARF

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



Alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Eitt af markmiðum KFUM og KFUK á Íslandi er að félagsfólk upplifi að það sé hluti af stærri heild á alþjóðavísu. Unnið er í samstarfi við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Áhrif Covid-19

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á þennan þátt starfsins. Engar utanlandsferðir voru farnar á starfsárinu og nauðsynlegir fundir voru afgreiddir sem fjarfundir. Fyrir lá að hópur ungmenna færi á Norrænt mót í Lapplandi sumarið 2020, en því móti var frestað til 2022.

Alþjóðaráð

Alþjóðaráð hefur það hlutverk að efla starf KFUM og KFUK á Íslandi á alþjóðavettvangi. Það hefur umsjón með erlendum samskiptum, fylgist með erlendum viðburðum og verkefnum sem í boði eru og velur þátttakendur á þá viðburði. Einnig leitast ráðið við að kynna félagið á erlendra grundu. Eitt af markmiðum ráðsins er að gefa ungu fólki tækifæri til þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og öðlast þannig alþjóðlega sýn og reynslu sem nýtist þeim m.a. í verkefnum fyrir KFUM og KFUK. Alþjóðaráðið stuðlar einnig að aukinni vitund félлага að félagið er hluti af alþjóðlegri hreyfingu. Ráðið var endurvakið á starfsárinu 2020–2021. Í því sitja Tinna Rós Steinsdóttir formaður, Eydis Ösp Eypórsdóttir, Hákon Arnar Jónsson og Marta Karítas Ingibjartsdóttir. Í ljósi aðstæðna á starfsárinu var alþjóðastarf í lágmarki og störf ráðsins mótuð af því.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn hér á Íslandi 28.–30. janúar 2022. Markmið fundarins er að skerpa á norrænu samstarfi félaganna og efla tengsl forystufólks KFUM og KFUK á Norðurlöndum. Sólveig Reynisdóttir og Tómas Torfason leiddu fundinn fyrir hönd Íslands. Fulltrúar Svíþjóðar afboðuðu sig vegna Covid-19. Svo fór að fulltrúar KFUK í Finnlandi, formaður dönsku hreyfingarinnar og formaður norsku hreyfingarinnar komust ekki á fundinn vegna Covid-19 og truflana á flugsamgöngum sem rekja mátti til veirunnar. Framkvæmdastjórar frá Noregi, Finnlandi og Danmörku ásamt varaformanni og gjaldkera KFUM í Finnlandi sóttu fundinn.

Norrænt mót

Til stóð að halda norrænt unglingamót í Finnlandi sumarið 2020. Því var fyrst frestað til 2021 og þá aftur um ár. Á vordögum 2022 ákvað undirbúningsnefnd mótsins að hætta við mótið. Eydis Ösp Eypórsdóttir og Gísli Stefánsson voru fulltrúar Íslands í undirbúningsnefnd.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu, samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi. Samskipti og fundir á starfsárinu voru allir rafrænir vegna Covid-19 veirunnar.

Samstarf við KFUM í Úkraínu

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við KFUM í Úkraínu í gegnum verkefnið Jól í skókassa. Er komið nánar inn á það samstarf í kafla 5.4 sem er tileinkaður verkefninu.

7. INNLEND SAMSTARFSVERKEFNI

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV á starfsárinu skipuðu þau Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Tómas Torfason (KFUM og KFUK), Kristinn Ólafsson (BÍS) Gunnar Stefánsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg). Sema Erla Serdar er framkvæmdastýra ÆV, starfshlutfall hennar er 80%.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.

Siðareglur

ÆV stendur að útgáfu siðareglna um samskipti og siðareglna um rekstur og ábyrgð. Eru þær hugsaðar fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða í starfi aðildarfélaganna. Tilgangurinn með þeim er að gefa starfsfólki og sjálfbóðaliðum ramma til þess að starfa innan, bæði til þess að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna sem taka þátt í starfinu og til þess að tryggja fagmennsku í starfi.

Fagræði í meðferð eineltis- og kynferðisbrota

Aðildarfélög ÆV eiga með sér samráð þegar kemur að þessum viðkvæma málaflokki og hefur starfrækt sérstakt fagræði til að koma að slíkum málum. Hægt er að tilkynna einelti, kynferðisbrot og aðra óæskilega hegðun til

fagræðsins. Starfsemi fagræðsins hefur aukist til muna á síðustu árum. Áfram verður unnið að þróun þessa samstarfs til að tryggja góð og fagleg viðbrögð og vinnubrögð þegar upp kemur grunur um einelti eða kynferðisbrot á vettvangi aðildarfélaganna.

Viðbragðsáætlun

ÆV hefur gefið út viðbragðsáætlun þar sem finna má verkferla sem félög skulu fylgja þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starf félags. Dæmi um atvik sem viðbragðsáætlunin nær til eru agabrot, ávana- og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát.

Sakavottorð

KFUM og KFUK (ásamt öðrum aðildarfélögum ÆV) gera þá kröfu til sjálfbóðaliða og starfsmanna sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi félagsins að þeir skili inn samþykkt fyrir því að félagið sækir upplýsingar um þau úr sakaskrá. Eitt af verkefnum ÆV er að þrýsta á stjórnvöld að gera þetta ferli einfaldara og skilvirkara, t.d. með rafrænum lausnum.

Verndum þau

Á árinu 2020 voru auglýst og skipulögð fjögur Verndum þau námskeið víðs vegar um landið. Ólöf Ásta Farestveit, annar höfundur bókarinnar Verndum þau, var kennari á námskeiðunum. Verndum þau fjallar um hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. KFUM og KFUK krefst þess að þeir sem starfa með börnum og unglingum á vettvangi félagsins hafi sótt námskeiðin nýlega.



Sema Erla Serdar
framkvæmdastýra
Æskulýðs-
vettvangsins



Í desember 2021 komu fulltrúar þeirra hreyfinga sem mynda Æskulýðsvettvanginn saman í tilefni þess að 15 ár eru liðin frá því fyrsta Verndum þau -námskeiðið var haldið.

Netnámskeið í barnavernd

ÆV stendur fyrir netnámskeiði um barnavernd. Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfbóðaliða sem starfa með börnum og ungmennum í íþrótt- og æskulýðsstarfi á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmennti geta orðið fyrir; að sporna gegn því að slíkt komi upp í íþrótt- og æskulýðsstarfi og gera börnum og ungmennum auðveldara með að fá úrlausn slíkra mála þegar þau koma upp. Nánari upplýsingar: <https://namskeid.aev.is/>

Vitundarvakning um neteinelti

Æskulýðsveitvangurinn stendur fyrir vitundarvakningu um neteinelti á meðal barna og ungmennta. Hluti af vitundarvakningunni er fræðslu- og forvarnarsíða þar sem meðal annars er fjallað um mismunandi birtingarmyndir neteineltis, einkenni og alvarlegar afleiðingar þess, vísbendingar um að neteinelti eigi sér stað hjá börnum og ungmennum og hvert hægt sé að leita eftir aðstoð ef einstaklingur er þolandi, gerandi eða áhorfandi að neteinelti, foreldri/forsjáradili eða starfmaður með börnum og ungmennum. Nánari upplýsingar: <https://aev.is/neteinelti>

Ekkert hatur

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð er eitt af verkefnum ÆV. Verkefninu er ætlað vekja athygli á hatursorðræðu á netinu, vekja ungt fólk til umhugsunar og hvetja það til að bregðast við. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn einelti, hatursorðræðu, kynþáttafordómum og mismunun á netinu.



KFUM og KFUK á Íslandi á náðið og gott samstarf Kristilegu skólahreyfinguna. Meðal sameiginlegra verkefna er árleg vetrarferð til Akureyrar.

Kristileg skólahreyfing

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náðið samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Starf KSS miðast við aldurshópinn 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarf skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík.

Starfsmaður KSH er Sigurður Már Hannesson, í 50% stöðu. Sigurður starfar á móti í 50% starfi fyrir KFUM og KFUK, er með starfsaðstöðu á Holtavegi 28 og er hluti af starfsmannateymi KFUM og KFUK.

KSS heldur vikulega fundi sína í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi og árleg mót sín í sumarbúðum félagsins. Þá fléttast starf KSS saman við leiðtogaþjálfun félagsins. Árleg skíðaferð ungmennta til Akureyrar (sjá kafla 2) er í samstarfi við KSS og KSF.



KFUM og KFUK á Íslandi á náðið og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Hveragerðiskirkja er ein þeirra kirkna sem félagið hefur átt farsælt samstarf við til marga ára.

Þjóðkirkjan

Þræðir KFUM og KFUK og Þjóðkirkjunnar liggja víða saman. KFUM og KFUK á Íslandi á náðið og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjanámskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Félagið á mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeið í Vatnaskógi (sjá kafla 11).

Friðrikskapella á Hlíðarenda

Friðrikskapella er eitt af samstarfsverkefnum, en hún er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Í Friðrikskapellu eru haldnar hádegissamverur á mánudögum yfir vetrarmánuðina. Þá er kapellan nýtt fyrir margskonar viðburði og samverur. Fulltrúi KFUM og KFUK í kapellunefnd er Kári Geirlaugsson.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Stjórnvöld hafa ríkan skilning á mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir íslenskt samfélag. KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við Mennta- og barnamálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Örvar Ólafsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og Mennta- og barnamálaráðuneytisins af hálfu ríkisins.

Sveitarfélög

KFUM og KFUK á einnig samstarf við fjölmörg sveitarfélög.

Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þá er einnig þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og Reykjanesbæjar og milli félagsins á Akureyri og Akureyrarbæjar. Hafnarfjarðarbær styður starfið í Kaldáseli auk þess semfélagið í góðu samstarfi við Kópavogsbæ vegna leikjanámskeiða í Lindakirkju.

8. ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL



Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfboðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Þannig hefur vægi samfélagsmiðla aukist ár frá ári. Hluti af kynningarstarfinu er unnið í þágu félagsins í heild, meðan annað snýr að afmörkuðum starfsstöðvum, verkefnum eða viðburðum. Stundum snýr kynningarstarf að afmörkuðum hópi, t.d. félagsfólki KFUM og KFUK, en í öðrum tilfellum er horft til breiðari hóps almennings, t.d. þegar við gefum út kynningarblað fyrir sumarbúðirnar.


Nýtt merki og grafísk ásjúnd

Á starfsárinu var ákveðið að fylgja systur hreyfingum okkar í Noregi og Danmörku sem uppfærðu merki sitt og alla grafíska ásjúnd fyrir nokkrum árum. Innleiðing á nýju merki og útliti hófst á vordögum 2022 og birtist m.a. í þessi skýrslu. Ráðgert er að nýtt útlit taki yfir í áföngum á árinu 2022.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom tvisvar sinnum út á starfsárinu, í júní 2021 og í byrjun janúar 2022. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, margra kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa og fleiri velunnara. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Í fréttabréfinu er bæði greint frá liðnum viðburðum í starfi félagsins og dagskrá komandi vikna og mánaða kynnt.



Ársskýrsla

Vorið 2021 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2020–2021 og var send til félagsfólks ásamt boðsbréfi fyrir aðalfund KFUM og KFUK. Stuttu síðar var hún einnig send til velunnara félagsins. Rafrænar útgáfur af ársskýrslum síðustu ára má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af níu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Rúmlega 80 einstaklingar koma að því að skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið. Halldór Elías Guðmundsson heldur utan um vefsvæði félagsins.



Halldór Elías Guðmundsson

Facebook síða KFUM og KFUK á Íslandi birtir fréttir og myndir úr starfinu ásamt því að kynna sérstaka viðburði. Síðan hefur rúmlega 2480 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrundar Garðarsdóttur. Félagið notar Facebook mikið sem verkfæri í samskiptum við félagsfólk og almenning. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins. KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðilinn Instagram til að kynna starfið, undir heitinu kfumkfukiceland. Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>.

KFUM og KFUK notar vef YouTube til að birta myndbönd, vef issuu.com til birtingar á útgefnu prentefni og myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-land/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfjor.is sem er sérsníðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.



Efnisveita, námsvefur og handbók sumarþúða

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni www.kfum.is/efnisveita. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag. Handbók sumarþúðanna er á slóðinni www.kfum.is/handbok. Þar má nálgast fjölbreyttar upplýsingar og fræðslu fyrir starfsfólk sumarþúðanna. Loks má nefna Námunu - námsvef KFUM og KFUK (<https://kfum.is/naman>), en þar má nálgast vefnámskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi félagsins.

Netfréttir

Í hverri viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elín Hrund Garðarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2022 var gefið út 16 síðna sumarþúðablað þar sem sumarþúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2022 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 75.000 eintökum og dreift á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Auk þess var blaðið sent í pósti til skráðra þátttakenda í starfinu sem búsett eru í öðrum pósthúsum. Rafræna útgáfu af blaðinu er hægt að nálgast á issuu.com/kfumkfuk. Samhliða útgáfu- og umfangsmikillar dreifingar sumarþúðablaðsins var auglýst aðeins í sjónvarpi og útvarpi, þó með minna móti en undanfarin ár.

Þunginn af útgáfu sumarþúðablaðsins 2021 og samræmda sumarþúðaauglýsinga var í höndum Ársæls Aðalbergssonar og Tómasar Torfasonar. Auk þeirra komu Guðni Már Harðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson, Tinna Rós Steinsdóttir, Aníta Eir Einarsdóttir og Elísa Sif Hermannsdóttir að útgáfunni.

Í framhaldi af samræmdum sumarþúðakynningum hafa stjórnir einstaka sumarþúða haldið úti kynningarstarfi fyrir sínar sumarþúðir, einkum á samfélagsmiðlum, en einnig með útgáfu einfaldra bæklinga, markpósti eða beinna auglýsinga í sínu nærumhverfi.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég kynntist KFUM og KFUK fyrst þegar ég var í dvalarflokki í Vatnaskógi 2014.

Ég hef kynnst mörgum af mínum bestu vinum í gegnum starf KFUM og KFUK, hvort sem það hefur verið í gegnum deildastarfið, Sr. Friðriksmótið, leiðtogaþjálfun eða sumarþúðir. Ég hef lært gríðarlega mikið á lífið og trúinna með því að taka þátt í starfi félagsins. Trúin var aldrei stór hluti af lífi mínu og ég spáði ekkert í henni, þó svo hafi mætti í sunnudagaskólann og farið með kvöldbænir þegar ég var ungur. Það var í Vatnaskógi, 17. júní 2014 þegar að ég var í dvalarflokki sem það opnuðust einhverjar dyr fyrir mér. Ég sat á kvöldvöku í gamla skála og sr. Sigurður Grétar var að flytja hugvekju að ég fann einhverja hlýju umvefja mig. Þá áttaði ég mig á því hvað trúin er mikilvæg og hvað það er mikilvægt að geta rætt við Guð. Ég hef síðustu ár fengið meiri ábyrgð innan KFUM og KFUK. Ég er leiðtogi í Vestmannaeyjum, var foringi í Vatnaskógi síðastliðið sumar, var í mótsnefnd Sr. Friðriksmótsins 2021 og sit í stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Fyrir það er ég þakklátur. Ég ætla að enda þetta með hluta úr bæn Gísla frá Uppsölum sem mér finnst lýsa upplifun minni í Vatnaskógi:

Gef mér kærleik, gef mér trú
gef mér skilning hér og nú.

Ljúfi drottinn lýstu mér
svo lífsins veg ég finni.
Láttu ætíð ljós frá þér
ljóma í sálu minni.

Snorri Rúnarsson

9. HÚSNÆÐI OG STARFSAÐSTAÐA



KFUM og KFUK á og rekur húseignir á átta stöðum á landinu, á 27 fastanúmerum sem telja samtals 8.572 fm. Auk þess að bera ábyrgð á umfangsmiklu, vönduðu og faglegu æskulýðsstarfi, ber stjórn félagsins og stjórnir starfsstöðvanna því einnig ábyrgð á fjölda húseigna, viðhaldi þeirra og starfsaðstöðu þeim tengdum.

Hér er ekki um að ræða eignir í hefðbundinni merkingu, þ.e. húsinn ganga ekki kaupum og sölum, heldur er um að ræða starfsaðstöðu og umgjörð um það fjölbreytta starf sem kynnt er í þessari skýrslu.

Við tölum um að bera ábyrgð á, því húseignir og starfsaðstaða kalla á umsjón, rekstur og reglubundið viðhald. Sum húsanna eru líka komin til ára sinna og þurfa viðhald og endurbætur í samræmi við aldur. Þá þarf stöðugt að horfa til framþróunar, en með hverju árinu gerir samfélagið auknar kröfur til öryggis, gæða og aðgengis þegar kemur að húsnæði sem nýtt er fyrir æskulýðsstarf. Samhliða reglubundnu viðhaldi þarf því einnig að uppfæra eldra húsnæði og bæta starfsaðstöðu í samræmi við ný viðmið.

Til viðbótar við húsnæði mældu í fermetrum, bera stjórnir sumarbúðanna fimm einnig ábyrgð á vatnsveitum og frárennslismálum, á útisvæðum, t.d. leiksvæðum, íþróttastöðum, vegum, plönnum o.s.frv. Húsnæði og starfsaðstaða, viðhald og umbætur er því jafnan veigamikill liður í stjórnarstörfum og jafnframt stór útgjaldaliður. Á árinu 2021 var heildarkostnaður vegna viðhalds húseigna og lóða samtals 63,5 milljónir kr.

Með því að taka þetta saman hér, í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins, viljum við undirstrika þá miklu vinnu og þá fjármuni sem fara í að viðhalda og bæta starfsaðstöðuna í starfi KFUM og KFUK. Verkefni sem oftast en ekki hvílir á herðum sjálfboðaliða.



27 húseignir
samts 8.572 fm.



63,5 milljónir kr.

fóru í viðhald og endurbætur fasteigna
árið 2021.

1.997 fm.

Reykjavík - aðalstöðvar



Fjöldi húsa: 3

Aðrar viðhaldsskyldur: Tveggja hektara lóð á Holtavegi 28, bílapan og leikskólaleiksvæði.

2.722 fm.

Vatnaskógur



Fjöldi húsa: 7

Aðrar viðhaldsskyldur: Íþróttasvæði, bryggja og bátar, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

668 fm.

Kaldársel



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, fráveita o.fl.


1.460 fm.

Vindáshlíð



Fjöldi húsa: 5

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.



Skógarmenn KFUM hafa látið teikna nýjan matskál í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968 og þar er kominn tími á umfangsmikið viðhald og endurnýjun. Kostnaður við að endurbætur er það mikill að það borgar sig frekar að byggja nýjan skála. Áætlaður kostnaður er nálægt 200 milljónum króna. Stöðugt er verið að uppfæra teikningar og myndirnar því birtar með þeim fyrirvara.

Virðisaukaskattur þyngir róðurinn

Hvorki uppbygging né viðhald húsnæðis KFUM og KFUK er undarþegið virðisaukaskatti. 24% virðisaukaskattur leggst á allar slíkar framkvæmdir, bæði vinnu og efniskaup. Þyngir það vissulega róðurinn við fjármögnun slíkra verkefna. Raunkostnaður við viðhald og endurbætur á árinu 2020 var 40,6 milljónir, en svo bættust 10 milljónir ofan á í formi skatts sem rennur í ríkissjóð.

Með nýjum lögu um almannaeignafélög, hefur KFUM og KFUK tækifæri á 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum, vegna bygginga eða endurbóta húsnæðis. Ætla má að það jafngildi u.þ.b. 30% alls þess

virðisaukaskatts sem greiddur er vegna viðhalds og endurbóta húsnæðis.

Því ber vissulega að fagna og þakka fyrir, en betur má ef duga skal.

KFUM og KFUK hvetur því stjórnvöld til að skapa glugga í lögum um virðisaukaskatt, svo félagsamtök sem eiga og reka húsnæði sem eingöngu er nýtt undir æskulýðsstarf, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis.

Við teljum ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsaðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðafélögum og eingöngu nýtt undir starf sömu félaga, til fjáröflunar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er.

231 fm.

Akureyri - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Þátttaka í sameign í Sunnuhlíð 12.

897 fm.

Ölver



Fjöldi húsa: 6

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, hitaveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

160 fm.

Reykjanesbær - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Lóð og bílastæði.

436 fm.

Hólavatn



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, bryggja og bátageymsla, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

Áskoranir framundan

Fyrir utan allt hefðbundið viðhald sem sinna þarf á hverju ári, biðja margar umfangsmiklar áskoranir í húsnæðismálum innan félagsins. Hér nefndum við nokkrar þeirra:

Ónýtt hús á Holtavegi 28

Eldra húsið í höfuðstöðvum félagsins á Holtavegi 28 er ónýtt vegna myglu. Húsið er 540 fm og fasteigamat þess er 235.100.000 kr. Ljóst er að rífa þarf húsið, en það verður gert þegar búið er að ákveða hvað verði byggt í staðinn og hvernig það skuli fjármagnað. Fyrstu teikningar að nýju húsi hafa verið gerðar, svo hægt sé að taka umræðu um þarfir félagsins og þá möguleika sem eru í stöðunni. Sjá nánar á bls. 9.

Nýr matskáli í Vatnaskógi

Skógarmenn KFUM hafa látið teikna nýjan matskála í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968. Kostnaður við nauðsynlegt viðhald og endurnýjun, einkum á eldhúsi, er það mikill að það borgar sig frekar að byggja nýjan skála. Áætlaður kostnaður við að byggja nýjan matskála er nálægt 200 milljónum króna. Sjá myndir á bls. 31.

Nýtt starfsmannahús í Vindáshlíð

Fellin, hús fyrir starfsfólk Vindáshlíðar var rífið haustið 2020, enda ónýtt vegna raka og myglu. Það er mikil þörf fyrir slíkt starfsmannahús, svo ljóst er að úr því þarf að bæta á næstu árum í Vindáshlíð.

Umfangsmiklar endurbætur í Kaldárseli

Í Kaldárseli voru gerðar umfangsmiklar og nauðsynlegar endurbætur veturinn 2020-2021 sem kosta Kaldársel um 40 milljónir kr.

Leikskáli í Ölveri

Forystufólk sumarbúðanna í Ölveri hefur um langt skeið dreymt um að bæta starfsaðstöðuna með leikskála eða litlu íþróttahúsi. Í mörg ár hefur staðið yfir söfnun í Sveinusjóð til að fjármagna þann draum. Umtalsverðar og dýrar viðhaldsaðgerðir á svefnskálanum Ölveri á síðustu áum hafa hinsvegar tafið það verkefni.

Aðgengismál í félagsheimilinu á Akureyri

Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12. Þar er engin lyfta sem takmarkar aðgengi að félagsheimilinu. Sú áskorun hvílir á stjórn félagsins á Akureyri að bæta úr því.

Endurnýja gafl á húsi í Vindáshlíð

Miklar skemmdir eru á gaflinum gamla skálanum í Vindáshlíð, á hliðinni sem snýr í suður. Endurnýja þarf alla hliðina, einangra og setja upp nýjan brunastiga.

Endurnýjun íþróttahúsins í Vindáshlíð

Þörf er á að endurnýja íþróttahúsið í Vindáshlíð, einkum vesturhluta hússins, leikherbergi, búningaklefa og sturtur. Þá langar stjórn Vindáshlíðar að koma upp palli og pottasvæði utan við húsið.

Þær áskoranir sem hér eru nefndar eru til viðbótar því hefðbundna viðhaldi sem sinna þarf með reglubundnum hætti. Ætla má að félagið þurfi að verja til þess 50 til 60 milljónum kr. árlega á komandi árum.

Það er ljóst á ofangreindu að það munar um þær skattaívilnanir sem fylgja nýrri löggjöf um almannaeiðisfélög. En þrátt fyrir þann skattaafslátt er KFUM og KFUK að greiða mikinn virðisaukaskatt þegar tekist er á við nauðsynlegt viðhald og uppbyggingu á starfsaðstöðu.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ólíkt mörgu félagsfólki á svipuðum aldri og ég, þá voru mín fyrstu kynni af KFUM og KFUK ekki í gegnum sumarbúðirnar heldur vetrarstarfið. Ég byrjaði í KFUM og KFUK í Grindavíkirkirkju þegar ég var í 8. bekk. Þá hélt ég að félagið væri fyrst og fremst vetrarstarfið, þó svo að ég hafi vitað að sumarbúðirnar væru til. Eitt leiddi af öðru og þegar ég hafði aldur til var ég orðinn leiðtogi í starfinu. Ég fann að ég vildi leggja meira af mörkum og þegar mér bauðst að gerast foringi í sumarbúðunum ákvað ég að slá til. Það höfðu margir hvatt mig til að sækja um starf í sumarbúðunum, en ég var frekar smeikur við það, kannski þar sem ég fór aldrei sjálfur sem strákur í sumarbúðir.

Í fyrsta dvalarflokknum sem ég starfaði fann ég fyrir þessu mikla öryggi sem ég tengi svo gjarnan við KFUM og KFUK. Starfsandinn sem ríkti snérist um styðja við og efla hvert annað sem foringjar og leiðtogar. Það er ekki sjálfsgat í félagsstarfi, en er svo ríkur þáttur í starfi og menningu KFUM og KFUK.

Í ólíkum og fjölbreyttum verkefnum sem ég hef tekið þátt í innan KFUM og KFUK hef ég fundið fyrir þessu öryggi. Þessi uppbyggjandi andi sem ríkir og snýr bæði að trúnni og þegar tekist er á við ólík verkefni innan.

Í mínum huga er KFUM og KFUK því frábær vettvangur til að kynnast trúnni og hið fullkomna félag til að iðkra og rækja hana.

Pétur Bjarni Sigurðsson



Miklar framkæmdir og lagfæringar voru gerðar á skálanum í Kaldárseli á starfsárinu. Liður í þeim framkvæmdum var að byggja nýjar og stærri svalir og endurnýja brunaútganga af efri hæð skálans.




10. STARFSSTÖÐVAR KFUM OG KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er eitt félag. Allir félagar eru skráðir í sama félagið óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn. Þessu má líkja við handboltadeild og knattspyrnudeild innan íþróttafélags. Það sem gerir KFUM og KFUK þó frábrugðið íþróttafélögum hvað þetta varðar er hve mikið starf heyrir beint undir félagið sjálft og þar með aðalstjórn félagsins.

Starfsstöðvarnar níu skiptast í fimm sumarbúðir, einn leikskóla og þrjú félög utan höfuðborgarsvæðisins. Í köflum 11-19 í þessari skýrslu er að finna skýrslu hvernar starfsstöðvar fyrir sig.

Sameiginlegt starf sumarbúða

Sumarbúðirnar fimm eiga með sér margskonar samstarf. Fjórir samráðsfundir formanna sumarbúða voru haldnir á starfsárinu. Samstarfið nær til skipulags og samþættingar starfsins, t.d. skráninga í dvalarflokka, skilmála og skráningarkerfis. Það nær til ráðninga- og starfsmannamála, námskeiða og þjálfunar starfsfólks og þeirra faglegu krafna sem félagið gerir



Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn.

til starfsmanna sinna. Þá er mikið samstarf þegar kemur að öryggismálum og miðlun þekkingar. Samstarfi í kynningarmálum er mikið, en því eru gerð skil í kafla 8.

11. VATNASKÓGUR

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2021.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi.”

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjárflokkum, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga.”

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 1. júní 2021.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
Gunnar Hrafn Sveinsson, ritari
Ögmundur Ísak Ögmundsson, varagjaldkeri
Hreinn Pálsson, vararitari
Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
Tinna Dögg Birgisdóttir, varamaður
Sigurður Grétar Sigurðsson, varamaður



Ólafur Sverrisson



Jón Ómar Gunnarsson



Páll Skaftason



Gunnar Hrafn Sveinsson



Ögmundur Ísak Ögmundsson



Hreinn Pálsson



Davíð Örn Sveinbjörnsson



Tinna Dögg Birgisdóttir



Sigurður Grétar Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi) og Bjarni Árnason

Stjórnin hélt 12 fundi á árinu: 18. janúar, 17. febrúar, 17. mars, 7. apríl, 26. apríl, 25. maí, 22. júní, 17. ágúst, 20. september, 22. október, 17. nóvember og 7. desember.

Starfsmenn allt árið

Ársæll Aðalbergsson var framkvæmdastjóri í fullu starfi. Auk hans sinntu þeir Þórir Sigurðsson og Sigurður Jóhannesson umhirðu, viðhaldi og þjónustu við staðinn.



Ársæll Aðalbergsson



Þórir Sigurðsson



Sigurður Jóhannesson

Framkvæmdir

Á árinu var framkvæmdum stillt í hóf en nokkrum viðhaldsverkefnum sinnt, vatnskerfi staðarins var hreinsað og dælubúnaður endurnýjaður. Haldið var áfram tímabæru viðhaldi á innviðum íþróttahússins og einnig fór fram viðgerð á sökkli kapellunnar. Lokið var við áhorfendapalla fyrir sunnan Birkiskála og umhverfi þeirra. Þá var rafstengur og vatnslögn lögð inn á Vesturflöt og settir upp ofnar á neðri hæð bátaskýlis. Í lok árs og upphafi 2022 var gólfdukur uppþvottarýmis Matskálans endurnýjaður og skipt um “harmónikkuhurðar” í matsalnum. Einnig voru tvö af herbergjum Birkiskála innréttuð upp á nýtt og þeim breytt úr 8 manna í 6 - 7 manna.

Nýr Matskáli

Hugmyndavinnu við nýjan Matskála var haldið áfram og undir lok árs var kominn mikill kraftur í verkið og hillir undir lok þeirrar vinnu í upphafi ársins 2022. Tafir urðu á breytingu á deiliskipulagi en það er von okkar að þeirri vinnu ljúki einnig í upphafi ársins 2022. Skógarmenn hafa notið liðstyrks Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts til að vinna að hönnun hins nýja húss og er það von Skógarmanna að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta ársins 2022.



Myndir sem gefa hugmyndir um útlit á nýjum matskála. Stöðugt er verið að uppfæra teikningar og myndirnar því birtar með þeim fyrirvara. Skálinn verður staðsettur norðan við núverandi matskála, norðan við stíginn og mun hafa útsýni út á vatnið.



SUMARSTARF

Dvalarflokkar sumarsins 2021 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	
1	9.–13. júní	10–12	5	37	Gauraflokkur
2	14.–18. júní	9–11	5	104	
3	19.–24. júní	10–12	6	105	
4	25.–30. júní	12–14	6	99	Ævintýraflokkur
5	1. – 5. júlí	9–11	5	99	
6	6.–10. júlí	10 – 12	5	106	
7	11.–16. júlí	12–14	6	99	Ævintýraflokkur II
8	17.–22. júlí	10–12	6	95	Blandaður flokkur
9	23.–27. júlí	10–12	6	98	
10	3.– 8. ágúst	14–17	6	83	Unglingaflokkur
11	9.– 13. ágúst	9–11	5	106	
Aukafl.	19.– 22. ágúst	9 – 12	4	58	

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum sumarsins var 1089 en þeir voru 994 árið áður.

Aðrir viðburðir – flokkar á vegum Skógarmanna :

Viðburður	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
Fjölskylduflokkur I	28. – 30. maí	0–99 ára	2	53
Feðginaflokkur	12. – 13. maí	6–99 ára	2	38
Mæðraflokkur	14. – 16. maí	0 – 99 ára	2	91
Feðgaflokkur I	13. – 15. ágúst	6–99 ára	2	83
Feðgaflokkur II	27. –29. ágúst	6–99 ára	2	82
Karlaflokkur	3. – 5. september	18–99 ára	2	42
Aðventuflokkur	3. –5. desember	10–12 ára	2	19

Fjöldi dvalargesta á þessum viðburðum var 408 en var 423 árið áður.
Heildarfjöldi dvalargesta í sumarstarfi og nefndum viðburðum
Skógarmanna var því samtals 1497 samanborið við 1417 árið áður.

Starfsfólk sumarþúðastarfsins

Forstöðumenn:

1. Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
2. Flokkur: Hreinn Pálsson og Pétur Ragnarsson
3. Flokkur: Hreinn Pálsson
4. Flokkur: Hreinn Pálsson
5. Flokkur: Jón Ómar Gunnarsson og Þráinn Haraldsson
6. Flokkur: Hreinn Pálsson
7. Flokkur: Hreinn Pálsson
8. Flokkur: Bogi Benediktsson, Gunnar Sandholt og Tinna Dögg Birgisdóttir
9. Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson
10. Flokkur: Hreinn Pálsson og Gunnar Hrafn Sveinsson
11. Flokkur: Hreinn Pálsson
- Aukaflokkur: Ársæll Aðalbergsson

Eldhússtjórn:

1. Flokkur: Oddur Einar Kristinsson
2. Flokkur: Tinna Dögg Birgisdóttir
3. Flokkur: Tinna Dögg Birgisdóttir
4. Flokkur: Tinna Dögg Birgisdóttir
5. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
6. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
7. Flokkur: Tinna Dögg Birgisdóttir
8. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
9. Flokkur: Tinna Dögg Birgisdóttir
10. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
11. Flokkur: Tinna Dögg Birgisdóttir
- Aukaflokkur: Valborg Rut Geirsdóttir

Forstöðumenn í öðrum viðburðum voru þeir Ársæll Aðalbergsson og Hreinn Pálsson.



Peir fiska sem róa.



Komnir á toppinn. Galvaskir göngumenn komnir upp á Kambinn.

Annað starfsfólk:

Anna Pálsdóttir (2 flokkar), Arnar Gauti Egilsson (2 flokkar), Ástráður Sigurðsson (4 flokkar), Baldvin Ingvar Tryggvason (1 flokkur), Baldur Ólafsson (4 flokkar), Benedikt Guðmundsson (6 flokkar), Benjamín Jafet Sigurðsson (1 flokkur), Bergdís Brynjarsdóttir (5 flokkar), Brynjar Karl Guðmundsson (1 flokkur), Birta Líf Hannesdóttir (4 flokkar), Daði Rúnar Jónsson (1 flokkur), Dagný Guðmundsdóttir (3 flokkar), Dagur Adam Ólafsson (2 flokkar), Davíð Guðmundsson (9 flokkar), Eiríkur Skúli Gústafsson (8 flokkar), Eva Sigurðardóttir (4 flokkar), Fannar Logi Hannesson (6 flokkar), Friðrik Páll Ragnarsson Schram (3 flokkar), Gabriella Snót Ólafsdóttir Schram (1 flokkur), Gríma Katrín Ólafsdóttir (1 flokkur), Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir (1 flokkur), Guðmundur Tómas Magnússon (3 flokkar), Gunnar Hrafn Sveinsson (8 flokkar), Gunnar M Sandholt (1 flokkur), Hálfðán Helgi Matthíasson (1 flokkur), Hákon Arnar Jónsson (1 flokkur), Hrannar Ása Magnúsar (1 flokkur), Hreinn Pálsson (2 flokkar), Ísak Jón Einarsson (9 flokkar), Jakob Freyr Einarsson (3 flokkar), Jens Þórarinn Jónsson (1 flokkur), Krístrún Guðmundsdóttir (1 flokkur), Krístrún Lilja Gísladóttir (4 flokkar), Magnús Viðar Skúlason (1 flokkur), Marta Karítas Ingibjartsdóttir (2 flokkar), María Rut Arnarsdóttir (1 flokkur), Mirra Kristín Ólafsdóttir (1 flokkur), Ólafur Gunnar Long (1 flokkur), Pétur Bjarni Sigurðarson (8 flokkar), Ríkharður Esterarson (8 flokkar), Sigríður Sól Ársælsdóttir (5 flokkar), Sólveig Erla Erlingsdóttir (5 flokkar), Snorri Rúnarsson (2 flokkar), Sverrir H Marteinsson (5 flokkar), Telma Ýr Birgisdóttir (1 flokkur), Tinna Dögg Birgisdóttir (1 flokkur), Þórdís Hafþórsdóttir (1 flokkur), Þráinn Andreusson (6 flokkar).

Í Gauraflökki störfuðu sem sérfræðingar:

Elva Hjálmsdóttir ráðgjafi, Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir félagsráðgjafi, Sigurbjörg Fjölnisdóttir sálfræðingur, Tómas Kristjánsson sálfræðingur, Þorsteinn Otti Jónsson meðferðarráðgjafi.

Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri.

Ráðsmenn og vinnumenn:

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir sá Albert E. Bergsteinsson um slátt á staðnum og grisjun meðfram girðingu umhverfis svæðið í sjálfböðavinnu. Þá störfuðu hinir ýmsu vinnumenn yfir sumarið við fjölbreytt verkefni.

Sjálfböðaliðar:

Nokkrir af áður nefndum starfsmönnum voru sjálfböðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Vatnaskógar hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski og umhirðu staðarins í sjálfböðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfböðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við viðhaldsverk, pallasmíði, skógrækt og fleira.

VIÐBURÐIR Í STARFI SKÓGARMANNA

Karlaflokkur

Helgina 3. til 5. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var dr. Halldór Björnsson hópstjóri veðurs og loftslags hjá Veðurstofu Íslands með erindi sem nefndist „Hverjum er það að kenna að veðrið er svona vont?“ Á laugardeginum var biblíulestur í umsjón sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar fyrrverandi vígslubiskups. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna frágangsvinnu við áhorfendapalla bak við Birkiskála, skógræktarverkefni þar sem grisjun var aðalverkefnið bæði meðfram girðingu og einnig við Oddakotsstíg. Sókkull á Bátaskýli var málaður, gert við ljós við Gamla skála og Kapellustíg sem einnig var snyrtur. Gerðar voru merkingar fyrir tré í Lærdómslundi, gluggar í sal Matskálans voru málaðir að innan og hreinsun hlaupabrautar við Íþróttavöll voru meðal þeirra verka sem unnin voru. Á sunnudeginum var farið í guðsþjónustu á Hvanneyri þar sem sr. Hildur Hörpudóttir sóknarprestur tók á móti hópnum og leiddi stundina.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í 15. sinn. Í ár voru 37 drengir í flokknum. Að venju voru mun fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki, auk sérmenntaðra starfsmanna. Ljóst er að Gauraflokkur skipar sérstöðu í starfi Skógarmanna, þar sem komið er sérstaklega til móts við þarfir þeirra drengja sem þangað sækja, m.a. hvað varðar fæði og dagskrá.

Aðventuflokkur

Aðventuflokkur var haldinn í fyrsta sinn. 19 drengir mættu og nutu Vatnaskógar í vetraríki yfir eina helgi í byrjun desember. Jólalög, heitt súkkulaði og grillaðir sykurpúðar við varðeld út í skógi ásamt mörgum skemmtilegum leikjum og uppákomum voru á dagskrá.

Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Vatnaskógar skipulögðu og stýrðu. Alls komu 697 leikskólabörn vorið 2021.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarbúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 2. mars 2021.

Stínusjóður

Skógarmenn starfrækja Stínusjóð til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur ráðskonu í Vatnaskógi til áratuga. Sjóðurinn hefur það



Gólfúkur í uppþvottarými Matskála var endurnýjaður.



Tvö herbergi í eldri hluta Birkiskála voru innréttað upp á nýtt.



hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhagsaðstæðna heima fyrir. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og er það mikið þakkarefni. Árið 2021 fengu 3 einstaklingar dvöl að gjöf fyrir tilstilli sjóðsins.

FERMINGARNÁMSKEIÐ OG SKÁLALEIGA

Fermingarnámskeið

Haustið 2020 var stórum hluta fermingarnámskeiða frestað eða aflýst vegna samkomutakmarkana. Margir af þeim hópum sem höfðu bókað um haustið komu í lok janúar, í febrúar og mars. Samtals komu 853 börn á 16 námskeið á vormisserinu.

Um haustið komu flestir af væntanlegum hópum tilvonandi fermingarbarna á fermingarnámskeið, en þeim lauk um miðjan nóvember. Samtals komu 2016 börn um haustið. Um miðjan nóvember voru settar á hertar samkomutakmarkanir. Síðustu hópar haustsins biðu því eftir afléttingu samkomutakmarkana og frestuðu því komu fram í febrúar/mars 2022.

Haustið 2021 komu samtals 2016 unglingar á 27 námskeið.

Samtals árið 2021 komu því 2869 unglingar á 43 námskeið.

Námskeiðin voru tveggja til fimm daga og eins og fyrr í umsjón

Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu.

Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru Hreinn Pálsson, Ísak Jón Einarsson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Ársæll Aðalbergsson sem einnig sá um undirbúning og skipulag.

Fastir starfsmenn á fermingarnámskeiðunum voru Fannar Logi Hannesson, Hrannar Ása Magnúsar, Ísak Jón Einarsson, Sigmundur Hafþórsson, Sverrir Marteinnsson, Valborg Rut Geirsdóttir, Þórdís Hafþórsdóttir og Þráinn Andreusson.

Starfsmenn í eldhúsi á fermingarnámskeiðunum voru Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi.

Skólahópar:

Alls komu 9 skólar, 7 um vorið og 2 um haustið og tóku þau þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar. Eru það nokkuð fleiri hópar en fyrri ár.

Viðburðir á vegum KFUM og KFUK:

Leiðtogahelgi í janúar

Landsmót æskulýðsstarfs KFUM og KFUK (Friðriksmót) í febrúar

Ferð yngri deilda í mars

Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar:

Ferð TTT starfs kirkjunnar á vegum ÆSKR

Börn úr Útskála- og Hvalsnessókn heimsóttu staðinn

Aðrir hópar:

Skólamót KSS

Íslenska Kristskirkjan og SÍK með helgarmót

Menntavísindasvið Háskóla Íslands, námskeið

FJÁRÖFLUN

Línuhappdrætti Skógarmanna

Línuhappdrætti Skógarmanna hófst að þessu sinni á netinu undir lok sumars og einnig var hægt að kaupa línur í feðgaflokkunum. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í Karlaflokki í byrjun september og seldust allar þær 500 línur sem voru í boði.



Herrakvöld KFUM

Herrakvöld KFUM var haldið með pomp og prakt fimmtudagskvöldið 4. nóvember á Holtavegi 28. Um 60 manns mættu á kvöldið, sungu þar datt, nutu góðs matar og ánægjulegrar samverustundar.

Styrkir

Eins og fyrri ár hafa Skógarmenn fengið styrki vegna starfseminnar, frá ríkisvaldinu og einstaklingum vegna starfsins m.a. Gauraflokks. Einnig hafa Kirkjuráð og einstaklingar styrkt Skálasjóð vegna uppbyggingar á nýjum Matskála. Þá hefur kapellusjóður notið stuðnings, aðallega frá einstaklingum.

Í lok ársins var sótt um sérstakan stuðning til ríkisvaldsins vegna nýs Matskála enda orðið mjög aðkallandi að endurnýja matskála staðarins. Fjárlaganefnd tók vel í erindið og gerir tillögu um 60 milljón króna framlag árið 2022.

Áhrif COVID-19 á starfið

Enn hélt veiran áfram að herja á þjóðina og heiminn allan. Vatnaskógi tókst þó að komast þrautarlaust í gegnum sumarstarfið og vel inn í haustið. Þá fór að draga hressilega fyrir sólu undir lok október og svo fór að lokum að öllu var skellt í lás vegna samkomutakmarkana. Því féllu niður síðustu fermingarnámskeið haustsins, bókanir ýmissa hópa sem og þakkargjörðarhátíð starfsfólks. Að sama skapi féllu Sæludagar niður annað árið í röð, þó með lengri fyrirvara en árið áður. Leikskólahópar og skólahópar gátu heimsótt staðinn í maí og í byrjun júní en kaffisalan, sem hefur verið fastur liður í fjáröflun starfsins féll niður vegna takmarkana í apríl og ekki gafst kostur á að koma henni fyrir að þessu sinni á öðrum tíma. Þrátt fyrir margar afbókanir sem höfðu áhrif á rekstur staðarins, má segja að Vatnaskógi hafi komið betur undan áhrifum COVID-19 árið 2021 heldur en 2020, sem er mikil blessun.

Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögfræðingur leitt þá vinnu. Framundan er að ræða við fulltrúa Skógræktarinnar.

Annað

Skógarmenn sömdu eins og fyrri ár við Veiðifélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2021.

Lokaorð

„Sumarið er komið, það er sól í hjarta mér. Senn mun koma tíminn sem svo dásamlegur er. Að halda burt úr bænum, víst ég núna vil. Að vera úti í náttúrunni, ég hlakka mikið til.“ Svo hljóða upphafslínur söngsins Upp í Vatnaskóg, eftir Inga Gunnar Jóhannsson sem er nýjasta lagið um þann stað sem er mörgum svo kær. Stjórn Vatnaskógar lítur með sól í hjarta á dásamlega tíma sem framundan eru í guðs grænni náttúru Vatnaskógar árið 2022. En ekkert væri starfið án fólksins sem þangað sækir og þeirra sem styðja við starfið.

Stjórnin er afar þakklát fyrir velvilja í garð starfsins, stuðning, gjafir og styrki sem einstaklingar, félög og opinberir aðilar hafa veitt starfinu. Þökkum einnig þeim sem biðja fyrir Vatnaskógi og starfinu þar, þær bænir finnast sterklega og vernd og blessun Guðs svífur yfir vatninu og Skóginum öllum og hefur gert frá upphafi. Þá verður duglegu og kraftmiklu starfsfólki og óteljandi sjálfbóðaliðum seint fullþakkað fyrir sín störf í þágu Vatnaskógar og æsku þessa lands.

Tilhlökkunin er mikil að taka á móti fjölbreyttum hópum, sjá gömul andlit og ný, bjóða upp á sannkölluð ævintýri á Eyrarvatni og í hinum fallega skógi og boða þann kærleik sem Frelsarinn færði. Uppbyggingin verður mikil á næstu árum. Metnaður er lagður í að byggja upp staðinn sjálfan til að bjóða upp á fyrsta flokks þjónustu, ásamt því markmiði að halda áfram að byggja upp æsku þessa lands, líkt og Skógarmenn hafa gert í 99 ár og munu vonandi, með blessun Guðs og stuðningi ykkar, halda því mikilvæga starfi áfram í 99 ár til viðbótar, hið minnsta. Það er okkar staðfasta von.

Skógarmenn! Áfram að markinu!

GUNNAR HRAFN SVEINSSON
RITARI STJÓRNAR



ÁRSÆLL ADALBERGSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI





12. VINDÁSHLÍÐ

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn mánudaginn 23. mars í húsnæði KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Gísli Davíð Karlsson og ritari Anna Elísa Gunnarsdóttir. Á fundinn mættu 33.

Breytingar urðu á skipan stjórnar. Signý Gyða Pétursdóttir, Sólborg Linda Reynisdóttir, Gerður Rós Ásgeirsdóttir og Ester Helga Harðardóttir gengu úr stjórn. Nýir meðlimir stjórnar voru Andrea Anna Arnardóttir, Anna Bergljót Böðvarsdóttir, Dagný Dögg Sigurðardóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir og Styrmir Magnússon. Bryndís Reed Schram bauð sig fram til varamanns.

Stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu skipað:

Ásgeir Pétursson, formaður
Dagný Dögg Sigurðardóttir, varaformaður
Styrmir Magnússon, gjaldkeri
Anna Bergljót Böðvarsdóttir, varagjaldkeri
Andrea Anna Arnardóttir, ritari
Hildur Margrét Arnbjargardóttir, vararitari
Elísa Sif Hermannsdóttir, kynningarfulltrúi
Bryndís Schram Reed, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Guðrún Nína Petersen og Ásta Björg Þorbjörnsdóttir.

Á starfsárinu voru haldnir 13 fundir ýmist í húsnæði KFUM og KFUK eða á netinu í gegnum samskipta forrit. Ekki eru samskipti á milli stjórnarmeðlima á messenger síður tekin með, á þeirri síðu gátu meðlimir komið mikilvægum skilaboðum á milli sín án þess að þurfa að kalla til fundar.



Ásgeir
Pétursson



Dagný Dögg
Sigurðardóttir



Styrmir
Magnússon



Anna Bergljót
Böðvarsdóttir



Andrea Anna
Arnardóttir



Hildur Margrét
Arnbjargardóttir



Elísa Sif
Hermannsdóttir



Bryndís Schram
Reed

Helstu verkefni stjórnar

Verkefnið í ár voru mörg og misstór. Stærsta verkefnið er enn í gangi og það er uppbygging húsnæðisins okkar. Við vissum öll að það yrði að fara í stórar viðgerðir á húsinu og forgangsroðuðum við þeim eftir þörfum. Einnig höfum við unnið að því að bæta við útleigum enn þar sem Covid er ennþá sýnilegt í samfélaginu þá hefur það farið hægara af stað en við vonuðum. Í maí fengum við nýtt verkefni sem við höfum ekki gert áður og það var að taka á móti skólahópum. Þessi nýjung ýtti okkur til þess að bæta við afþreyingarefnum í Hlíðina, það sem varð vinsælast af nýjungunum var án efa FOLF völlurinn sem var byggður í skóginum. Kirkjunefndin okkar hefur verið mjög virk þetta árið og eru meðlimir hennar að safna fyrir viðgerðum á kirkjunni.

Starfsmenn

Tinna Rós Steinsdóttir var ráðin verkefnastjóri Vindáshlíðar í febrúar 2021. Í ágúst var starfstíli hennar breytt og er hún nú titluð framkvæmdastjóri Vindáshlíðar. Tinna hefur verið í 50% starfshlutfalli frá ráðningu.



Tinna Rós Steinsdóttir



Þorbjörg Skúladóttir

Þorbjörg Skúladóttir var ráðin í 40%

stöðu í Vindáshlíð í maí 2021. Starfshlutfall hennar var hækkað í 50% í september og ber hún titilinn staðarhaldari Vindáshlíðar.

STARFSEMI OG SUMARSTARF

Lýsing sumarstarfsins

Í sumar var boðið upp á 12 flokka fyrir stelpur á aldrinum 8-16 ára. Eins og önnur sumur er flokkunum skipt eftir aldri og eru mismunandi dagskrár sem fylgja þeim. Eldri stelpurnar eða 11-16 ára geta valið á milli venjulegs flokks eða ævintýra flokks, munurinn á þeim er dagskrá. Þær elstu 13-16 ára hafa val um einn flokk enn og það er Unglingaflokkur þar sem dagskráin er ennþá ýrtari og hefur sá flokkur verið mjög vinsæll. Í sumar bættum við einnig við flokki sem stelpur á aldrinum 8-10 ára gátukomið yfir helgi og „æft“ sig í að koma og gista í sumarhúðum. Þótt að dagskráin sé mismunandi í þessum flokkum þá er ákveðinn grunnur sem helst, uppbygging dagsins helst í gegn. Á flestum dögum er boðið upp á göngur þar sem við nýtum svæðið og náttúruna sem er í kringum Vindáshlíð

Flokkar sumarsins

Flokkur:	Dags.:	Aldur:	Dagar:
1. Flokkur	10. – 13. júní	9–11	4
2. Ævintýraflokkur I	14. – 19. júní	11–13	6
3. Flokkur	21. – 26. júní	10–12	6
4. Ævintýraflokkur II	28. júní – 3. júlí	12–14	6
5. Flokkur	5. – 10 júlí	9–11	6
6. Flokkur	12. – 17. júlí	10–12	6
7. Ævintýraflokkur III	18. – 24. júlí	11–13	6
8. Unglinga/óvissufl.	25. – 29. júlí	13–16	5
9. Flokkur	3. – 5. ágúst	9–11	5
10. Ævintýraflokkur IV	9. – 14. ágúst	11–13	6
11. Mæðgnaflokkur	3. – 5. sept.	6–99	
12. Kvinnaflokkur	10. – 12. sept.	18–99	

Auk þessara flokka var stubbaflokkur 19.-21. júní fyrir stelpur á aldrinum 8-9 ára að koma í fyrsta skipti í sumarhúðir. Það var bætt við einum flokki í lok sumars vegna mikillar aðsóknar og var hann haldinn 15.-19. ágúst.



Í lok nóvember vorum við svo með jólaflokka og var fyrsti flokkurinn haldinn 19.-21. nóvember fyrir stelpur á aldrinum 9-11 ára. Helgina 26.-28. nóvember var Jólamæðgnaflokkur og seinasta Jólaflokka helgin var 3.-5. desember fyrir 12- 14 ára enn sá flokkur lengdist um sólarhring vegna veðurs.

Í ár voru 1146 stelpur sem komu í Vindáshlíð þar með taldir Jólaflakkar. Í mæðgnaflokkum voru 114 skráðar og Kvinnaflokk 33.

Starfsmenn

Forstöðukonur flokka 2021:

1. Flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
 2. Flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
- Stubbaflokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
3. Flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
 4. Flokkur: Marín Hrund Jónsdóttir
 5. Flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
 6. Flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
 7. Flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
 8. Flokkur: Marta Kristín Friðriksdóttir
 9. Flokkur: Bára Sigurjónsdóttir
 10. Flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- Aukaflokkur: Marín Hrund Jónsdóttir
- Mæðgnaflokkur 1: Sigríður Schram og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir
- Kvinnaflokkur: Sólborg Linda Reynisdóttir og Dagný Bjarnhéðinsdóttir
- Mæðgnaflokkur 2: Marín Hrund Jónsdóttir
- Jólaflakkar 1: Elísa Sif Hermannsdóttir
- Jólamæðgnafl.: Sólrun Ásta Steinsdóttir
- Jólaflakkar 2: Andrea Anna Arnardóttir



Ráðskonur flokka 2021:

1. Flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir
2. Flokkur: Birta Lind Guðmundsdóttir og Sólrun Ásta Steinsdóttir
- Stubbaflokkur: Berglind Elva Sigvaldadóttir og Birta Lind Guðmundsdóttir
3. Flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir
4. Flokkur: Bryndís Schram Reed og Hekla Sóley Magnúsdóttir
5. Flokkur: Sólrun Ásta Steinsdóttir
6. Flokkur: Sólrun Ásta Steinsdóttir
7. Flokkur: Marta Kristín Friðriksdóttir
8. Flokkur: Hekla Sóley Magnúsdóttir
9. Flokkur: Guðlaug Jökulsdóttir
10. Flokkur: Dagný Dögg Sigurðardóttir
- Aukaflokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
- Mæðgnafl. 1: Agla Marta Sigurjónsdóttir
- Kvennaflokkur: Sólrun Ásta Steinsdóttir
- Mæðgnafl. 2: Dagný Dögg Sigurðardóttir
- Jólaflokkur 1: Helga Sóley Björnsdóttir
- Jólamæðgnafl.: Þorbjörg Skúladóttir
- Jólaflokkur 2: Dagný Dögg Sigurðardóttir

Umsjónarforingjar flokka 2021:

1. Flokkur: Sóley Adda Egilsdóttir
2. Flokkur: Hekla Sóley Magnúsdóttir
- Stubbaflokkur: Sóley Adda Egilsdóttir
3. Flokkur: Hildur Margrét Arnbjargardóttir og Andrea Anna Arnardóttir
4. Flokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
5. Flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
6. Flokkur: Margrét Stella Kaldalóns Sigurðardóttir
7. Flokkur: Sóley Adda Egilsdóttir
8. Flokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
9. Flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
10. Flokkur: Marta Kristín Friðriksdóttir
- Aukaflokkur: Andrea Anna Arnardóttir
- Mæðgnafl. 2: Andrea Anna Arnardóttir
- Jólaflokkur 1: Andrea Anna Arnardóttir
- Jólamæðgnafl.: Andrea Anna Arnardóttir
- Jólaflokkur 2: Hekla Sóley Magnúsdóttir

Aðrir foringjar og eldhússtarfsfólk í flokkum 2021:

Alda Ósk Jónsdóttir (2 flokkar), Aldís Kvaran (5 flokkar), Alice Victoria Kent (2 flokkar + 3 mæðgnaflokkar + 2 jólaflokkar), Andrea Anna Arnardóttir (3 flokkar), Aníta Daðadóttir (6 flokkar), Anna Marín Bentsdóttir (1 jólaflokkur). Auður Sif Jónsdóttir (1 flokkur). Ásta Björg Ólafsdóttir (1 flokkur). Ásta Isabella Kent (3 flokkar + 3 mæðgnaflokkar + 2 jólaflokkar). Ástrós Jensdóttir (1 flokkur), Bergrún Dögg Bjarnadóttir (3 flokkar), Dögg Magnúsdóttir (8 flokkar), Edda Sigrún Jónsdóttir (6 flokkar og stubbaflokkur), Elísa Sif Hermannsdóttir (1 flokkur), Ella María Georgsdóttir (1 flokkur), Elma Rún Kristinsdóttir (4 flokkar + 1 mæðgnaflokkur + 1 jólaflokkur), Emma Karína Jakobsen (kvennaflokkur), Guðbjörg Ýr Hilmarisdóttir (4 flokkar), Hanna Hulda Hafþórsdóttir (1 flokkur), Hanna Lára Baldvinsdóttir (jólamæðgnaflokkur), Harpa Rut Harðardóttir (6 flokkar og stubbaflokkur), Helga Sóley Björnsdóttir (1 flokkur), Hrafnhildur Benediktsdóttir (7 flokkar + 1 jólaflokkur), Ísabella Rós Þorsteinsdóttir (4 flokkar), Jenný Þorsteinsdóttir (1 flokkur + 1 mæðgnaflokkur). Jóhanna Soffía Hansen (jólamæðgnaflokkur + 1 jólaflokkur), Katla Kristjánsdóttir (3 flokkar), Kristín Óladóttir (kvennaflokkur). Magðalena Sif Lýðsdóttir (1 jólaflokkur), Margrét Helga Kristjánsdóttir (1 flokkur og mæðgnaflokkur), Margrét Stella Kaldalóns Sigurðardóttir (6 flokkar), María Kristín Árnadóttir (1 flokkur), María Rut Arnarsdóttir (1 flokkur), Marín Hrund Jónsdóttir (1 flokkur), Marta Karítas Ingibjartsdóttir (3 flokkar), Ólína Rún Þórarinsdóttir (5 flokkar), Sigríður Rakel Gunnarsdóttir (1 flokkur), Sóley Adda Egilsdóttir (2 flokkar + 1 jólaflokkur), Sólrun Ásta Steinsdóttir (1 jólaflokkur), Steinunn Lóa Lárusdóttir (1 flokkur), Svanhildur Reynisdóttir (4 flokkar), Telma Ívarsdóttir (4 flokkar + 1 jólaflokkur), Thelma Rós Arnardóttir (10 flokkar, 3 mæðgnaflokkar, og 2 jólaflokkar), Theodora Sveinsdóttir (4 flokkar + 1 jólaflokkur), Þóra Birgisdóttir (2 flokkar og stubbaflokkur).

Aðstoðarforingjar sumarið 2021:

Brynhildur Eva Þorsteinsdóttir (2 flokkar), Erna Lilja Magnúsdóttir (mæðgnaflokkur), Freyja Fönn Traustadóttir (2 flokkar + stubbaflokkur + 1 jólaflokkur + 1 mæðgnaflokkur + kvennaflokkur), Helena Guðjónsdóttir (1 flokkur), Helga Vigdís Thordersen (1 jólaflokkur), Inga Margrét Bragadóttir (1 flokkur), Jörunn Elenóra Haraldsdóttir (1 flokkur), Karítas Halla Gunnarsdóttir (1 jólaflokkur), Kristín Hanna Guðmundsdóttir (3 flokkar + 1 mæðgnaflokkur + 1 jólaflokkur), Lilja Þorsteinsdóttir (1 jólaflokkur), María Margrét Gísladóttir (2 flokkar), Nadía Nótt Björnsdóttir (2 flokkar), Sigrún Gunnarsdóttir (mæðgnaflokkur), Valgerður Eyja Eypórsdóttir (2 flokkar) Þórkátla Arnarsdóttir (2 flokkar), Þurý Reynisdóttir (2 flokkar + stubbaflokkur + 1 jólaflokkur + 1 mæðgnaflokkur + kvennaflokkur), Þurí Ágústsdóttir (1 flokkur + 1 mæðgnaflokkur).





ÝMSIR VIÐBURÐIR Í STARFI VINDÁSHLÍÐAR

Kvennaflokkur

Í ár var haldinn kvennaflokkur eftir árs bið. Það komu saman 33 konur og áttu góða helgi saman í hlíðinni. Á föstudeginum var hópefli og Tinna núverandi framkvæmdastjóri Vindáshlíðar kom og kynnti þeim fyrir starfinu og hvað væri á döfinni. Á laugardeginum tók við kynning á hreyflæði og teygjum einnig var á staðnum handavinnustofa svo tók við Veislukvöld. Dagurinn endaði á kvöldstund í setustofu undir leiðsögn Ragnheiðar Sverris. Á sunnudeginum enduðu þær samveruna á messu í Hallgrímskirkju sem Sr. Helga Kolbeinsdóttir leiddi.

Mæðgnaflokkar

Í ár var ákveðið að bjóða uppá tvö mæðgnaflokka til að koma til móts við Covid reglur. Skráning gekk vel og var fín mæting í þá báða. Nýr flokkur fyrir mæðgur var fyrir jólin og voru margar sem skráðu sig og skemmtu sér konunglega í jóladagskrá í hlíðinni.

Jólatréssala

Jólatréssala Vindáshlíðar var haldin þann 12. desember og gekk hún vel. Fólk gat komið og borgað fast verð fyrir tré og hressingar. Selt var fyrir tæpar 150.000 kr og voru gestir og starfsfólk mjög ánægð með daginn.

Árshátíð Hlíðarmeyja

Vegna stöðu í samfélagi var ákveðið að halda ekki árshátíð í ár.

Kaffisala

Vegna stöðu í samfélagi var ákveðið að halda ekki kaffisölu enn svipað var gert á Jólatréssölunni.

Vinnuflokkar

Í ár voru 3 auglýstir vinnuflokkar þar sem fólk kom saman á fyrirfram ákveðnum laugardegi fyrir sumarið. Á þessum dögum var ráðist í verkefni sem þurfti að klára fyrir sumartímann. Meðal þeirra verkefna var farið yfir útileiktæki, ljós yfirfarinn og húsið gert tilbúið í að taka á móti hressum stelpum.

Skólaflokkar

Í maímánuði svaraði Vindáshlíð kallinu og bauð upp á heimsóknir skólahópa í 1-2 nætur. Boðið var uppá sneisafulla dagskrá og lukkaðist þetta tilraunaverkefni vel. Þrír skólar heimsóttu okkur í maí, Lindaskóli, Kársnesskóli og Víðistaðaskóli, auk þess sem Lágafellsskóli kom í október.

Forstöðukonur skólahópa voru Marín Hrund Jónsdóttir (3 hópar) og Andrea Anna Arnardóttir (1 hópur).

Ráðskonur skólahópa voru Marta Kristín Friðriksdóttir (1 hópur), Birta Lind Guðmundsdóttir (1 hópur) og Tinna Rós Steinsdóttir (1 hópur).

Aðrir starfsmenn skólahópa voru : Alice Victoria Kent (1 hópur), Anna Bergljót Böðvarsdóttir (1 hópur), Ásta Isabella Kent (1 hópur), Ástráður Sigurðsson (1 hópur), Benedikt Guðmundsson (2 hópar), Eva Sigurðardóttir (3 hópar), Fannar Logi Hannesson (1 hópur), Guðbjörg Ýr Hilmarisdóttir (2 hópar), Gunnar Berg Smári (2 hópar), Jakob Þór Smári (2 hópar), Marta Karítas Ingibjartsdóttir (2 hópar), Sóley Adda Egilsdóttir (1 hópur), Thelma Rós Arnardóttir (3 hópar), og Þorbjörg Skúladóttir (1 hópur)

Jólaflokkar

Í ár voru haldnir tvönnir jólaflokkar fyrir 9-11 ára og 12-14 ára. Í báða flokka þurfti að loka fyrir skráningu vegna vinsælda og til að halda í þáverandi Covid reglur. Í þessum flokkum er boðskapur jólaanna í fyrirrúmi og hafa starfsmenn flokkana búið til leiki og fræðsluefni í anda þeirra.

Útleigur

Framkvæmdarstjóri Vindáshlíðar Tinna Rós sá um útleigur á húsinu þetta árið og voru margar bókanir sem féllu niðurvegna Covid. Í þeim tilfellum að bókanir héldust þá var staðurinn annaðhvort bókaður einsamall eða með mat og þrífum þar sem Þorbjörg stóð vaktina. Eins og alltaf þá kemur hópur frá KFUM og KFUK í leiðtogaþjálfun yfir helgi í Vindáshlíð.

FRAMKVÆMDIR

Hús

Á árinu var hafist handa við alls kyns minniháttar framkvæmdir á staðnum. Allir gluggar á staðnum voru lakkaðir og lagaðir eftir þörfum, ýmsir veggir voru málaðir og hurðahúnar, hurðapumpur, loftaplötur og gardínustangir voru yfirfarðar og stigar í kojum þússaðir og lagfærðir eftir þörfum. Þá var klósettaðstaða bætt víða í skálanum og lagst var í vinnu við að meta ástand gamla skálans og gera áætlun fyrir komandi viðhald á honum, en stórar viðgerðir eru á döfinni á næstu mánuðum og árum. Hrárvélin okkar, Hobart, minnti svo heldur betur á gæði sín þegar hún bilaði í fyrsta flokki sumarsins og var í viðgerð þar til í síðasta flokki sumarsins.

Útisvæði

Útisvæðið okkar var stækkað þar sem við bættum við FOLF velli í skóginum. FOLF völlurinn var mjög vinsæll í sumar og er áætlunin að bæta í hann hægt og rólega þar til við erum komin með fullgerðann völl. Fyrir sumarið var líka farið yfir svæðið í kringum Vindáshlíð og sérstaklega þar sem gömlu starfsmanna húsin voru og lagað og gengið frá vinnusvæði.

Kirkjan

Kirkjan okkar hefur verið undir miklum lagfæringum á árinu, undir sterkri leiðsögn Ragnheiðar Sverrisdóttur - sem hefur einnig staðið vaktina í að safna fyrir framkvæmdum kirkjunnar. Aðal verkefni er að gera upp kirkjuna, á verkefnalista er að setja nýjar rúður, laga þakið og skipta út hurðarhúnum.



ANNAB

Gjafir og styrkir

Kirkjunefndin okkar undir stjórn Ragnheiðar Sverrisdóttur hefur fengið gjafir og styrki til þess að gera upp kirkjuna okkar. Eins og hvert ár þá erum við með gott bakland í kringum okkur sem hafa verið að gefa til starfsins hvort sem það er í formi sjálfböðavinnu eða peningagjafar.

Varningur

Í ár bættum við í varning hjá okkur. Elísa Sif kynningafulltrúi og Helga Sóley (starfsmaður Vindáshlíðar) fóru fremstar í gerð varnings þetta árið og fengu þær með sér Kristínu Högná sem hannaði merkingu varnings. Í ár voru við með boli, derhúfur, vatnsbrúsa og hliðartöskur.

Lokaorð

Í ár var mikið af breytingum og þurftum við að vera tilbúin til þess að breyta fyrirkomulagi eftir reglum samfélagsins. Við sluppum mjög vel frá Covid og erum við stolt af okkar starfsfólki sem stóð sig frábærlega í sóttvörnum og voru alltaf tilbúnar til að mæta okkur í öllum breytingum. Við erum mjög ánægð með árið og vonum að það næsta muni aðeins birta tilveru okkar meira.



Í nóvember og desember 2021 voru haldnir tvennir jólaflakkar fyrir 9-11 ára og 12-14 ára. Í báða flokka þurfti að loka fyrir skráningu vegna vinsælda og til að virða Covid reglur. Í þessum flokkum var boðskapur jólaanna í fyrirrúmi og höfðu starfsmenn flokkana búið til leiki og fræðslufni í anda þeirra.

ANDREA ANNA ARNARDÓTTIR
RITARI VINDÁSHLÍÐAR





13. ÖLVER

STJÓRN OG STJÓRNARSTARF

Aðalfundur

Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 24. mars 2021 að Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og var mæting ágæt eða um 13 manns. Aðstæður í samfélaginu voru erfiðar vegna Covid 19 og vorum við heppin að ekki þurfti að fresta fundinum á þessum tíma. Anna Guðný Hallgrímsdóttir var fundarstjóri og Þóra Björg Sigurðardóttir fundarritari. Ársskýrsla og endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt af Ernu Björk Harðardóttur gjaldkera. Í kjörnefnd voru þær Ásdís Björnsdóttir og Petra Eiríksdóttir, Petra gat þó ekki mætt á fundinn. Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir gekk út úr varastjórn og kom Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir inn í hennar stað. Var sú breyting á stjórn samþykkt með lófaklappi.

Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2021-2022 var þannig skipuð:

- Erna Björk Harðardóttir, formaður.
- Alla Rún Rúnarsdóttir, varaformaður.
- Aníta Eir Einarsdóttir, ritari.
- Erla Björg Káradóttir, gjaldkeri.
- Hrafnhildur Garðarsdóttir, stjórnarmeðlimur.
- Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, vararitari.
- Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, varagjaldkeri.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2021-2022 voru, líkt og fyrri ár, Guðmundur Pálsson og Drífa Sigurðardóttir.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru aðeins færri en síðustu ár vegna Covid 19 en voru þó fimm talsins og voru haldnir þann 19. apríl, 16. september, 13. október, 18. janúar og 21. febrúar.



Erna Björk
Harðardóttir



Alla Rún
Rúnarsdóttir



Aníta Eir
Einarsdóttir



Erla Björg
Káradóttir



Hrafnhildur
Garðarsdóttir



Heiðrún Ólöf
Jónsdóttir



Ásta Sóllilja
Sigurbjörnsdóttir

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, fá tilboð frá ýmsum stöðum, panta mat, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira.

Einnig sá stjórnin um fjáröflun, útleigu, viðhald á staðnum, happdrætti, leit eftir styrkjum ásamt fleiri verkum sem upp komu.



Ölver hefur hingað til notast við lúður til að kalla börnin í matmálstíma og viðburði. Nú er komin upp bjalla sem mun leysa lúðurinn af hólmi, en erfitt hefur reynst að fá þokulúðra og m.t.t sóttvarna var ákveðið að setja bjöllu.



Búið er að endurnýja stóla í matsalnum.



Flugnanet var sett í opnanleg fög til að halda lúsmýinu úti.



Ný innrétting er komin upp í Ræstiveri. Í Ölveri hafa herbergin nöfn sem enda öll á ver og að sjálfsgöðu heitir ræstirýmið Ræstiver.



Unnið að smíði flugneta til að koma í veg fyrir lúsmý innandyr.



Nýtt hlið er komið upp í Ölveri, léttara og breiðara en það gamla (rútbílstjórum til mikillar gleði). Haraldur Þráinsson hafði veg og vanda að uppsetningu hliðsins.

Framkvæmdir

Þetta árið voru engar stórar framkvæmdir. Hins vegar var ýmislegt keypt á staðinn, ákveðin verkefni voru klárð ásamt árlegu viðhaldi og yfirhalingu.

Á árinu 2020 fórum við af stað með fjáröflun til að kaupa nýja stóla í matsalinn. Fyrir þetta sumar keyptum við enn fleiri rauða stóla í matsalinn þökk sé velunnurum. Einnig var keypt ný frystikista.

Ræstiver, Birkiver og salernið á efri hæðinni voru klárð. Það átti eftir að setja upp innréttingar og klára að fínþússa þau.

Síðustu ár hefur gengið illa að fá nýjan lúður, var því ákveðið að kaupa bjöllu í staðinn. Bjallan fékk nafnið Pétur Pan og var hengd fyrir utan anddyri hússins.

Þetta sumar hönnuðu Hrafnhildur Garðarsdóttir meðstjórnandi og Einar Júlíus Óskarsson flugnanet í alla glugga til að koma í veg fyrir lúsmý innandyr, sáu þau svo um að smíða þau og koma þeim fyrir í gluggum staðarins. Einnig sáu þau um viðgerðir á stiga upp að leikskála.

Tími var komin á nýtt hlið og sá Haraldur Þráinsson um að smíða það og koma því fyrir, sonur hans Þráinn Haraldsson aðstoðaði við verkið. Mikill munur er nú á aðkomu staðarins.

SUMARSTARFIÐ

Flokkar

Það voru samtals 510 börn á aldrinum 6-15 ára sem dvöldu í Ölveri sumarið 2021 og hafa þau aldrei verið fleiri. Fjölbreytni var í flokkaskránni til að stuðla að því að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Flokkaskráin er alltaf til endurskoðunar og er endurmetin eftir ár hvert. Stelpur í stuði flokkurinn var haldin í annað skipti og bættist í skráningatölur síðan í fyrra. Stelpur í stuði er flokkur sérstaklega ætlaður fyrir stelpur sem eru með ADHD og aðrar skyldaraskanir. Fókusflokkur var haldinn í sjötta skiptið og var hann vel sóttur af 11-13 ára stelpum. Ævintýraflokkarnir eru ávallt vinsælir og ákvað stjórnin að bæta við fjórða ævintýraflokknum sem gafst vel. Leikjaflokkarnir voru tveir og var unglingaflokkurinn á sínum stað fyrir 13-15 ára stelpur, en hann hefur notið gríðarlegrar vinsældar síðustu ár undir öruggri forystu Öllu Rúnar Rúnarsdóttur. Í upphafi sumars var aðeins einn listaflokkur skipulagður í flokkaskrá en vegna mikilla aðsóknar og eftirspurnar var ákveðið að bæta við öðrum listaflokki í ágúst. Vegna ánægju Skagamanna með leikjanámskeið síðasta sumars var ákveðið að halda það aftur þetta sumarið fyrir öll kyn á aldrinum 6-9 ára. Einnig var aldurinn í öðrum leikjaflokknum lækkaður niður í 7 ára. Þökkum við fyrir hverja einustu barnsperlu sem hjá okkur dvaldi.

Flokkaskrá 2021 og nýting plássna

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Stelpur í stuði	9.-12. júní	10-12 ára	15	75%
2. Ævintýraflokkur 1	14.-20. júní	10-12 ára	47	102%
3. Listaflokkur	22.-27. júní	9-12 ára	47	102%
4. Leikjaflokkur 1	28.júní- 1. júlí	8-10 ára	47	102%
5. Ævintýraflokkur 2	2.- 7. júlí	10-12 ára	47	102%
6. Fókusflokkur	8.-13. júlí	11-13 ára	36	100%
7. Unglingaflokkur	14.- 20. júlí	13-15 ára	47	102%
8. Ævintýraflokkur 3	21.-26. júlí	10-12 ára	44	94%
9. Leikjaflokkur 2	27.-30. júlí	7-10 ára	46	100%
10. Ævintýraflokkur 4	3.-8. ágúst	10-12 ára	48	102%
11. Leikjanámskeið	16.-20.ágúst	6-9 ára	39	98%
Listaflokkur 2	10.-15.ágúst	9-12 ára	47	102%

Endurfundir unglingaflokks

Unglingaflokkurinn okkar árið 2021 var ólýsanlegur. Svona jákvæðni og drifkraft höfum við hreinlega ekki séð áður. Það var öllu tekið fagnandi sem starfsfólkið setti fram og þær voru ótrúlega til í allt. Á sama tíma sýndu þær mikið frumkvæði í samskiptum við hver aðra og magnaða vináttu. Það skapaðist svakaleg liðsheild og traust í hópnum og í raun varð til einn stór vinahópur.

Á veisludegi kom upp sú hugmynd að halda hitting fyrir flokkinn að loknu sumri. Með samþykki og í samráði við foreldra var ákveðið að stofna hóp á facebook og kalla stelpurnar saman í október. Úr varð að hópurinn hittist í Lindarkirkju þann 8. október.

Þar áttu sér stað einstakir endurfundir, við borðuðum saman, pizzu og nammi, spiluðum BINGO, rifjuðum upp flokkinn, sýndum og sáum leikrit, spjölluðum út í eitt og að sjálfsögðu var næsti hittingur skipulagður. Endurfundirnir gengu því vonum framár, mætingin ótrúleg og stemningin algjörlega frábær. Enn og aftur sannaði það sig hve magnaður þessi hópur er. Við hefðum vel geta setið og spjallað hver við aðra í 4 daga í viðbót, þarna í október, en vegna aðstæðna í samfélaginu hefur ekki tekist að hittast aftur en það er á dagskránni með vorinu.





Starfsfólki sumarsins var boðið í þakkarmáltíð á Mathús 27 í Kópavogi þann 3. nóvember.

Sumarstarfsmaður

Í fyrra fórum við í gang með tilraunaverkefni að ráða sumarstarfsmann, verkefnastjóra, sem tók að sér þau verkefni sem féllu til á meðan sumarstarfinu stóð. Einnig var stór hluti starfsins að panta inn varning fyrir sumarið og að panta kost fyrir hvern flokk ásamt því að skipuleggja þríf eftir hvern flokk. Við auglýstum stöðuna og fengum til liðs við okkur Huguínu Helgadóttur.

Dagnámskeið fyrir starfsfólk sumarsins

Stjórnin ákvað að bjóða starfsfólki sumarsins á stutt námskeið þann 3. júní 2021 kl. 17:00-20:00 að Holtavegi 28. Námskeiðið var fyrir allt starfsfólk sumarsins, líka aðstoðarforingja. Þar var farið yfir mikilvæg atriði varðandi staðinn, þríf og starfslýsingar. Einnig var gott og gaman að hittast fyrir sumarið og hrista hópinn saman. Á milli fræðslufunda var matur. Þöntuð var pizza frá Dominos. Á dagsnámskeiðinu var kosning um nafn á bjöllu staðarins. Bjallan fékk nafnið Pétur Pan. Það var góð mæting og mættu nánast allir foringjar og aðstoðarforingjar sumarsins. Stjórnin ákvað að færa þeim starfsmönnum peysur sem ekki fengu slíkar í fyrra, fyrir góða mætingu og þeirra frábæra starf. Þessi dagur heppnaðist virkilega vel að mati stjórnar og skilaði góðum árangri.

Starfsmenn

Síðustu ár hafa umsóknir starfsmanna verið fjölmargar og hreinlega vonum framar og ekki varð breyting á þetta sumarið, þar var enn eitt metið slegið. Má segja að stjórnin hafi unnið hörðum höndum við ráðninguna þar sem skipta þurfti sumrinu á milli mjög hæfra og reyndra starfsmanna. Má segja að þetta hafi verið algjört lúxusvandamál sem ráðninganefndin stóð frammi fyrir og erum við innilega þakklátar fyrir þennan dýrmæta mannauð sem að Ölveri stendur. Umsóknir aðstoðarforingja hafa einnig aldrei verið fleiri og er það ekki síður þakkarvert. Starf aðstoðarforingjanna er gríðarlega mikilvægt og höfum við lagt okkur mikið fram við að halda vel

utan um þá, hvatt þá til að taka þátt í leiðtogaþjálfun KFUM og K, að sækja námskeiðin sem í boði eru fyrir þá og passað upp á þeir finni sig sem hluta af hópnum. Fyrir þetta sumar ákvað stjórnin að bæta við einum foringja í stærri flokkana, líkt og lista- og ævintýraflokk og gafst það mjög vel þar sem álagið er oft mjög mikið í þessum flokkum. Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumur. Það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsfólk sem sá til þess að dvöl barnanna varð eftirminnanleg, lærdómsrík og ekki síst skemmtileg.

Forstöðukonur sumarsins voru Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Íris Rós Ragnhildardóttir, Rósa Jóhannesdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Alla Rún Rúnarsdóttir, Þóra Jenný Benónýsdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir og Irena Rut Jónsdóttir. Ráðskonur voru Andrea Rut Halldórsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Telma Ýr Birgisdóttir, Hrafnhildur Garðarsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Gunnarsdóttir, Rósa Jóhannesdóttir, Rebekka Ingibjartsdóttir, Irena Rut Jónsdóttir, Salóme Huld Garðarsdóttir, Erna Björk Harðardóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir og Jóhanna Elísa Skúladóttir.

Foringjar voru Krístrún Lilja Gísladóttir, Kristín Helga Ágústsdóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Anna Birna Kjartansdóttir, Andrea Rut Halldórsdóttir, Erla María Sveinsdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Mirra Kristín Ólafsdóttir, Krístrún Guðnadóttir, Eva Sigurðardóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Salóme Pálsdóttir, Viktoría Ásgeirsdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Hrafnhildur Emma Björnsdóttir, Karítas Eva Jónsdóttir (bakari), Birta Líf Hannesdóttir, Anna Pálsdóttir, Agnes Þorkelsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir og Margrét Helga Kristjánsdóttir.

Sjálfboðaliðar voru Þyrí Ágústsdóttir, Edda Guðnadóttir, María Margrét Gísladóttir, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Helga Vigdís Thordersen, Lilja Þorsteinsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Kristín Salka Auðunsdóttir, Iðunn Helga Zimsen, Ragna María Gísladóttir, Eyrún Una Arnarsdóttir, Sara Björk Þórðardóttir, Herdís Hörn Eggertsdóttir, Hekla Sif Sævaldsdóttir, Marín Rut Sigurðardóttir, Sólveig Hjörleifsdóttir, Helena Guðjónsdóttir, Ragnheiður Anna Jónsdóttir, Halldóra Soffía Jónsdóttir, Lína Rut S. Halldórsdóttir, Júlía Rún Þórarinsdóttir, Bríet Saga Kjartansdóttir, Theodóra Brynja Sveinsdóttir, Matthildur María Jónsdóttir, Karítas Halla Gunnarsdóttir, Arna Sara Guðmundsdóttir, Þórunn Einarsdóttir, Áslaug Rún Davíðsdóttir, Katla Magnea Magnúsdóttir og Messíana Baldvinsdóttir.

Þakkarmáltíð fyrir starfsmenn að sumri loknu

Þetta árið náðum við að bjóða starfsfólki sumarsins í þakkarmáltíð. Var það mikill fögnuður þar sem ekki náðist að halda slíkan kvöldverð í fyrra af sökum Covid-19 faraldursins. Var kvöldverðurinn haldinn á Mathús 27, Kópavogi, 3. nóvember kl. 18:00. Mæting var virkilega góð og vonum við að starfsfólk hafi notið góðs af.

Áhrif COVID-19 á sumarið

Líkt og í fyrra gekk skráningin vonum framar miðað við aðstæður í samfélaginu. Við vorum lánsöm að hafa náð að halda alla flokka sumarsins og meira að segja bættist eins og áður hefur komið fram einn flokkur við vegna mikillar aðsóknar. Því miður varð þó ekkert af kaffisölunni þetta árið, annað árið í röð, vegna faraldursins. Stjórnin ákvað því að setja í gang fjáröflun í formi happdrættis. Alls safnaðist 278.500 kr.-.



Leikjanámskeið fyrir börn á Akranesi á aldrinum 6-9 ára var haldið í Ölveri í ágúst.

Vetrarleiga

Þrátt fyrir að vel hafi gengið í sumarstarfinu síðastliðið sumar þá varð algjört hrun í vetrarleigunni sem er mikilvæg tekjulind fyrir Ölver. Mjög fáir hópar tóku staðinn á leigu þennan veturinn vegna samkomutakmarkana.

Lilja Sævarsdóttir sá áfram um eftirlit og þríf ástaðnum, móðir hennar Þuríður Þórðardóttir og Guðmundur Hafsteinn Kjartansson hafa einnig séð um eftirlit og kíkja reglulega á staðinn. Eiga þau mikið þakklæti fyrir ómetanlegt starf og umhyggju fyrir staðnum.

Þá fengu sumarbúðirnar veglega gjöf upp í kaup á nýjum stólum í matsalinn, fjárhæð upp á 220.000 kr.- frá trúföstum Ölvers-saumaklúbbsi sem áður hefur komið að og gefið fjármuni til ýmissa verkefna. Ölver fékk að gjöf inneignarnótu frá Rúmatalagernum upp á 500.000 kr.-, hugmynd er að nýta þá nótu í að gera upp starfsmannaaðstöðu. Stjórnin þakkar kærlega fyrir þessar gjafir sem staðurinn og starfið nýtur góðs af.

FJÁRAFLANIR, GJAFIR OG STYRKIR

Bolir, húfur, brúsar og handklæðasett

Ákveðið var að halda áfram sölu stuttermabolanna sívinsælu. Valinn var nýr litur og varð rauður fyrir valinu. Síðustu ár voru hannaðir langermabolir fyrir starfsfólk en þetta árið voru þeir einnig í boði í minni stærðum. Það er óhætt að segja að þeir bolir hafi slegið í gegn og var eftirspurnin mjög mikil. Þetta sumarið var bætt í fjölbreytni söluvarnings. Hannaðar voru svartar húfur með bleiku Ölvers merki. Einnig voru seldir vatnsbrúsar og handklæðasett frá fyrri árum.

Gjafir og styrkir

Sumarbúðirnar hafa í gegnum árin notið stuðnings úr ýmsum áttum. Allnokkrir hafa gefið fastar peningagjafir mánaðarlega en í þeim hópi hefur fækkað nokkuð á síðustu misserum. Það væri óskandi að fjölga í þeim hópi á næsta starfsári.

Vegna Covid var skortur á innkomu þar sem önnur starfsemi en sumarstarfsemi var af skornum skammti og var því ánægjulegt að Ölver fékk 1.500.000 kr. styrk vegna tekjutaps frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem veitti styrki (veturinn 2020-2021) vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi æskulýðs- og tómstundafélaga.

Lokaorð

Stjórn Ölvers er þakklát eftir virkilega gott starfsár þrátt fyrir erfiðleika í samfélaginu og heiminum öllum. Sumarstarfið var blessunarríkt og er það ekki síst að þakka okkar frábæra starfsfólki, sjálfboðaliðum og velunnurum. Stjórnin vill koma á framfæri líkt og á hverju ári ástkæru þakklæti til þeirra allra. Þeir skipta tugum sem hafa lagt eitthvað af mörkum til starfsins í ár, hvort sem það er að biðja fyrir starfinu, vekja athygli á því, taka þátt í framkvæmdunum og ýmiskonar viðhaldsvinnu, sjá um staðinn yfir vetrartímann, taka þátt í sumarstarfinu og margt, margt fleira. Guð blessi áfram þennan yndislega stað sem er mörgum svo kær.

ANÍTA EIR EINARSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR





14. HÓLAVATN

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatsns var haldinn 10. mars 2021.

Stjórn Hólavatsns á starfsárinu skipuðu:

Herdís Helgadóttir, formaður
 Ingimar Baddi Eydal Ingimarsson, gjaldkeri (í stjórn fyrstu 3 mánuðina)
 Eydís Ösp Eypórsdóttir, ritari
 Bára Dís Sigmarsdóttir, kynningarfulltrúi
 Þórður Daníelsson, meðstjórnandi
 Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, varamaður (síðar gjaldkeri)
 Gunnar Einar Steingrímsson, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Guðmundur Ómar Guðmundsson og Þorsteinn Arnórsson.

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 10 og fóru þeir fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð, Gleráarkirkju og á Teams.

Formaður sótti sameiginlega formannafundi sumarbúðanna í gegnum Teams.

Verkefni stjórnar voru þau sömu og árið á undan. Stjórnin sér aðallega um undirbúning og skipulag sumarstarfsins, framkvæmdum og viðhaldi á staðnum. Ástandið í þjóðfélaginu leit betur út en árið á undan og því hafði stjórnin ekki miklar áhyggjur af starfi sumarbúðanna. Það

gekk vel að fá starfsfólk til starfa í flokkum sumarsins og voru allar stöður fullmannaðar vel fyrir sumarbyrjun.

Skráning í flokka fór rólega af stað en tók svo við sér þegar leið á og biðlistar mynduðust sem var mjög ánægjulegt. Í ár þurfti að endurnýja starfsleyfi Hólavatsns sem gekk vel.

Rétt fyrir sumarbyrjun gekk Ingimar Baddi Eydal Ingimarsson út úr stjórn vegna persónulegra ástæðna og tók þá Guðlaugur Sveinn Hrafnsson við stöðu gjaldkera.



Herdís
Helgadóttir



Eydís Ösp
Eypórsdóttir



Bára Dís
Sigmarsdóttir



Þórður
Daníelsson



Guðlaugur
Sveinn
Hrafnsson



Gunnar Einar
Steingrímsson

Starfsfólk sumarsins:

Forstaða: Eyðís Ösp Eypórsdóttir, Ásgeir Þór Þorvaldsson, Hreinn Pálsson, Telma Ýr Birgisdóttir og Þórhildur Einarsdóttir.
Ráðskonur: Bára Dís Sigmarsdóttir, Laufey Gísladóttir og Dagný Dís Bessadóttir.

Foringjar: Bogi Benediktsson, Dagbjört Lilja Björnsdóttir, Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Margrét Helga Kristjánsdóttir, Huguína Birta Kristjánsdóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Gunnar Einar Steingrímsson, Tinna Hermannsdóttir, Trausti Jónsson, Þórður Daníelsson.

Aðstoðarforingjar: Amanda Mist Sigrúnardóttir, Birta María Vilhjálmssdóttir, Dagbjartur Elí Kristjánsson, Helgi Þór Andrésson, Jóhanna María Gunnarsdóttir, Klaudia Anna Jablonska, Ólafur Björgvin Jónsson, Ásta María Viðarsdóttir, Guðrún Karen Sigurðardóttir, Bryndís Anna Magnúsdóttir.

Sumarstarf á Hólavatni 2021

Flokkar sumarsins 2021 voru:

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Kyn	Fjöldi
1 Frumkvöðlaflokkur	10.–12. júní	7–9	Öll	28
2 Stúlknaflokkur	14.–18. júní	8–10	Kvk	32
3 Drengjaflokkur	21.–25. júní	8–10	Kk	29
4 Stúlknaflokkur	28. júní–2. júlí	9–11	Kvk	32
5 Drengjaflokkur	5.–9. júlí	9–11	Kk	35
6 Blandaður flokkur	12.–16. júlí	11–13	Öll	36
7 Ævintýrafl. bland.	19.–23. júlí	12–14	Öll	35
8 Meistaraflokkur	26.–30. júlí	14–16	Öll	25

Yfirlit starfs

Sumarið 2021 var boðið upp á átta dvalarflokka líkt og fyrri ár. Aðsókn var til fyrirmyndar og var mun betri en sumarið áður (252 börn skráð). Flokkaskránni var breytt og bætt var við drengjaflokk eftir mikla eftirspurn. Í sumar voru því tveir drengjaflokkar, tveir stúlknaflokkar og fjórir blandaðir flokkar. Í kynningarmálum var haldið áfram að nýta samfélagsmiðla þar sem auðveldara var að ná til fólks.

Starfið á Hólavatni í sumar gekk vel, það fékkst starfsfólk sem hafði verið áður og var því öllu kunnugt. En einnig kom starfsfólk sem hafði ekki unnið á Hólavatni áður en stóð sig einstaklega vel. Vel var sótt af ungleiðtogum sem stóðu sig með þryði.

Stjórn Hólavatsns var mjög ánægð með starfsfólkið og erum við þeim afar þakklát fyrir þeirra mikilvæga starf.

Fjárfatanir

Fyrir sumarið var farið af stað með söfnun en það vantaði góða myndavél á Hólavatn. Ekki tók langan tíma að safna fyrir henni og var keypt Canon EOS 4000D sem nýttist vel í öllum flokkum sumarsins.

Í vetur var staðið að annarri söfnun en safnað var fyrir lesjósum inn í öll herbergi á Hólavatni. Gekk sú söfnun vonum fram og munu því verða sett upp ný lesljós fyrir næsta sumar. Stjórn Hólavatsns er þakklát fyrir mikilvægt og gott bakland sem stjórnin hefur í Hollvinum Hólavatns.

Árleg kaffisala

Vegna faraldursins og samkomutakmarkana þá þurfti því miður að fresta hinni árlegu kaffisölu aftur. Ekki var sett inn auglýsing þetta árið líkt og gert var í fyrra.



Framkvæmdir

Farnar voru fimm vinnuferðir í lok apríl fram í maí þar sem ýmislegt var gert. Eftir ýmsar úrbætur eins og lagfæringar á handriðum eftir tilmælum frá Heilbrigðiseftirlitinu þurfti að mála þau. Blikk var fest utan á húsið til að varna því, húsið var allt þrifið, málað innandyr og reynt að laga leka í sal. Liggur fyrir að laga þurfi þakið á gamla hlutanum vegna leka. Er það verkefni sem vonast er til að verði klárað á þessu ári.

Áhrif Covid-19 á starf Hólavatsns

Heimsfaraldurinn hafði ekki eins mikil áhrif á starf Hólavatsns eins og við var búist. Var meðþáttaka í flokka sumarsins og gat sumarstarfið haldið sínu striki án allra truflana.

Eftir sem áður var lögð mikil áhersla á sóttvarnir og sóttthreinsun auk þess sem gestagangur var takmarkaður á Hólavatni og óviðkomandi aðgangur bannaður.

Fermingarnámskeið

Vegna samkomutakmarkana og mikillar fjölgunar í smitum voru ekki farnar neinar fermingarferðir á Hólavatn. Hefur skapast sú hefð hjá Gleráarkirkju að fara með fermingarhópa á Hólavatn og hefur verið mikil ánægja með ferðirnar. Aðrir söfnuðir hafa sýnt ferðunum áhuga og bindum við vonir um að hægt verði að fara í ferðir þegar ástandið batnar.

Lokaorð

Í sálmunum, kafli 119, versí 105 segir:

„Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.“

Hólavatn hjartakæra, hér er á fögrum stað.

Þessi ómetanlegi staður sem er sannkölluð paradís fyrir börn. Á þessum stað fá börnin ótal tækifæri, tækifæri til að kynna öðrum börnum, tækifæri til þess að kynna sjálfum sér betur, tækifæri til þess að læra eitthvað nýtt og tækifæri til þess að kynna Jesús Kristi.

Börnin fá að heyra orð Guðs og orð Jesús Krists, orð sem lýsa þeim í gegnum lífið og veita þeim öryggi.

Á Hólavatni gefst tækifæri til þess að kynna sögurnar sem Jesús sagði fyrir börnunum og kenna með því kærleikann sem Jesús talaði um.

Biðjum við Guð um að blessa starfið sem fram fer á Hólavatni, blessa hvert barn sem þangað kemur og blessa allt það góða fólk sem kemur að starfi Hólavatsns.

EYDÍS ÖSP EYÞÓRSÐÓTTIR
RITARI STJÓRNAR





15. KALDÁRSEL

Sumarbúðirnar í Kaldárseli hafa verið starfræktar frá árinu 1925, eða í 96 ár. Á þessum tíma hafa mörg börn fengið að njóta þess að dvelja í Kaldárseli og um leið fengið dýrmæt tækifæri til að rækta líkama, sál og anda. Umhverfi Kaldársels er ævintýri líkast, þar er fjöldi hella og annarra fallegra staða sem gaman er að skoða. Hraunið umhverfis Kaldársel og Kaldáin hafa verið verið uppspetta ótalmargra gleðistunda hjá börnunum sem dvelja í Kaldárseli. Sumarbúðirnar í Kaldárseli voru fyrstu íslensku sumarbúðirnar til að vera með fastan skála. Mikið hefur verið byggt við skálann í Kaldárseli síðan þá og í dag skiptist hann niður í tvo hluta, gamla og nýja skálann. Í gamla skálanum er matsalur, eldhús, sameiginlegt rými og nokkur svefnherbergi fyrir börn sem og starfsmannaherbergi. Síðast liðið vor var farið í nokkuð miklar framkvæmdir á nýja skálanum. Svefnal og geymslu á neðri hæð skálans var breytt í nokkur minni svefnherbergi og eitt starfsmannaherbergi en auk þess eru eru í nýja skálanum íþróttasalur, samkomusalur og fleiri herbergi fyrir starfsfólk. Í Kaldárseli er aðstaða fyrir 40 börn og 8 starfsmenn.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 11. mars 2021 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Helga Magnúsdóttir og fundarritari var Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson. Kjörnefnd skipaði Sveinn Valdimarsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir þeir Guðmundur Jóhannsson og Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson.

Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

Jóna Þórdís Eggertsdóttir, formaður
Sveinn Elliði Björnsson, gjaldkeri
Guðrún Ósk Gunnarsdóttir, ritari
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi
Práinn Andreuson, ráðningarfulltrúi
Guðni Natan Gunnarsson, varamaður
Bryndís Böðvarsdóttir, varamaður



Jóna Þórdís
Eggertsdóttir



Sveinn Elliði
Björnsson



Guðrún Ósk
Gunnarsdóttir



Guðrún Þóra
Gunnarsdóttir



Práinn
Andreuson



Guðni Natan
Gunnarsson



Bryndís
Böðvarsdóttir

Helstu verkefni stjórnar

Á árinu voru haldnir 9 stjórnarfundir en milli funda átti stjórnin í virkum samskiptum í gegnum Facebookhóp stjórnar. Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinnti á starfsárinu eru:

Undirbúningur sumarstarfs

Undirbúningur sumarstarfsins hófst með áframhaldandi auglýsingaátaki sem hefur skilaði sér í frábærri skráningu síðastliðin ár. Auglýst var aðallega í gegnum Facebook í þetta skipti, en einnig var auglýst gegnum Fjarðarpóstinn. Að öðru leyti átti hefðbundinn undirbúningur sér stað svo sem ráðningar, starfsmannajálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

Vorgleiði

Vegna sóttvarnatakmarka var ekki hægt að halda Vorhátíð með sama sniði og áður. Annan í hvítasunnu, 24. Maí 2021, var opið hús í Kaldárseli. Þá var fólk velkomið í Kaldársel og skoða breytingar á skálanum, yfir 50 manns litu við sem var passlegt miðað við sóttvarnareglur. Sportfélag KFUM og KFUK stóð fyrir fjölskyldugöngu í Fosshelli og Valaból. Gestum var síðan boðið upp á kaffi og kleinur. Kaldæingarnir Erla Jónsdóttir og Kolbrún gáfu okkur málverk eftir Jón Gunnarsson af skálanum.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ

Líkt og undanfarin ár greiddi Hafnarfjarðarbær þrjá starfsmenn í sex vikur í sumarstarfi Kaldársels sem er mikil blessun fyrir starfið. Áframhaldandi verkefni stjórnar er að halda virku samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og hvetja til samstarfs í málum sem tengjast sumarbúðunum og umhverfi þeirra.

Samskipti við starfsmenn

Stjórn Kaldársels tók alla nýja starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið var sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útvist, eftirlit og hlutverk foringja. Haldin var uppskeruhátíð eftir sumarið þar sem starfsfólki var boðið í mat og murder mystery leik auk þess sem starfsfólki var gefið tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar fyrir starfið í Kaldárseli. Er það mat stjórnar Kaldársels að öflugur starfsmannakjarni sé kominn til að vera sem við erum gríðarlega þakklát fyrir og vonandi næst að halda vel í hann.

Eftirfylgni með starfsemi Vinasetursins

Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vinasetursins sem samanstóð af Helga Gíslasyni, formanni stjórnar, Jónu Þórdísi Eggertsdóttur, tengilið við Kaldársel Arnóri Heiðarsyni, gjaldkera og Guðna Natani Gunnarssyni sem varamanni. Framkvæmdastjóri Vinasetursins, Guðrún Elva, og stjórn Vinasetursins hefur haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.

Fjallaselsframkvæmdin

Árið 2020 var sett í gang stærsta og víðamesta framkvæmd í Kaldárseli síðastliðin 20 ár, sem hefur verið kölluð Fjallaselsframkvæmdin. Verkið náðist að klára að mestu fyrir sumarstarfið 2021 en þó voru nokkur minni háttar verkefni sem fengu að biða til haustsins. Markmið framkvæmdarinnar var að laga hluta hússins sem lá undir skemmdum og á sama tíma nýta húsið betur. Breyting á svefnaðstöðu barnanna kemur vel út en er verið að klára koma öllu fyrir en þetta hefur haft mjög jákvæð áhrif á skálann og starfið sem fram fer í Kaldárseli. Framkvæmdin varð mun víðameiri en gert var ráð fyrir og kostnaðurinn fór fram úr kostnaðaráætlun. Næstu verkefni stjórnar er að safna fjár til að greiða fyrir framkvæmdina.



Karólína fjáröflun

Í október og nóvember stóð stjórn Kaldársels fyrir fjáröflun í gegnum Karolínafund þar sem markmiðið var að safna 1.000.000. Það markmið tókst og gott betur en í heildina söfnuðust um 1.200.000 kr. Sem fara beint í niðurgreiðslu á Fjallaselsframkvæmdinni.

STARFSEMI – SUMARSTARF

Flokkar sumarsins

Flokkur	Dagsetningar	Aldur	Fjöldi
1. Leikjanámskeið	14.-18. júní	6-9 ára	40
2. Dvalarflokkur	21-25. júní	8-11 ára	43
3. Leikjanámskeið	28. júní-2. júlí	6-9 ára	40
4. Dvalarflokkur	5.-9. júlí	9-12 ára	40
5. Leikjanámskeið	12.-16. júlí	6-9 ára	40
6. Leikjanámskeið	26.-30. júlí	6-9 ára	40
7. Leikjanámskeið	3.-6. ágúst	6-9 ára	37
8. Dvalarflokkur	9.-13. ágúst	8-11 ára	38
9. Leikjanámskeið	16.-20. ágúst	6-9 ára	39
		Samtals	356

Þær breytingar voru gerðar á flokkaskránni milli ára er að ákveðið var að hafa dvalarflokkana ekki samliggjandi. Einnig var ákveðið að hafa dvalarflokk í ágúst. Vorið 2021 fengum við fyrirspurnir um leikjanámskeið fyrir eldri börn og ákváðum við því að árið 2022 yrði leikjanámskeið fyrir eldri börn.



Tölfræði þátttöku

Heildarnýting: Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur voru samtals 356 í sumarstarfinu árið 2021 en aðeins voru fjögur pláss ekki fullnýtt. Nýtingin var því 99%. Þátttaka í starfi Kaldársels hefur verið vaxandi undanfarin ár en árið 2020 komu 331 barn í Kaldársel og því jókst þátttakan um 7,5% milli ára. Enn eitt árið í röð eykst fjöldi þátttakenda í Kaldárseli.

Endurkomuhlutfall: Yfir sumarið var meðalendurkomuhlutfall, þ.e.a.s. hlutfall þeirra sem hafa komið áður í Kaldársel 41,6%. Þá var hlutfall þeirra sem höfðu tekið þátt í einhverju starfi KFUM og KFUK áður 49,4%.

Aldur þátttakenda: Aldursdrefingin var eftirfarandi: 5-6 ára 13%, 7 ára 28%, 8 ára 28%, 9 ára 21%, 10 ára 8% og 11-12 ára 2%. Meðalaldur var sá sami og á síðasta ári eða um 7.9 ár. Kaldársel virðist höfða sérstaklega vel til barna á aldrinum 7-9 ára en á sama tíma eru flestir flokkanna miðaðir að þeim aldri. Börn á aldrinum 8 til 9 ára hafa getað tekið þátt í öllum flokkum Kaldársels undanfarin ár, en árið 2020 var ákveðið að hafa einn flokk fyrir 10-12 ára sem tókst vel og var endurtekið 2021.

Starfsmenn

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Við vorum líka mjög ánægð með framlag aðstoðarforingjana sem hafa ekki verið eins margir í Kaldárseli í mörg ár. Sumarið 2021 störfuðu eftirtaldir starfsmenn á leikjanámskeiðum og dvalarflokkum Kaldársels.

Matráður og innkaupastjóri:
Beata Jónsdóttir

Forstöðufólk:
Atli Rafnsson
Erla Sif Kalsdóttir
Gunnar Thomas Guðnason
Hanna Guðrún Pétursdóttir
Ingi Hrafn Pálsson
Jóna Þórdís Eggertsdóttir
Þráinn Andreusson

Foringjar:
Donna María Skúladóttir
Guðni Natan Gunnarsson
Haraldur Steinar Skúlason
Hrannar Ása Magnúsar
Kristel Elva Þórðardóttir
Lena Inaba Árnadóttir
Petur Adamsson
Rannveig Ögn Jónsdóttir
Sigríður Stella Guðnadóttir
Sveinn Elliði Björnsson
Trausti Jónsson
Viktor Abdullah Fikrason

Aðstoðar foringjar:
Bernardo Tino
Herdis Eggertsdóttir
Karitas Halla
Sólveig Hjörleifsdóttir
Þórhildur Kristjánsdóttir



Áhrif Covid-19 á starfið

Áhrif heimsfaraldurs hefur ekki farið leynt, en þrátt fyrir það hefur starf Kaldársels ekki raskast. Við gátum haft óskerta þjónustu allt sumarið þar sem börn 12 ára og yngri voru undanskilin samkomutakmörkunum. Hins vegar vorum við búin að skipuleggja ýmsa viðburði sem samkomutakmarkanir hafði áhrif á.

Kaldársel hefur vanalega haldið vorhátíð til að sýna staðinn og halda tengslum við velunnara. Vorhátíðinni var fyrst frestað en að lokum var hún blásin af. Í staðinn var haldið opið hús.

Árleg námskeið röskuðust eins og hjá öðrum sumarbúðum en KFUM og KFUK buðu upp á ýmis vefnámskeið til að bæta upp fyrir það. Þó náðist að hafa kvöldnámskeið í Kaldárseli rétt fyrir fyrsta flokk þar sem slakað hafði verið á samkomutakmörkunum.

Kaldársel er eigandi Vinasetursins sem er með sína starfsemi í Selinu um helgar allt árið um kring. Vinasetrið hefur að einhverju leiti þurft að takmarka sína starfsemi frá því að faraldurinn hófst.

FRAMKVÆMDIR OG STARFSADSTAÐA

Framkvæmdir og viðhald

Kaldársel hefur á síðustu árum unnið upp skuldir sem urðu til vegna viðhalds á staðnum.

Lokið var við Fjallaselsframkvæmdina sem fólst í að endurnýja glugga og hurðir, bæta einangrun, og hitakerfi. Útbúin voru fjögur ný sex til sjö manna herbergi fyrir dvalargesti og eitt starfsmannaherbergi í rými sem áður var fatahengi, 20 manna svefnsalur og geymsla. Mikilvægar endurbætur á brunavörnum voru gerðar samhliða og aðgengi fyrir hreyfihamlaða bætt til muna. Verkið var umfangsmeira en gert var ráð fyrir upphaflega. Þar má helst nefna að rífa þurfti gömlu svalirnar til að byggja nýjar lengri svalir sem nýstast sem örugg flóttaleið fyrir öll rými á efri hæðinni.

Til að fjármagna þessa framkvæmd hefur stjórnin þurft að sækja um ýmsa styrki auk þess sem sett var í gang Karolínafund söfnun sem gekk vonum fram. Framkvæmdum lauk rétt fyrir byrjun sumarstarfsins en þessi framkvæmd er í raun fyrsti áfangi í framtíðarsýn Kaldársels um að endurnýja allt húsið og nýta betur plássið sem við höfum, gera húsnæðið öruggara, þægilegra og aðgengilegra.

Vinnudagur

13. maí var haldin vinnudagur þar sem staðurinn var þrífinn frá toppi til táar til að hreinsa upp rykið eftir framkvæmdirnar og koma húsgögnum fyrir á réttum stöðum.

Lokaorð

Eins og skýrsla þessi ber með sér var starfsárið 2021-2022 heldur betur viðburðaríkt. Við erum sérstaklega þakklát fyrir mikla nýtingu sumarbúðanna síðastliðið sumar og fyrir hið góða starfsfólk sem hefur tekið þátt í enduruppbyggingu staðarins þessi síðastliðnu ár. Það er dýrmætt traust sem foreldrar sýna okkur þegar þau senda börnin sín í sumarbúðirnar okkar. Við munum vinna hörðum höndum áfram að því að gera dvöl barnanna sem ánægjulegasta og að orðspor sumarbúðanna megi blómstra og þátttökan verði góð um ókomin ár. Samstarfið við Vinasetrið gekk einstaklega vel síðasta sumar. Samstarf stjórnar Kaldársels við Hafnarfjarðarbæ er okkur í stjórninni líka mikilvægt og við munum halda áfram að sinna því af alúð.

Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, velunnurum og gestum.

GUDRÚN ÓSK GUNNARSÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



16. KFUM OG KFUK Á AKUREYRI

Stjórn og stjórnarstörf

KFUM og KFUK á Akureyri hefur aðsetur í björtum sal á 2. hæð í verslunarkjarnanum Sunnuhlíð 12. Félagið var stofnað 1951 og hefur haft aðsetur í Sunnuhlíð frá 1986.

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri árið 2021 var haldinn 10. mars í félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Katrín Harðardóttir var kosinn fundarstjóri og fundarritari var Eydís Ösp Eypórsdóttir.

Í stjórn KFUM og KFUK á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

Brynhildur Bjarnadóttir, formaður,
Eydís Ösp Eypórsdóttir, gjaldkeri
Hanna Þórey Guðmundsdóttir, ritari.
Gunnar Einar Steingrímsson, varamaður
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, varamaður



Brynhildur Bjarnadóttir Eydís Ösp Eypórsdóttir Hanna Þórey Guðmundsdóttir Gunnar Einar Steingrímsson Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir

Haldnir voru 11 stjórnarfundir, flestir í fundaraðstöðu félagsins í Sunnuhlíð, en þó funduðum við líka annars staðar m.a. í netheimum. Tinna Hermannsdóttir svæðisfulltrúi sat fundina sem starfsmaður.

Helstu verkefni stjórnar

Þó megin hlutverk félagsins snúi að barnastarfi koma ýmiss önnur verkefni á borð stjórnar, t.d. mál sem snúa að rekstri félagsheimilisins í Sunnuhlíð. Reginn fasteignafélag á núna langstærstan eignarhluta í verslunarmiðstöðinni og hefur verið að reyna að glæða húsnæðið lífi sem kallar á endurbætur og viðhald. Á aðalfundi húsfélagsins í vor komu þeir fram með áætlun um endurnýjun á öryggis- og brunamálum hússins. Þessar endurbætur eru í takt við nýja tíma og eru óumflýjanlegar þó þær séu dýrar. Á árinu greiddum við fyrsta hluta af þessum kostnaði. Nýir leigjendur eru komnir í kjallarann á neðstu hæðinni og því þótti ástæða til að mála og þrifa stigaganginn okkar. Við tókum þátt í þeim kostnaði en settum þak á þá upphæð sem við vorum til í að borga. Á haustmánuðum var stjórnin kölluð á fund Regins þar sem okkur var tilkynnt að til stæði að bjóða alla efri hæð verslunarmiðstöðvarinnar, auk nýbyggingar til norðurs undir Heilsugæslustöð. Það kom þó skýrt fram að félagshúsnæði okkar yrði óbreytt. Reginn óskaði eftir undirskrift á viljayfirlýsingar frá öllum eigendum (þ.m.t. okkur) til að tryggja að allir væru upplýstir áður en hönnun færi fram ef einhver ætlaði að standa í vegi fyrir þessari framkvæmd. Allir skrifuðu undir en þó skal tekið fram að þessi viljayfirlýsing var ekki lögfræðilega bindandi. Á nýju ári kom svo tilboð í sameign okkar og tilboð í byggingaréttinn norðan við hús. Eigendur (aðrir en Reginn) stilltu saman strengi sína og fengu sér sameiginlegan lögmann til að tryggja að sanngjarnt verð fengist fyrir sameignina og byggingaréttinn. Lögmaðurinn vinnur nú að því að tryggja rétt annarra eigenda og skoðar t.d. að þessi framkvæmd kalli ekki á óvæntan kostnað frá okkar hendi síðar meir. Reginn hefur fullvissað okkur um að enginn kostnaður eigi að lenda á okkur, allar

breytingar á ytra byrði hússins verða greiddar af þeim og við þurfum að gæta að því að setja þak á rekstrarkostnað húsfélagsins í framtíðinni til að tryggja að kostnaður t.a.m. aukinn snjósmokstur valdi okkur ekki byrði. Stjórnin ákvað að fara í endurbætur á baðherbergjunum við innganginn, enda þörf á því. Við keyptum loftaplötur og flísar en ákváðum svo að fresta þessum framkvæmdum til ársins 2022. Við vorum í samskiptum við Íslandslyftur um lyftu fyrir hjólastóla á stigaganginn frammi en í byrjun árs fékk félagið styrk til lyftuframkvæmda frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Eftir nokkra bið svöruðu Íslandslyftur loks erindi okkar en ekki er þó fyllilega ljóst enn hvort hægt sé að koma fyrir lyftu í stigaganginum auk þess sem kostnaður er nokkuð óljós á þessu stigi málsins. Stjórnin ákvað því að bíða með lyftuframkvæmdir meðan fyrirhugaðar breytingar hjá Regin munu standa yfir og hefur óskaði eftir því að fá að nota styrkinn frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að auka aðgengi fatlaðra að snyrtingunum okkar og samþykkti ráðuneytið það. Óskað var eftir hækkun á styrk frá Frístundaráði Akureyrarbæjar á árinu. Fulltrúar stjórnar ásamt svæðisfulltrúa fóru á fund formanns Frístundaráðs ásamt sviðsstjóra Frístundaráðs. Því miður var ekki hægt að verða við beiðni okkar og við fengum ekki hækkun á styrknum.

Ný útleiga

Mun minna var um útleigu fyrir veislur en vaninn var vegna samkomutakmarkana og varð félagið af þó nokkrum tekjum vegna þessa. Félagið fékk þó nýjan leigjanda þrjá seinni parta í viku en það er Tónlistarskóli Eyjafjarðar sem nýtir salinn og setustofuna til kennslu. Það munar um þessar leigutekjur á þessum tímum.

Barna og æskulýðsstarf

Barna- og æskulýðsstarfið okkar gekk mjög vel á árinu. Tinna Hermannsdóttir, svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á norðurlandi og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson æskulýðsfulltrúi hafa séð um yngri deildirnar. Yngsta deildin okkar, vinadeildin hefur verið gríðarlega vel sótt en alla jafna voru 30 börn sem sóttu hvern fund fyrir áramót. Þeim til halds og traust eru ungleiðtogar sem hjálpa til með fundina. Við erum í góðu samstarfi við Glerárkirkju með unglingastarfið Ud-glerá en það hefur einnig gengið mjög vel.

Samstarfið við Laufásprestakall hélt áfram á haustmánuðum en þá hélt Guðlaugur Sveinn uppi Leikjafjöri á Grenivík og á Svalbarðseyri. Einnig bættist við ný deild á Húsavík sem fékk nafnið NTT (9 til 12 ára) og sá Guðlaugur Sveinn einnig um þá deild.





Sumarið 2021 bauð KFUM og KFUK á Akureyri í fyrsta skipti upp á leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-9 ára.

Á starfsárinu hafa eftirfarandi deildir verið starfræktar á Norðurlandi:

- Vinadeild KFUM og KFUK – skráð voru 70 börn, en meðaltalsmæting um 30 börn. Leiðtogar: Tinna Hermannsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson. Ungleiðtogar: Ásta María Viðarsdóttir, Hafdís Ósk, Katrín Lind Sverrisdóttir og Guðrún Karen Sigurðardóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK – skráðir voru 20, en meðalmæting um 7 börn. Leiðtogar: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson. Ungleiðtogar: Ásta María Viðarsdóttir, Hafdís Ósk, Katrín Lind Sverrisdóttir og Guðrún Karen Sigurðardóttir.
- Unglingadeild í samstarfi við Gleráarkirkju, UD-Glerá – skráðir þátttakendur alls 20, meðaltalsmæting á fund var um 12 unglingar. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir og Tinna Hermannsdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Grenivík, – skráð 12 börn og meðaltalsmæting 5. Leiðtogi Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Svalbarðseyri, – skráð 15 börn meðaltalsmæting 5. Leiðtogi Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
- NTT starf KFUM og KFUK Húsavík – Skráðir þátttakendur 20, meðalmæting 12. Leiðtogar: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Tinna Hermannsdóttir

Viðburðir

Helgina 19.-21. febrúar fóru leiðtogarnir Tinna Hermannsdóttir og Guðlaugur Sveinn Hrafnsson með 16 unglinga úr UD-Glerá starfinu á Friðriksmótið í Vatnaskógi.

Um miðjan október fór verkefnið Jól í skókassa á fullt og barna- og unglingastarfið tók virkan þátt í því. Einnig fór Tinna Hermannsdóttir í 7. bekk í Síðuskóla og kynnti verkefnið fyrir þeim og tók á móti jólapökkum sem þau voru búin að gera. Dagana 22. – 23. október tóku Eydis Ösp Eypórsdóttir og Tinna Hermannsdóttir á móti pökkum en í ár var ný staðsetning á móttökunni en við vorum í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð. Það fóru um 420 pakkir frá Akureyri í ár.



Helgina 15. - 17. október fór Guðlaugur Sveinn Hrafnsson með 6 stelpur í Vindáshlíð til að sækja leiðtogabjálfun. Við erum með sterkan kjarna í unglingastarfinu hjá okkur sem hefur bæði verið að sækja leiðtogabjálfun til KFUM og KFUK og í farskóla leiðtogaefna hjá Þjóðkirkjunni.

Leikjanámskeið

Síðasta sumar bauð KFUM og KFUK á Akureyri í fyrsta skipti upp á leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Haldin voru tvö viku námskeið og 20 krakkar voru á hvoru námskeiði. Leiðtogar á námskeiðinu voru Tinna Hermannsdóttir og Bára Dís Sigmarsdóttir og ungleiðtogar Klaudia Jablonska, Jóhanna María Gunnarsdóttir, Amanda Mist Sigrúnardóttir og Bryndís Anna Magnúsdóttir. Gaman er að segja frá því að eftirspurnin var mikil og komust því miður færri börn að en vildu.

Fullorðinsstarf

Á haustmánuðum 2021 var ákveðið að halda tvær samverur fyrir fullorðna ásamt aðventustund fyrir fjölskyldur. Einnig óskaði Kristniboðsfélag Akureyrar eftir því að vera með eina samveru í samstarfi við okkur. Vegna samkomutakmarkana varð einungis ein samvera fyrir fullorðna þetta haustið. Sigurður Ingimarsson og Rannvá Olsen komu og leiddu ljúfa stund með söng og orði.

Áhrif Covid-19 á starfið

Líkt og síðasta vetur settu samkomutakmarkanir starfi félagsins nokkrar skorður. Hlé þurfti að taka á deildarstarfi bæði á haustmisseri og vormisseri en við bindum vonir við að nú sé þessum takmörkunum að ljúka og starf félagsins geti farið fram með eðlilegum hætti.

Gjafir og styrkir

Akureyrarbær styrkti okkur um 1.500.000 krónur líkt og undanfarin ár. Einnig fengum við styrk frá KEA eins og oft áður, að þessu sinni upp á 150.000 krónur og verður styrkurinn nýttur í æskulýðsstarfið.

Lokaorð

Okkur er þakklæti efst í huga fyrir þá hluti sem hafa gengið vel. Við höfum viljað hafa fleiri samverur fyrir fullorðna og börn en heimsfaraldurinn hefur sett okkur skorður. Þó að félagið sé lítið þá erum við stolt af okkar starfi og þökkum Guði fyrir að enn getum við boðið börnum að koma og njóta þess sem KFUM og K hefur uppá að bjóða. Við erum líka þakklát fyrir góðan og öflugan starfsmann sem sinnir félaginu af alhug. Þó að félagið sé ekki mannmargt þá skiptir hver og einn félagi máli og áfram höldum við ótrauð áfram í skjóli Drottins.

HANNA PÓREY GUÐMUNDSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



17. KFUM OG KFUK Í VESTMANNAEYJUM

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum heldur úti unglingadeild í samstarfi við Landakirkju og nefnist hún Æsland, Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Félagið hefur verið rekið í þessari mynd frá árinu 1991 er KFUM og KFUK starf sem legið hafði í dvala í nokkurn tíma var endurreist af Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF


Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 22. mars kl. 12:00 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sóttu 6 manns. Fundarstjóri var Gísli Stefánsson, gjaldkeri Ragnheiður Perla Hjaltadóttir ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Brynja Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Snorri Rúnarsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt tvo stjórnarfundi á starfsárinu í safnaðarheimili Landakirkju. Stjórnin hittist einnig við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.



Guðmundur
Örn Jónsson

Ragnheiður
Perla
Hjaltadóttir

Gísli Stefánsson

Brynja
Halldórsdóttir

Snorri
Rúnarsson

Helstu verkefni stjórnar

Á fyrstu mánuðum ársins hóf stjórnarfolk og sjálfboðaliðar á vegum félagsins að færa fræðslustofu Landakirkju, sem hefur verið helsti griðastaður félagsins, í horfið fyrir starfið. Rýmið var málað, keypt ný húsgögn og útbúin notalega setustofa í stað kaldrar skólustofu. Einnig var bætt við tækjum og tólum sem nýtast í opnu húsin og æskulýðsfundi.

Stjórnin hélt áfram, eins og fyrr, að styrkja þátttakendur og leiðtoga í starfinu til þátttöku á mótum og leiðtoganámskeiðum.

STARFSEMI OG VIÐBURÐIR

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingadeild fyrir 8. 9. og 10. bekk og fyrsta ár í framhaldsskóla. Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju. Á vorönn sóttu að meðaltali 15 krakkar þær stundir en með nýjum og öflugum fermingarárgangi jókst mætingin í 25-30 og hélst það fram að jólum. Krakkar úr 8. bekk eru máttarstólpar starfsins ásamt



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er starfrækt í nánu samstarfi við Landakirkju.

leiðtogahópnum sem samanstendur af frábærum, kröftugum einstaklingum sem líma starfið saman og eru gríðarlega mikil verðmæti fólgin í þeim hóp. Þau hafa öll gengist undir leiðtogabjálfun hjá KFUM og KFUK á Íslandi og starfa sem ungleiðtogar í krakkaklúbbum Landakirkju.

Opin hús í safnaðarheimili Landakirkju

Á fimmtudagskvöldum á vorönn og miðvikudagskvöldum á haustönn var opið hús í fræðslustofu safnaðarheimilis Landakirkju og sóttu það um 5 unglingar að jafnaði í hverri viku á vorönn. Á haustönn jókst þátttakan og voru þátttakendur að meðaltali 14. Þessa aukningu má helst skýra með bættri aðstöðu og öflugum fermingarárgangi. Stefnt er á bæta aðstöðuna enn frekar og er hugmyndavinna í gangi.

Leiðtogarnir Arnar Gauti Egilsson, Snorri Rúnarsson, Sandra Dögg Valgeirsdóttir, Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir og Trausti Mar Sigurðarson héldu utan um opnu húsin á starfsárinu með aðstoð Gísla Stefánssonar æskulýðsfulltrúa og eiga þau heiður skilið fyrir það.

Sjálfboðaliðar í starfinu

Sjálfboðaliðar í starfinu: Arnar Gauti Egilsson, Brynja Halldórsdóttir, Guðmundur Örn Jónsson, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Sandra Dögg Valgeirsdóttir, Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir, Sigurlás Máni Hafsteinsson, Snorri Rúnarsson og Trausti Mar Sigurðarson.



Friðríksmótið í Vatnaskógi

6 þátttakendur og 2 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum fóru á Friðríksmótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 19. – 21. febrúar 2021. Það er alltaf ljúft að skreppa eina helgi í skóginn og þó að hópurinn frá Eyjum hafi verið óvanalega nettur í þetta skiptið nutu allir ferðarinnar til hins ýtrasta. Mótið var vel heppnað og eiga þeir leiðtogar sem stóðu að mótinu mikinn heiður skilið.

Framkvæmdir og starfaðstaða

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum nýtir fræðslustofu Landakirkju fyrir starfsemi sína og fékkst leyfi sóknarnefndar Landakirkju til að gera aðstöðuna meira aðlaðandi. Rýmið var málað í hlýjum gráum lit og voru nýjir og þægilegir sófar keyptir inn ásamt öðrum nettum húsgögnum. Bætt var í spila- og leikjatölvusafnið og er það orðið nokkuð myndalegt. Bætt aðstaða hefur ekki aðeins nýst Æskulýðsfélaginu og öðru barnastarfi í kirkjunni heldur hafa önnur félög og hópar sem starfa innan Landakirkju sótt í að nýta aðstöðuna fyrir sína starfsemi. Þar má nefna Kvenfélag Landakirkju, Gídeón félagið, 12 spora starfið, foreldramorgna og Kirkjustarf fatlaðra ásamt því að allt fermingarfræðsla fer þar fram. Allir eru himinlifandi með þetta uppfærða rými og hefur þetta hjálpað við að sameina og auka samskipti sjálfboðaliða innan Landakirkju á þessum erfiðu tímum heimsfaraldrar.



Lokaorð

Framan af árinu 2021 hægðu takmarkanir og veira á vexti æskulýðsstarfsins líkt og árið áður. En með afléttingum og nýjum fermingarárgangi á haustönn fór starfið af stað með látum og mikilli þátttöku og tekist hefur að mynda mjög spennandi og áhugaverðan hóp í unglingadeildinni okkar. Þátttaka okkar í öðrum árlegum viðburðum en Friðríksmótinu hefur hins vegar legið niðri en þar má hugsanlega kenna um takmörkuðum áhuga krakkanna á fjaræskulýðsmótum og fjaræskulýðsstarfi. Það styttest hins vegar með hverjum deginum í þann dag þar sem við siglumst á þessari veiru sem hefur háð okkur undanfarin tvö ár svo við horfum bjartsýn fram á veginn.

RAGNHEIÐUR PERLA HJALTADÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



GÍSLI STEFÁNSSON
GJALDKERI STJÓRNAR



18. KFUM OG KFUK Á SUÐURNESJUM

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 9. mars 2021.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – ritari
Erla Guðmundsdóttir – varamaður
Björn Kristinn Jóhannsson – varamaður
en lét af störfum fljótlega í upphafi starfsárs

Skoðunarmenn reikninga voru Páll Skaftason og Sigvaldi Björgvinsson.



Sigurbjört
Kristjánsdóttir



Sveinn
Valdimarsson



Margrét Jóhanna
Guðjónsdóttir



Erla
Guðmundsdóttir

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin hélt 5 fundi á starfsárinu og voru verkefni stjórnarinnar margvísleg. Verkefni voru meðal annars umsjón með deildarstarfi félagsins á Suðurnesjum, en starfsstöðvagnar eru 4 talsins: Félagsheimili KFUM og KFUK, Safnaðarheimili Innri- Njarðvírkirkju, Ásbrú og safnaðarheimili Grindavíkursóknar. Fjórar deildir eru starfræktar í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, ein deild í safnaðarheimili kirkjunnar í Innri-Njarðvík og ein deild á Ásbrú í samstarfi við Njarðvíkursókn og Hjálpæðisherinn, einnig eru tvær deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til að leiða starfið í Reykjanesbæ og gekk það mjög vel. Haldin voru þrjú leikjanámskeið sumarið 2021. Einnig bar stjórnin ábyrgð á umsjón og viðhaldi félagsheimilisins að Hátúni 36 í Reykjanesbæ.

Starfsemi og viðburðir

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2021 voru 234 talsins sem er aðeins færri en starfsárið 2020-2021.



Deildarstarfið og leiðtogar

Leiðtogar og ungleiðtogar starfsins úr Reykjanesbæ og Grindavík voru 33.

Keflavík

Vínadeild – 21 skráðir en meðalmæting er 8 börn. Leiðtogar: Brynja Eiríksdóttir og Marín Hrund Jónsdóttir.

Yngri deild KFUM – 20 skráðir en meðalmæting 7 drengir. Leiðtogar: Sveinn Valdimarsson, Kristinn Arnar Ólafsson og Ólafur Jónsson.

Yngri deild KFUK – 89 skráðar en meðalmæting 20 stúlkur. Leiðtogar: Sigurbjört Kristjánsdóttir, Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, Helga Sveinsdóttir, Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Helga Vigdís Thordersen, Ragnheiður Jónsdóttir, Ragna María Gísladóttir og Hildigunnur Kristjánsdóttir.

Unglingadeild – 55 skráðir en meðalmæting 15 unglingar. Leiðtogar: Marína Hrund Jónsdóttir, Ásdís Brita Magnúsdóttir, Margrét Linda Kristjánsdóttir (haust), Helga Sveinsdóttir, Bergrún Dögg Bjarnadóttir og Helga Vigdís Thordersen (vor).

Njarðvík og Ásbrú

Yngri deild KFUM og KFUK í Innri Njarðvík – 8 skráðir. Leiðtogar: Heiðar Örn Hönnuson, Pétur Bjarni Sigurðarson, Þórey Una Arnlaugsdóttir og Natalía Dögg Brynjarsdóttir.

Unglingadeild á Ásbrú – 8 skráðir. Leiðtogar: Pétur Bjarni Sigurðarson og Ásdís Brita Magnúsdóttir.

Grindavík

Yngri deild KFUM og KFUK – 8 mæta að meðaltali á hvern fund.

Leiðtogar: Pétur Bjarni Sigurðarson, Emilía Þóra Ólafsdóttir, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Tinna Björg Hammer Gunnarsdóttir, Eva Tirone, Helena Valdimarsdóttir, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson, Lilja Rós Jónsdóttir, Sigurjón Samved Adhikari og Thelma Rut Þorvaldsdóttir.

Unglingadeild KFUM og KFUK – 25 mæta að meðaltali á hvern fund.

Leiðtogar Pétur Bjarni Sigurðarson, Ásdís Birta Magnúsdóttir, Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson, Flóvent Rígved Adhikari, Helgi Guðmundsson og Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson.

Æskulýðsfulltrúi Keflavíkurkirkju

Marín Hrund Jónsdóttir er nýr æskulýðsfulltrúi Keflavíkurkirkju, hún kom til starfa í haust og hefur tekið þátt í starfi hjá okkur í Keflavík bæði í Vínadeild og Unglingadeild. Við fögnum komu hennar og auknu samstarfi við Keflavíkursókn.

Ferðalög

Skipulagðar ferðir fyrir þátttakendur í starfinu á starfsárinu voru felldar niður vegna heimsfaraldursins en stefnt er að taka þátt í Friðriksmóti sem haldið er í Vatnaskógi í febrúar fyrir unglinga og vorferð yngri deilda í mars. Leiðtogafræðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum sóttu leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem haldin eru í sumarbúðum KFUM og KFUK bæði í janúar og október ár hvert. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi.

Alþjóðasamskipti

Annað árið í röð hafði Covid áhrif á þátt okkar í ungmenntaverkefninu „Love the Difference with Nature“. Þetta verkefni átti að vera samstarfsverkefni til þriggja ára þar sem Slóvakía, Ísland og Þýskaland voru



samstarfsaðilar. Verkefnið fór fyrst fram í Þýskalandi og síðan í Slóvakíu árið 2019, og átti Íslandsferðin að vera lokaferðin í þessu verkefni. Níu þátttakendur og þrír leiðtogar frá Íslandi höfðu undirbúið fjölbreytta og áhugaverða dagskrá fyrir komandi þátttakendur frá hinum löndunum sem varð því miður ekki að veruleika.

Áhrif Covid 19

Starfið okkar varð fyrir nokkrum áhrifum vegna veirunnar og samkomutakmarkanna en þó alls ekki eins og síðasta vetur. Áhrifa gætti helst þegar þurfti að skella í lás einu sinni á vorönn og einu sinni á haust önn. Einnig hafði veiran töluverð áhrif á mætingu vegna fjölda veikinda barna og leiðtoga. Viðburðir á vegum félagsins voru felldir niður bæði vor – og haustferð yngri deilda sem og miðnæturmót unglingadeilda. Barnahátíð Reykjanesháttar í maí sem við tökkum þátt í á hverju ári var auk þess felld niður. Barna og unglingastarf gekk nokkuð vel og reynt var að finna ýmsar leiðir varðandi „snertilaust“ fundarefni. Eins og sagt er hér að ofan hafði veiran líka áhrif á alþjóðasamskipti.

Leikjanámskeið

Þjú leikjanámskeið voru haldin í júní 2021. Forstöðukonur voru Marín Hrund Jónsdóttir og Ásdís Birta Magnúsdóttir. Auk þeirra unnu á námskeiðunum Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Lilja Þorsteinsdóttir, Ragna María Gísladóttir og Sara Margrét Jóhannsdóttir. Þátttakendur á námskeiðunum voru 40. Leikjanámskeiðin gengu vel og byggja á traustum grunni en við fundum fyrir áhrifum Covid. Reykjanesháttar bauð uppá mun fleiri námskeið fyrir börn vegna faraldursins sem var mjög jákvætt en hafði um leið áhrif á skráningu okkar námskeiða.

Samstarf við Reykjanesháttar

Við höldum áfram að taka þátt í samstarfsverkefni Reykjanesháttar „Allir með“ sem hefur það markmið að auka tækifæri allra barna til að finna íþrótt, tómstund eða æskulýðsstarf við hæfi. Í fyrra voru gerð myndbönd um allt tómstunda og æskulýðsstarf í Reykjanesháttar en að þessu sinni voru tekin upp viðtöl við forstöðufólk í æskulýðsstarfi til enn betri kynningar. Vegna Covid þá hefur vinna við þessi myndbönd ekki verið kláruð. Þá hafði Félagsþjónusta Reykjanesháttar afnot af félagshúsinu í nokkur skipti yfir árið.

Viðhald félagsheimilis að Hátúni 36

Viðhald húsinu var lítil þetta árið. Skipt var um rennu utanhúss, útvæggur hreinsaður og var planið vestan við húsið hellulagt. Á dagskrá er að klára að ganga frá gluggum, loftlistum og ljósum í innri sal ásamt því að kaupa borð og hillur fyrir leiðtogaherbergið.

Gjafir og styrkir

Reykjanesháttar og Keflavíkursókn eru helstu styrktaraðilar KFUM og KFUK á Suðurnesjum. Einnig koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Er það félaginu ómetanlegt að njóta jákvæðs viðhorfs í samfélaginu og hafa sterkan hóp sjálfbæðaliða sem koma að starfinu.

Lokaorð

Að vinna að ríki Guðs og boða kærleika Krists er ómetanleg gleði, reynsla, áskorun og blessun. Ekki síst í þeim aðstæðum sem við höfum verið í síðustu tvö ár. En eins og síðastliðinn vetur getum við verið þakklát fyrir að halda okkar barna og unglingastarfi í gangi með frábærum og hugmyndaríkum leiðtogum. Við höldum áfram með okkar markmið að vera sýnileg og taka þátt í samfélagi okkar á Suðurnesjum sem leiðir til útbreiðslu Guðs orðs.

„Ekki hræðast að segja, já við Jesú. Því það er enginn kærleikur meiri en hans kærleikur og engin gleði meiri en hans gleði. Finndu Jesú og þú finnur frið“. - Móðir Theresá

Kærleikskveðja, stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum.

MARGRÉT JÓHANNA GUEJÓNSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR





19. VINAGARÐUR - LEIKSKÓLI KFUM OG KFUK

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var haldinn 17. mars 2021 á Holtavegi 28, en 15 manns sóttu fundinn. Magnús Viðar Skúlason var settur fundarstjóri og Jóhanna María Friðriksdóttir ritaði fundargerð. Jón Ómar Gunnarsson og Bára Sigurjónsdóttir voru í kjörnefnd fyrir aðalfund.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Karl Einarsson, formaður
Matthildur Bjarnadóttir, ritari
Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri
Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
Anna Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varamaður
Áslaug Dóra Einarsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Einar Helgi Ragnarsson og Anna Kristín Guðmundsdóttir og María Aðalsteinsdóttir til vara.

Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir.

Helstu verkefni stjórnar

Utan við hefðbundin verkefni stjórnar leikskólans tókst stjórnin á við það verkefni að ráða nýjan leikskólastjóra síðasta sumar eftir áralanga og farsæla stjórn Maríu Sighvatsdóttur. Hildur Björk Svavarsdóttir var ráðin í starfið og hóf störf í júní. Stjórnin hefur átt mjög gott samstarf við hana á síðari helmingi ársins 2021.

Auk þess var ráðist í styttingu vinnuvikunnar en ennþá eru stjórnendur leikskólans að fínþússa styttinguna. Ágætlega hefur gengið að koma þeirri breytingu í gegn.

Stjórnin vann að undirbúningi við stækkun á húsnæði Lambagarðs sem myndi fjölga plássum á þeirri deild og gera rekstur og skipulag starfsmanna á deildinni mun hagstæðari.

Ráðist var í endurnýjun lýsingar á húsnæði leikskólans sem hýsir Ungagarð, Grísagarð og Kópagarð.

Þrátt fyrir heimsfaraldur COVID-19 hefur stjórn leikskólans náð að funda reglulega með notkun fjarfundarbúnaðar. Heimsfaraldurinn hafði því lítil sem engin áhrif á störf stjórnarinnar á árinu.



Guðmundur
Karl Einarsson



Matthildur
Bjarnadóttir



Jóhanna Klara
Stefánsdóttir



Berglind Ósk
Einarsdóttir



Anna Elísa
Gunnarsdóttir



Berglind Ólöf
Sigurvinsdóttir



Áslaug Dóra
Einarsdóttir

Starfsfólk leikskólans

Við leikskólann eru að jafnaði um 22 stöðugildi. María Sighvatsdóttir leikskólastjóri lét af störfum á árinu en við stöðu hennar tók Hildur Björk Svavarsdóttir. María Jónsdóttir starfaði sem aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri en aðrir deildarstjórnar voru Alma Auðunardóttir, Eva Dögg Sveinsdóttir, Hulda Björg Jónasdóttir og Ingibjörg Leifsdóttir. Deildarstjórnar eru allir kennarar eða með háskólamenntun í uppeldisfræðum. Sérkennslustjóri var Ragnhildur Gunnarsdóttir kennari. Háskólamenntaðir starfsmenn voru María Sigurðardóttir kennari og BS í umhverfis- og auðlindafræði, Gerður Bolladóttir leikskóla- og tónlistarkennari, Þórunn Helga Þorkelsdóttir kennari og Einar Sigurmundsson kerfisfræðingur. Í starfsmannahópnum voru einnig Anna Peta Guðmundsdóttir leikskólalíði, Aðalheiður Sighvatsdóttir, Afonso de Almedia Esteves, Anna Kristín Gunnlaugsdóttir, Erika Macková, Grumnes Lenechesa, Gyða Rut Arnmundsdóttir, Samúel Jóhann Nyman, Sara Elkhili, Sigríður Nanna Egilsdóttir og Þorbjörg Tómasdóttir. Matráður var Brynjar Kristinsson og aðstoð í eldhúsi var Aurora de Jesu Almeida. Leikskólinn býr yfir miklum mannauði, bæði háu hlutfalli kennara og reynslumiklu starfsfólki. Þetta er dýrmætt fyrir leikskólastarfið.

Fjármál

Rekstur leikskólans árið 2021 gekk vel en ljóst er af reynslu síðustu ára að reksturinn er þó viðkvæmur og má ekki mikið út af bregða. Þar koma aðallega inn tvö atriði, fjöldi barna og fjöldi starfsmanna og er mikilvægt að jafnvægi ríki á milli þeirra. Þá hafa kjarasamningar mikil áhrif á rekstur og skipulag skólans og má þar sérstaklega nefna aukinn undirbúningstíma kennara og styttingu vinnuvikunnar. Á haustmánuðum lagði nefnd skipuð fulltrúum allra stéttarfélaganna í leikskólanum til ákveðna útfærslu á styttingu vinnuvikunnar sem er til reynslu skólaárið 2021-2022. Styttingu vinnuvikunnar er ætlað að fara í framkvæmd í leikskólum án aukafjármagns frá Reykjavíkurborg. Í starfi með ungum börnum er augljóst að starfsfólk þarf að koma í stað þeirra sem fara út úr starfi á deildum og því ákvað stjórnin að heimila ráðningar hlutastarfsfólks til þess að styttingin kæmi ekki niður á gæðum starfsins.

Stækkun leikskólans og framtíðarsýn

Hugmyndir um stækkun leikskólans hefur verið mikið til umræðu innan stjórnar og verið er að teikna stækkun á minnstu deild skólans þannig að hún fari úr 10 börnum í 15 í samstarfi við KFUM og KFUK. Ein af helstu áskorunum leikskólastigsins á landsvísi er að laða kennara til starfa í umhverfi þar sem fjölgun leikskólakennara hefur ekki haldið í við fjölgun leikskólalássa. Á Vinagarði verður lögð áhersla á að bæta starfsaðstæður og starfsumhverfi þannig að leikskólinn verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir fjölbreyttan hóp kennara og starfsfólks sem hefur áhuga á að vinna þessu skólastigi. Á næstu misserum hefst einnig endurskoðun skólanámskrár með virkri þátttöku allra í nærumhverfi skólans og er það frábært tækifæri til að styrkja faglega sýn og sérstöðu skólastarfsins.

LEIKSKÓLASTARFIÐ

Á Vinagarði er vináttan í viðum skilningi rauði þráðurinn í starfinu og eitt af sérkennum skólans. Markmið starfsins er að efla kristið siðgæði, virðingu, sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargæði. Gildi leikskólans eru trú, von og kærleikur.

Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja.

Börnunum er kennt að við erum hluti af sköpunarverki Guðs og að bera skuli umhyggju fyrir náttúrunni og öllu því sem Guð hefur skapað. Einnig er



Aðalheiður H. Sighvatsdóttir



Afonso de Almedia Esteves



Agnes Ýr Jónsdóttir



Alma Auðunardóttir



Anna Peta Guðmundsdóttir



Aurora de Jesus Almeida



Brynjar Kristinsson



Dario Tomas Bardales Araujo



Erika Macková



Eva Dögg Sveinsdóttir



Gerður Bolladóttir



Grumnes Lechesa



Gyða Rut Arnmundsdóttir



Hildur Björk Svavarsdóttir



Hulda Björg Jónasdóttir



Ingibjörg Leifsdóttir



María Jónsdóttir



María Rún Karlsdóttir



María Sigurðardóttir



Oddný Anna Kjartansdóttir



Ragnhildur Gunnarsdóttir



Samúel Jóhann Nyman



Sigríður Nanna Egilsdóttir



Þorbjörg Björk Tómasdóttir



Þórunn Helga Þorkelsdóttir

lögð áhersla á að börnin beri umhyggju og virðingu fyrir öðrum og að þau læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfsmynd. Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði (þema) sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun, tónlist o.s.frv. Þema starfsársins er vatnið sem gefur fjölbreytta möguleika á áhugaverðum verkefnum og tengingum við kristilega fræðslu. Elstu börnin halda hugarflugsfundir í tengslum við þema vetrarins og ákveða þannig viðfangsefni sín sjálf að miklu leyti. Yngri börnin hafa val um efnivið í sinni sköpun og geta þannig fengið að tjá sínar áherslur og áhuga.

Á Vinagarði er stöðugt unnið með umhverfisvitund enda er skólinn og leiksvæði hans sérstaklega vel úr garði gert fyrir slíkt starf og má segja að náttúran sé mikilvægur hluti af leikfni skólans. Kristinfræðsla skipar alltaf stóran þátt þar sem daglega er lesið úr Barnabíblíunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Farið er í heimsókn í Áskirkju bæði fyrir jól og páska, þar sem starfsfólk kirkjunnar tekur einstaklega vel á móti hópnum. Börnin á Vinagarði tóku sem fyrr þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ en verkefnið er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur komi náunginn við.



Stuðningur og málörvun

Leikskólaaldurinn er eitt mikilvægasta þroskatímabil barnsins. Sérstaklega þurfa börn að efla hæfileika sína í að tjá sig, skilja aðra og ná tökum á fyrstu stigum læsinsámsins. Vinagarður nýtir málörvunarefnið Lubbi finnur málbein sem er sérstaklega þróað fyrir börn á leikskólaaldril til stuðnings við íslensku mállhljóðin sem eru mikilvægur undanfari lestrar- og skriftarnáms. Lubbi er notaður á öllum deildum skólans bæði í samverustundum og söngstundum. Sérkennslustjóri og deildarstjórar móta í upphafi hvers starfsárs litla málörvunarahópa fyrir börn sem þurfa stuðning til að ná ákveðnum markmiðum og skrefum í málþroskanum. Framundan er vinna við að móta betur verklag fyrir snemmtæka íhlutun og stuðning fyrir börn í leikskólastarfinu.

Mat á leikskólastarfi

Haustið 2021 var stofnað innra matsteymi í leikskólanum eins og lög um leikskóla gera ráð fyrir en hlutverk þess er að tryggja að mat á markmiðum og áherslum skólans sé markvisst og umbætur í skólastarfi byggja á niðurstöðum þess. Í matsáætlun starfsársins er áhersla á að meta frjálsa leikinn á öllum deildum, gera starfsmannakönnun og stutta foreldrakönnun svo eitthvað sé nefnt. Matsteymið skipa fulltrúar allra deilda og á döfinni er að fá fulltrúa foreldra inn í teymið. Börnin eru líka mikilvægur aðili að mati á leikskólastarfinu og verða þróaðar leiðir til að auka aðkomu þeirra. Undanfarin ár hafa niðurstöður út mati barna t.d. leitt í ljós að söngur og dans finnast þeim skemmtilegast í starfinu, einnig útvera og listsköpun. Að sitja kyrr eða vinna róleg verkefni eins og að lita komust á blað yfir það sem gat verið erfiðast að mati barnanna vorið 2021.

Foreldrasamstarf

Eins og á síðasta starfsári settu takmarkanir á leikskólastarfi vegna faraldursins foreldrasamstarfinu ýmsar skorður. Á tímabili var tekið á móti börnum við útidyr og alveg tekið fyrir komu foreldra inn í leikskólann en slík staða er afleit fyrir alla aðila og sem betur fer hafa foreldrar fengið að koma inn í hús megnið af haustönninni. Ýmsir fastir liðir í foreldrasamstarfinu hafa enn ekki komist aftur í gang svo sem upplýsingafundir að hausti en deildarstjórar sendu upplýsingapóst til foreldra þess í stað. Einnig hefur opna facebook síða leikskólans lifnað aðeins við með almennum fréttum úr starfinu og eins hefur viðburður verið streymt, s.s. helgileik og jólaballi ásamt söngstundum. Leikskólinn fékk niðurstöður úr foreldrakönnun vorið 2021 en um 83% foreldra tóku þátt. Úr niðurstöðum mátti sjá að foreldrar eru mjög jákvæð í garð skólans, sérstaklega hvað snerti stjórnun og stefnu skólans, öryggi og vellíðan barns. Tækifæri til umbóta liggja í að fá foreldra meira inn í mat á framförum barnsins og á leikskólastarfinu í heild og finna hugmyndum þeirra um leikskólastarfið formlegan farveg. Einnig þarf að skoða leiðir til að auka rafræna upplýsingagjöf um daglegt starf en með innleiðingu Karellen og nýjum tölvukosti skólans verða nú komnar betri aðstæður til þess.

Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu „Farsæl skil leik- og grunnskóla“ ásamt Langholtsskóla og leikskólunum í hverfinu: Brákarborg, Langholti og Sunnuási. Markmið verkefnisins er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningi milli skólastiga, að börnin fái að kynna Langholtsskóla og hvert öðru áður en grunnskólagangan hefst.

Deildarstjórar hittu umsjónarkennara 1. bekkjar Langholtsskóla haustið 2021 og skipulögðu ýmsar uppákomur en minna hefur orðið úr þeim en áætlað var vegna fjölgunar smita í samfélaginu fljótlega þar á eftir. Samkoma á degi íslenskrar tungu var rafræn þar sem 5 ára börnin og 1. bekkjarnir sungu fyrir hvert annað en annað hefur því miður fallið niður. Það er von allra sem að samstarfinu standa að vorið gefi fleiri tækifæri á að kynna börnin fyrir næsta skólastigi, frístundastarfi og öllu því sem í vændum er að loknu sumarleyfi þeirra.

Foreldrafélag Vinagarðs

Foreldrafélag Vinagarðs hefur starfað síðan í febrúar 2001 en starfsár foreldrafélagsins er 1. október - 30. september ár hvert. Kórónuveirufaraldurinn hefur haft mikil áhrif á starf foreldrafélagsins síðastliðin tvö ár, en lítið var um skipulagða viðburði með foreldrum á tímabilinu. Aðalfundi 2020 var frestað til febrúar 2021, en aðalfundur 2021 var haldinn í lok október. Í maí 2021 stóð foreldrafélagið fyrir hópmyndum af börnunum ásamt starfsfólki og voru myndirnar seldar til styrktar foreldrafélaginu. Í lok skólaárs 2021 kvaddi María Sighvatsdóttir, leikskólastjóri, Vinagarð eftir margra ára farsælt starf. Foreldrafélagið þakkaði henni kærlega fyrir frábært samstarf með kveðjugjöf. Foreldrafélagið greiddi fyrir rútur þegar börn, foreldrar og starfsfólk fóru í dagsferð í Vatnaskóg í október. Þá voru keyptir fimm snjallsímar, einn fyrir hverja deild, til að auðvelda kennurum að taka og deila myndum af börnunum. Í nóvember kom Maxímús Músíkús og skemmti börnunum. Undanfarin ár hefur foreldrafélagið tekið þátt í jólaballi leikskólans með því að vera með veitingar og panta jólasveina. Í ár var jólaballið með breyttu sniði, en sökum samkomutakmarkana var foreldrum ekki unnt að taka þátt. Foreldrafélagið ákvað því að fara með veitingar í leikskólann á aðventunni og fengu kennarar bakkelsi og börnin mandarínur. Jólasveinar voru svo fengnir til að gleðja börnin utandyra þar sem sóttvarnir voru teknar alvarlega. Árinu lauk hjá foreldrafélaginu með jólagjöfum bæði til kennara og barna.

Lokaorð

Leikskólinn er mikilvægt skólastig þar sem í gegnum leikinn er grunnur lagður að þroska og lífsgildum yngstu barnanna. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika eru gott veganesti inn í framtíð þar sem allt er breytingum háð. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólki hans fyrir framúrskarandi störf á árinu og fyrir að hafa skapað börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að fylgjast áfram með þróun leikskólastarfsins í Vinagarði.

MATTHILDUR BJARNADÓTTIR
RITARI STJÓRNAR VINAGARÐS



20. VINASETRIÐ Í KALDÁRSELI

Vinasetrið er samfélagslegt velferðarverkefni sem rekur helgardvöl fyrir börn í sumarbúðum KFUM og KFUK í Kaldárseli. Vinasetrið hefur verið starfrækt frá árinu 2012 fyrst í Ásbrú í Reykjanesbæ en hefur verið síðustu 5 ár í Kaldárseli í Hafnarfirði. Kaldársel (KFUM og KFUK) er eigandi Vinasetursins. Gildi Vinasetursins eru gleði, traust og nánd.

Börnin sem koma í helgardvöl í Vinasetrinu eru á aldrinum 6-13 ára en þeim skipti eftir aldri á helgarnar. Félagsþjónustur Sveitarfélaganna sækja um pláss fyrir börnin sem flest eiga það sameiginlegt að hafa þörf fyrir stuðningsfjölskyldu. Það er greitt fyrir hvert barn sem samsvarar stuðningsforeldra launum.

Í dag starfa um 12 helgarstarfsmenn í Vinasetrinu auk framkvæmdarátjóra í fullu starfi. Í starfsmannahópnum er fólk með marvíslega menntun og reynslu en flestir starfsmenn eru með háskólamenntun í uppeldis, félags- og heilbrigðisvísindum. Lagt er áherslu á að starfsmenn séu með hreina sakaskrá og reynslu í að starfa með börnum sem glíma við félagslegar áskoranir. Á hverri helgi starfa um 6-7 manns í þéttnu starfsteymi. Á síðasta ári komu til okkar um 140 börn og er kynjahlutfallið nokkuð jafnt.

Við leggjum mikla áherslu á að Vinasetrið sé hlýlegur og vinalægur staður þar sem börn fái að njóta sín á eigin forsendum og þeim mætt þar sem þau eru stödd af hlýju og áhuga. Við viljum meina að Vinasetrið sé svolítið eins og að fara í stóran bústað með fullt af skemmtilegum og góðum vinum. Við erum ekki með stífa dagskrá en ákveðin ramma og rútínu og alltaf nóg að gera, hvort sem það er að fönndra, listsköpun, leikur, útivist eða sundferðir.

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir hefur verið starfandi framkvæmdarstjóri Vinasetursins frá því að Vinasetrið tók til starfa í Kaldárseli. Hún er löggiltur félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi. Hún hefur unnið með börnum og ungmennum með sérþarfir bæði innan skólakerfisins og í vistunar- og búsetuúrræðum í rúmlega 20 ár.







KFUM
KFUK

Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir anda minn! -segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)